


skoðun 16


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Skólar og námskeið











# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

ÞRIÐJUDAGUR

18. maí 2010 — 115. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Fyrsta æfing gekk vel

*Hera Björk og íslenski Eurovision-hópurinn vekja athygli í Osló.*

fólk 34



## Sláandi niðurstöður

*Kristín Bergsdóttir rannsakaði dauðsföll af völdum ofbeldis og slysa.*

tímamót 20

## Baráttustig hjá ÍBV



*Tíu Eyjamenn nældu í stig gegn Val og Keflavík vann í Grindavík.*

íþróttir 30

## veðrið í dag




**HLÝNAR HELDUR** norðanlands í dag. Það verður fremur hægur vindur á landinu og víða þurrt en þó gæti orðið lítilsháttar væta sunnanlands og þar fer að rigna undir kvöld.

veður 4

# Háskólastarfi stefnt í hættu

**Gangi niðurskurðarhugmyndir í menntamálum eftir getur þjóðin setið uppi með sjö laskaða háskóla, segir forseti heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Framlög til háskólanna hér eru þau lægstu á öllum Norðurlöndunum.**

**MENNTAMÁL** Sigurður Guðmundsson, forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og fyrrverandi landlæknir, telur að gangi niðurskurðarhugmyndir stjórnvalda í menntamálum eftir muni Háskóli Íslands verða færður áratugi aftur í tímann hvað varðar gæði kennslu og rannsókna.

Sigurður gengur reyndar svo langt að segja að þjóðin muni sitja uppi með sjö veika háskóla að óbreyttu. Hann segir hagræðingu með sameiningu eða víðtæku samstarfi háskólanna borðleggjandi lausn í því árferði sem nú ríki hér á landi. „Þetta er staðreynd sem allir veigra sér við að segja upphátt. Fjölgun háskólanna var tilraun sem ég tel að hafi mistekist“, segir Sigurður.

Fyrir liggur að hagræða þarf um 40 milljarða hjá ríkinu. Fjárframlög til háskólanna gætu verði skorin niður um 15 til 30 prósent til ársins 2013 miðað við fjárlög ársins 2010. „Ef HÍ, þar sem ég þekki best til, verður skorinn svo grimmilega niður á nokkrum árum verður það ekki sami skólinn og hann er núna.“

Sigurður telur rannsóknir og kennslu við HÍ góða, sama hvaða mælikvarðar séu notaðir við slíkt mat. Það sýni jafnframt úttektir Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD). Hann bendir á að það taki aðeins augnablik að rífa það niður sem fagfólk háskólans hefur byggt upp á 100 árum en áratugi taki að vinna það aftur til baka.

„Við erum mörg jafnframt þeirrar skoðunar að það séu engin rök fyrir því, jafnvel í góðæri, að kenna lögfræði í fjórum skólum, viðskiptafræði í þremur og verkfræði í tveim skólum. Þjóð sem telur rúmlega 300 þúsund manns hefur líklega ekkert með sjö háskóla að gera.“ Sigurður telur að besta leiðin sé sameining skólanna eða víðtækt samstarf; undan því verði ekki vikist. Faglega verði þannig hægt að halda úti öflugri kennslu og rannsóknum.

Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst, sem lætur af störfum í sumar, er Sigurði ósammála hvað varðar sameiningu háskólanna. Hann segir að sérhæfing allra skólanna sé með þeim hætti að hún réttlæti rekstur þeirra í óbreyttri mynd. Hins vegar sé það umhugsunarefni að opinber framlög til háskólastigsins sem hlutfall af landsframleiðslu séu mun lægri á Íslandi en á Norðurlöndunum, eða sem nemur 35 til 65 prósentum. **-shá**




ÚR MYNDASAFNI

**ÍSLENSK MÓTMÆLI Í SIMPSONS** National Bank of Iceland á undir högg að sækja í nýjasta þættinum um Simpson-fjölskylduna.

Landsbankinn í Simpsons:

# Hómer flækist í bankahrunið

**FÓLK** Landsbankinn og bálreiðir íslenskir mótmælendur eru viðfangsefni nýjasta þáttar Simpson-fjölskyldunnar, sem sýndur var í Bandaríkjunum á sunnudagskvöld.

Um 6,3 milljónir Bandaríkjamanna horfðu á þáttinn. Í þættinum sést hópur Íslendinga brjóta sér leið inn í „The National Bank of Iceland“ sem er nafn Landsbankans á ensku. Á mótmælaspjöldunum má meðal annars sjá strikað yfir IMF eða Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og svo illskiljanlegar setningar á borð við „Neitun Hómer“, „Við vilja okkar peningar!“ og „Segna upp nú“.

Þættirnir um Simpson-fjölskylduna eru farsælustu sjónvarpsþættir allra tíma. Engir þættir hafa jafn lengi verið sýndir á besta tíma í Bandaríkjunum. Fyrsti þátturinn fór í loftið 17. desember árið 1989.

**- afb, fgg /** **sjá síðu 34**






Hreiðar Már Sigurðsson og Ingólfur Helgason lausir úr gæsluvarðhaldi:

# Fjórir úrskurðaðir í farbann

**LÖGREGLUMÁL** Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, og Ingólfur Helgason, fyrrverandi bankastjóri Kaupþings á Íslandi, voru leystir úr gæsluvarðhaldi í gær. Að óbreyttu hefði úrskurður um gæsluvarðhald þeirra átt að renna út í dag.

Hreiðar Már og Ingólfur voru báðir úrskurðaðir í farbann til 27. maí næstkomandi. Hreiðar hefur kært farbannið til Hæstaréttar.

„Rannsóknarhagsmunir stóðu ekki til þess að hafa þá lengur í gæsluvarðhaldi,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari. Því hafi ekki verið óskað eftir framlengingu á því.

Hreiðar var upphaflega úrskurðaður í tólf daga varðhald en Ingólfur, sem handtekinn var við komuna til landsins í síðustu viku, sat inni í viku.

Magnús Guðmundsson, fyrrverandi bankastjóri Kaupþings í Lúxemborg og Steingrímur P. Kárason, fyrrverandi framkvæmdastjóri áhættustýringar Kaupþings eru sömuleiðis í farbanni.

Sérstakur saksóknari segir að þótt gæsluvarðhaldið hafi ekki verið framlengt sé málinu hvergi nærri lokið.

Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, hefur enn ekki verið yfirheyrður. **-jab**







## SPURNING DAGSINS



*Nana, verður rafmagnað andrúmsloft í rútunni?*

„Já, og það skilar sér vonandi í miklu stuði á tónleikum.“

Hljómsveitirnar Elektra og Dalton fara saman í tónleikaferðalag um landið í sumar. Nana Alfreðsdóttir er söngkona Elektru.

Þrír menn í haldi lögreglunnar grunaðir um aðild að umfangsmiklu fíkniefnamáli:

# Sigldu í höfn á laskaðri skútu

**LÖGREGLUMÁL** Þrír hollenskir karlmenn eru í haldi lögreglu vegna gruns um aðild að fíkniefnasmygli. Þeir voru yfirheyrðir í gær. Rannsóknin er unnin í samvinnu við lögregluyfirvöld í Hollandi í tengslum við haldlagningu á þremur tonnum af marijúana þar í landi, að því er segir í tilkynningu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Aðgerðin er víðtæk og koma að henni auk hollensku lögreglunnar lögreglu- og tollayfirvöld á Austurlandi auk lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, embætti ríkislögreglustjóra og tollstjóraembættið.



**FRÁ SEYÐISFIRÐI** Þrír hollenskir karlmenn sigldu laskaðri skútu í höfn á Seyðisfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mennirnir komu á laskaðri skútu til Seyðisfjarðar á laugardag. Skútan er talsvert löskuð, aftara mastrið bogið og önnur hlið hennar rispuð.

Hundar leituðu í skútunni og kafarar í höfninni. Þá voru tekin sýni af málningu á einni hlið skútunnar í þeim tilgangi að skera úr um hvort hún hafi lagst að öðrum skipum til að afhenda eða taka á móti smyglvarningi.

Ekki er vitað hvort og hvaða efni fundust í skútunni.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, vildi ekkert tjá sig um málið að svo stöddu. - jab

Kanadísk rannsókn:

# Börn sem ljúga eru greindari

**KANADA Börn sem búa yfir hæfileikanum til að ljúga á unga aldri eru greindari og líklegri til að farnast vel í lífinu en hin sem hafa ekki þennan hæfileika.**

**Þetta er niðurstaða kanadískrar rannsóknar á börnum frá tveggja til sautján ára. Hin flókni hugrenningatengsl sem fólgin eru í því að geta logið bera vitni um ákveðinn þroska. Samkvæmt könnuninni gátu aðeins tuttugu prósent tveggja ára barna logið en við fjögurra ára aldur var þetta hlutfall komið í 90 prósent.** - th

Nemendur í Mótun:

# Hanna postulínsmuni fyrir Kahla

**MENNTAMÁL** Nemendur í mótun við Myndlistaskólann í Reykjavík heimsóttu postulínsverksmiðjur í Þýskalandi á námskeiðinu Tilraunastofan postulín nú í vor. Heimsóknin leiddi af sér samstarfsverkefni við postulínsverksmiðjuna Kahla en á lokaönn tveggja ára náms í mótun munu nemendur hanna postulínsmuni fyrir verksmiðjuna.



**BRYNHILDUR PÁLSDÓTTIR**

„Tveir nemendur verða síðan valdir í framhaldinu til að vinna prótótýpur á módelverkstæði verksmiðjunnar,“ segir Brynhildur Pálsdóttir vöruhönnuður, annar kennara námskeiðsins.

- rat / sjá Skólar og námskeið



**VESTMANNAEYJA-ÞÓR** Björgunarskip Landsbjargar eru fjórtán talsins og um borð er sami búnaður og finna má í sjúkrabíl. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# Askan getur hindrað alla sjúkraflutninga

**Öryggismál í Vestmannaeyjum þarf að skoða í samhengi við eldgosið í Eyjafjallajökli. Öskufall getur sett alla sjúkraflutninga í uppnám, hvort sem það er í lofti eða á sjó. Fjölmenn mannamót í sumar þarf að skoða í þessu ljósi.**

**ÖRYGGISMÁL** Vegna öskufalls kom sú staða upp í Vestmannaeyjum um helgina að erfitt eða ómögulegt hefði verið að koma veikum eða slösuðum undir læknishendur utan eyjanna. Sjúkraflug, hvort sem er með flugvél eða þyrlu, var óhugsandi vegna öskufallsins og vafasamt að fara sjóleiðina.

Adolf Þórsson, formaður Björgunarfélags Vestmannaeyja, segir að öskumökkurinn hafi verið svo þykkur klukkutímum saman um helgina að hann hefði hæglega getað drepið á vélum skipa á leiðinni á milli lands og Eyja. „Þetta á líka við um björgunarskipið okkar, eins og önnur skip sem koma til greina. Það breytir því ekki að ef um líf og dauða er að tefla þá beitum við bátnum. Þá er hins vegar hætta á því að báturinn verði vélarvana á leiðinni.“

Adolf útskýrir að ef askan, í miklu magni, berist inn í vélar bátanna í gegnum loftinntakið geti drepist á þeim. Vandinn sé einnig víðtækari en sjúkraflutningarnir einir, því björgunarskip björgunarfélagsins þjóni í fimmtíu mílna radíus í kringum Vestmannaeyjar og geti sett strik í reikninginn ef að skip er í nauðum statt innan þess svæðis. „Við teljum að hættan sé ekki mikil á að þessar aðstæður komi upp. Hins vegar má segja að á föstudaginn hafi þetta átt við sem er óþægileg tilhugsun. Eins að við gætum búið við þessa hættu næstu mánuði, eins og sérfræðingar hafa þrákfaldlega bent á.“



**ADOLF ÞÓRISSON**

Gunnar K. Gunnarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja, segir öskufallið um helgina setja öryggismál í Vestmannaeyjum í nýtt samhengi. Niðurskurður til stofnunarinnar hafi, og muni á næstunni óumflýjanlega hafa, þau áhrif að meiri þörf verði á því að flytja veika og slasaða frá Eyjum til aðhlynningar.

„Það er engin spurning að það er viðbótarhætta sem myndast í þessu ástandi og er verulegt áhyggjuefni,“ segir Gunnar. Hann segir að nýja stöðu vegna eldgossins verði að skoða í samhengi við sjúkraflug til og frá Vestmannaeyjum. Nú sé flugið skipulagt frá landi en ráðuneytið hafi við útboð sjúkraflutninga fallist á þau rök í tvígang að flugvél þurfi að vera staðsett í Eyjum. „Þetta þarf að hafa í huga fyrir sumarið. Við tökum á móti þúsundum gesta í tengslum við Þjóðhátíð og íþróttamót barna og unglinga. Þá er ekkert vit í öðru en að flugvélin sé staðsett hérna. Við höfum bent á þetta ítrekað en það er ekkert frágengið“, segir Gunnar. svavar@frettabladid.is

Könnun MMR í borginni:

# Besti með sex borgarfulltrúa

**KÖNNUN** „Það gleður mig mjög að Reykvíkingar skuli falast eftir kröftum mínum sem og annarra frambjóðenda Besta flokksins. Ég tel mig eiga fullt erindi í borgarstjórn með reynslu mína og framtíðarsýn á skemmtilega Reykjavík í huga,“ segir Eva Einarsdóttir, sem skipar sjötta sætið á lista Besta flokksins. Flokkurinn er orðinn sá stærsti í borginni, með 35,7 prósent fylgi, samkvæmt skoðanakönnun sem MMR gerði fyrir Sjálfstæðisflokkinn í síðustu viku. Samkvæmt könnuninni fengi Sjálfstæðisflokkurinn 30,9 prósent og fimm borgarfulltrúa kjörna, Samfylkingin 17,9 prósent og þrjá fulltrúa en Vinstri græn 6,7 prósent og einn mann kjörinn. Samkvæmt könnuninni næðu Framsóknarflokkur og önnur framboð ekki inn manni. - kh



**EVA EINARSDÓTTIR**

Breskur dómstóll úrskurðar:

# Ekki verkfall hjá Birtish Airways

**BRETLAND Breskur dómstóll hefur úrskurðað að verkfall starfsmanna British Airways, sem átti að hefjast í gærkvöldi, væri ólöglegt. Verkalýðsfélag starfsmannanna hefur áfrýjað.**

**Flugfreyjur og flugþjónar hafa átt í kjaradeilum við stjórnendur British Airways í vetur. Deilan snýst um laun og það sem starfsmenn kalla bága starfsaðstöðu. Í marsmánuði fóru starfsmennirnir tvisvar í verkföll sem engu skiluðu. Höfðu starfsmennirnir boðað fjögur fimm daga verkföll í maí og júní og átti það fyrsta að hefjast í gærkvöldi.** - th

Detroit í Bandaríkjunum:

# Lögreglan skaut sjö ára stúlku

**BANDARÍKIN** Sjö ára gömul stúlka var skotinn til bana af lögreglumanni í Detroit í Bandaríkjunum á sunnudaginn. Málið hefur vakið mikinn óhug í Bandaríkjunum.

Lögreglan í Detroit réðst inn á heimili hinnar sjö ára gömlu Aliyana Jones í leit að manni sem hafði myrt sautján ára gamla stúlku á föstudaginn. Taldi lögreglan að maðurinn væri í felum inni á heimilinu. Hvað nákvæmlega gerðist inni á heimilinu er óljóst en talið er að til átaka hafi komið á milli móður litlu stúlkunnar og lögreglunnar sem enduðu með því að einn lögreglumannanna hleypti af skoti sem hæfði stúlkuna. -th




Verkjastillandi og bólgueyðandi!

Voltaren

*Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg*

***Fæst án lyfseðils***

Voltaren Gel® (Díklófenaktvíetýlamín 11,6 mg/g) er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu útvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávísunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Voltaren Gel® er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.


Kröfuhafar eins stærsta iðnfyrirtækis landsins fara fram á gjaldþrotaskipti:

# Flestir studdu nauðasamning

**VIÐSKIPTI** Stjórn iðnfyrirtækisins BM Vallár lagði fram beiðni um gjaldþrotaskipti í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær og verður fyrirtækið úrskurðað gjaldþrota í dag.

Fyrirtækið fékk heimild til greiðslustöðvunar í byrjun febrúar og tók við fjárhagsleg endurskipulagning og nauðasamningar í samstarfi við lánardrottna. Á meðal nauðasamninga var fjármögnun BM Vallár með skuldabréfaútboði sem stjórnendur höfðu unnið að og kynnt fagfjárfestum. Eftir því sem næst verður komist gekk erfiðlega að fá fjárfesta að borðinu.

Víglundur Þorsteinsson, fráfarandi stjórnarformaður BM Vallár, segir stjórnendur hafa óskað eftir lengri tíma til nauðasamninga. Hann segir Landsbankann og fjármögnunarfyrirtækið Lýsingu hafa verið fylgjandi því. Fulltrúar Arion banka hafi hins vegar verið því mótfallnir og krafist gjaldþrots. „Í öllum okkar samskiptum hafa þeir ekki ástundað fagleg vinnubrögð, stundum ekki kynnt sér upplýsingar sem þeir höfðu fengið og aðrir aðilar á fundum okkar kynnt sér rækilega,“ segir Víglundur, sem tilkynnti starfsfólki BM Vallár stöðuna í hádeginu í gær. - jab



**VÍGLUNDUR** Fráfarandi stjórnarformaður BM Vallár, hér til vinstri, segir Arion banka ekki hafa kynnt sér nauðasamninga fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Skuldsett félag

BM Vallá skuldaði Kaupþingi 62 milljónir evra, jafnvirði um tíu milljarða króna, skömmu fyrir fall bankans árið 2008. Fram kemur í lánabók Kaupþings, sem Wikileaks birti á netinu, að BM Vallá hafi þá þegar verið mjög skuldsett. Veð á móti skuldum hafi numið 82 milljónum evra. Arion banki er langstærsti kröfuhafi BM Vallár en Landsbankinn og Lýsing koma þar á eftir.

# FRÁBÆRT VERÐ

## á heimilistækjum

Við erum öll með 5 ára ábyrgð!

Electrolux
5 ára ábyrgð




Electrolux
Þvottavél
1200 snúninga, tekur 6 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805455

Electrolux
5 ára ábyrgð




Electrolux
Þvottavél
1400 snúninga, tekur 7 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805446

Electrolux
5 ára ábyrgð




Electrolux
Þvottavél
1600 snúninga, tekur 7 kg.
Orkunýting A+, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805453

Electrolux
5 ára ábyrgð




Þurrkari
Barkalaus m/rakaþétti,
tekur 6 kg af blautum
þvotti, krumpuvörn
1805461




Kælir/frystir
Frigor.
orkunýting A.
kælir 171 ltr.
frystir 41 ltr
142x58x55 sm
1805498

Frigor




Kælir/frystir
Frigor.
orkunýting A.
kælir 103 ltr.
frystir 15 ltr
84.5x57.6x55 sm
1805500

Electrolux
5 ára ábyrgð




Uppþvottavél
12 manna, orkunýting A, þvotthæfni A,
þurrkhæfni A. Hljóðlát.
1805331




Ömmustöng
Charisma með
handbrúsu.
8016115




Blöndunartæki
Winny, einnarhandar.
7900011

EMMEVI
ÍTÖLSK GÆÐI




Eldhús-
blöndunartæki
Winny, einnarhandar.
7900010




Sturtutæki
Hitastýrt.
7900030

Látum verkin tala!

Komdu og skoðaðu úrvalið!

HÚSASMIÐJAN

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**GENGIÐ 17.05.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 131,94 | 132,56 |
| Sterlingspund | 190,11 | 191,03 |
| Evra | 162,5 | 163,4 |
| Dönsk króna | 21,837 | 21,965 |
| Norsk króna | 21,1 | 21,224 |
| Sænsk króna | 16,888 | 16,986 |
| Japanskt jen | 1,4256 | 1,434 |
| SDR | 193,33 | 194,49 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
209,1796

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þingflokkur Vg ítrekar að allar auðlindir eigi að vera sameign þjóðarinnar:

# Rannsaka þurfi allt söluferlið á HS orku

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs ítrekar, í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gærkvöldi, þá grundvallarstefnu sína að allar auðlindir þjóðarinnar eigi að vera sameign hennar.

Þingflokkurinn beinir því til ríkisstjórnarinnar að skoða alla möguleika til að vinda ofan af einkavæðingu HS Orku og tryggja orkuauðlindirnar og orkufyrirtækin varanlega í almannaeign. Þá telur þingflokkurinn fulla þörf á að rannsaka allt ferlið í kringum söluna á HS orku

Í yfirlýsingunni er sagt að aðdraganda kaupa Magma Energy á hlut Geysis Green Energy megi rekja til ákvörðunar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar árið 2007 um sölu á 15,2 prósenta hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja. Opinberum aðilum hafi verið meinað að bjóða í þann hlut.

Þingflokkur Vinstri grænna telur óviðunandi að HS orka, þriðja stærsta orkufyrirtæki landsins, fari undir yfirráð erlends einkafyrirtækis, eins og segir í yfirlýsingunni. Þá er minnt á að allir flokkar á Alþingi, aðrir en Sjálfstæðisflokkurinn, studdu stjórnarskrárbreytingu fyrir síðustu Alþingiskosningar þess efnis að allar auðlindir yrðu þjóðareign. Þingflokkurinn væntir því víðtæks stuðnings við þessa stefnu og nauðsynlegar aðgerðir til þess að framfylgja henni og er sannfærður um víðtækan stuðning þjóðarinnar í því efni. - kh



**ÞINGFLOKKUR VG** Flokkurinn ítrekar þá stefnu sína að allar auðlindir þjóðarinnar eigi að vera sameign hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Grindavíkurbær:

## Kaupir umdeilt land af HS orku

**ORKUMÁL** Grindavíkurbær keypti í gær 63 hektara land og jarðhitaréttindi í Svartsengi af HS Orku hf. fyrir 447 milljónir króna. Bærinn hefur jafnframt gert hagnýtingarsamning um náttúruauðlindir á svæðinu við fyrirtækið sem í staðinn greiðir auðlindagjald til bæjarins.

Í júlí 2009 keypti Reykjanesbær landspildu í Svartsengi af HS Orku hf. Eftir þríhliða viðræður HS Orku, Reykjanesbæjar og Grindavíkurbæjar ganga þessir samningar til baka. Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Grindavíkur.

Þingmenn Hreyfingarinnar:

## Mótmæla sölu

**STJÓRNMÁL Þingmenn Hreyfingarinnar mótmæla harðlega vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar sem leitt hafa til sölu á mikilvægustu auðlind þjóðarinnar úr landi, að því er segir í yfirlýsingu. Þar er fulltrúi Samfylkingarinnar í nefnd um erlenda fjárfestingu sakaður um að hafa beitt sér harðast allra fyrir sölu HS Orku til skúffufyrirtækisins Magma Energy. Sú niðurstaða hafi með þegjandi samþykki Vg leitt til þess að orkuauðlindir Suðurnesja verði nýttar af erlendu gervifyrirtæki meira en mannsaldur fram í tímann og arðurinn hverfi úr landi í stað þess að nýtast þjóðinni.**

**LEIÐRÉTTING**

Í fréttaskýringu um sveitarstjórnarmál í Vestmannaeyjum á laugardaginn var sagt að Framsóknarflokkurinn hafi boðið fram í samstarfi við V-listann í síðustu tvennum kosningum. Það er ekki rétt. Framsókn og óháðir buðu fram sér 2002, en buðu ekki fram 2006.

# Stjórnvöld vilja stytta leigutíma Magma á auðlindum

**Geysir Green Energy hefur selt hlut sinn í HS Orku til Magma Energy. Fjárfestingar fyrirtækisins verða á fjórða tug milljarða króna. Iðnaðarráðherra á í samningaviðræðum um að stytta leigutíma Magma í 40 ár.**

**ORKUMÁL** Kanadíska fyrirtækið Magma Energy hefur eignast 98,53 prósenta hlut í HS Orku. Sænskt dótturfélag þess keypti hlut Geysis Green Energy í fyrirtækinu. Stjórnvöld höfðu óskað eindregið eftir því að beðið væri með undirskrift þar til eftir ríkisstjórnarfund í dag, ekki var orðið við þeirri ósk.



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**

Með kaupunum leigir fyrirtækið afnotarétt á orkuauðlindum á svæðinu. Hámarksleigutími er 65 ár. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra hitti forsvarsmenn fyrirtækisins í gær og ræddi við þá um að stytta þann leigutíma í 40 ár. Hún sagðist vongóð um að það næðist í gegn, jafnvel í dag. Katrín segir að einnig sé verið að ræða um að ríkið fái forkaupsrétt á bréfunum og Magma hafi tekið vel í það. Hún segir mikilvægt að ná þessum hlutum í gegn.

Hvað varðar gagnrýni á að afnotaréttur auðlinda sé kominn í eigu erlendra aðila, segir Katrín að ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks hafi staðið að einkavæðingu HS Orku á sínum tíma. Fyrirtækið sé að fara úr eigu einkaaðila til annars einkaaðila. Þjóðernið sé ekki aðalatriðið.

„Ef auðlindirnar eru tryggðar og þjóðin fær rentur fyrir sínar auðlindir og nýtur verðmætanna sem þær skapa, þá er þjóðerni framleiðandans ekki aðalatriðið fyrir mér."

Kaupverðið á hlutnum var 16 milljarðar króna sem greiðast með reiðufé og yfirtöku skuldabréfa. Hluti greiðslunnar getur verið í formi hlutabréfa í kanadíska móðurfélaginu. Alexander K. Guðmundsson, forstjóri Geysis Green Energy, segir að hlutur reiðufjár í kaupverðinu sé að lágmarki 80 prósent, en geti jafnvel verið kaupverðið að fullu. Hann segir ekki um það að ræða að seljandi láni kaupandanum fyrir hluta kaupverðsins, en sú var raunin þegar Magma keypti hlut í HS Orku af Orkuveitunni.



**KAUPIN KYNNT** Kanadíska fyrirtækið Magma á nú tæp 99 prósent í HS Orku. Ross Beatty forstjóri situr fyrir miðju. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HS orka og HS veita**

Hitaveitu Suðurnesja var skipt upp í tvö fyrirtæki, HS orku og HS veitu, samkvæmt lögum frá Alþingi. Magma á nú 98,53% í HS orku, en afgangurinn er í eigu sveitarfélaganna Garðs, Grindavíkur, Reykjanesbæjar og Voga.

HS orka framleiðir orku og eigur þess samanstanda af orkuverunum í Svartsengi og á Reykjanesi, auk stofnæðar og geymslutanka. HS orka selur HS veitu orku, sem dreifir henni til sveitarfélaganna. Sveitarfélögin eiga auðlindirnar. Auk þess selur fyrirtækið rafmagn til álvers Norðuráls, sem Landsnet dreifir. Fyrirtækið hefur framtíðaráform um nýtingu orku á Reykjanesskaga.

Ross J. Beatty, forstjóri Magma, segir að með þessum kaupum nemi heildarfjárfesting Magma í íslensku atvinnulífi rúmum 32 milljörðum króna. Hann segir fyrirtækið hugsa kaupin sem fjárfestingu til framtíðar, mörg ár líði þar til hún skili hagnaði. Þá sagði hann fyrirtækið vera til viðræðu um styttri leigutíma og að ríkið fengi forkaupsrétt.

Í samtali við Stöð 2 sagði hann að almennt væri orkuverð til stóriðju allt of lágt hér á landi. Fyrirtækið myndi jafnvel hækka verð.

Ásgeir Margeirsson, forstjóri Magma á Íslandi, sagði fyrirtækið hyggja á nýtingu orku á Reykjanesskaga og nefndi ýmsa starfsemi í því efni, svo sem álver í Helguvík, stækkun álvers í Straumsvík og gagnaver. Hann sagði ýmsar boranir fyrirhugaðar, fengjust fyrir þeim leyfi. Kaupin væru hins vegar á engan hátt háð þeim framkvæmdum.

kolbeinn@frettabladid.is




**VEÐURSPÁ**



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**ÞURRT AÐ MESTU** Það verður þurrt að mestu á landinu fram eftir degi en undir kvöld fer að rigna sunnanlands. Það ganga skil með tilheyrandi úrkomu yfir landið í nótt en á morgun verður úrkomusvæðið líklega komið norður fyrir land og þá fylgir skúraveður í kjölfarið.



**Á MORGUN** Sums staðar strekkingur um tíma.

**FIMMTUDAGUR** Hæg suðlæg eða breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 18° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 16° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 18° |
| París | 19° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

# TAKTU SKREFIÐ



## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

- kynningarfundur 19. maí

klukkan 17:15 að Dunhaga 7

## NÁMSBRAUTIR SEM HEFJAST Í HAUST:

Einnig í fjarnámi **LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI**

**GÆÐASTJÓRNUN**

**MATSFRÆÐI**

**PEDAGOGISTA**

**HUGVERKARÉTTUR**

**VERKEFNASTJÓRNUN – LEIÐTOGAÞJÁLFUN**

Umsagnir fyrrum nemenda:

„Eitt það besta við nám í Endurmenntun er að einungis er tekið fyrir eitt fag í einu og það klárað áður en næsta fag hefst. Ekki skemmir að andinn hjá Endurmenntun er frábær hvort sem er hjá nemendum eða starfsmönnum sem maður þarf að leita til."

**Laufey Sigurðardóttir, útskrifuð úr Gæðastjórnun**

„Námið fór langt fram úr mínum væntingum. Kennarar voru í fremstu röð íslenskra fræðimanna og mátti glögglega sjá að þar var valið af kostgæfni."

**Íris Sveinsdóttir, útskrifuð úr Leiðsögunámi á háskólastigi**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar: sími 525 4444

endurmenntun.is

## KJÖRKASSINN



*Ertu ánægð(ur) með störf sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 94,7% |
| NEI | 5,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur eldgosið í Eyjafjallajökli haft einhver bein áhrif á þig?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Sauðfjárflutningar af öskusvæðunum undir Austur-Eyjafjöllum hefjast í dag:

# Flytja þarf mörg þúsund fjár af öskusvæðum

**BÚFJÁRHALD** Fyrstu kindurnar verða fluttar af öskufallssvæðunum undir Austur-Eyjafjöllum á beitarsvæði innan varnarlínu í dag. Að sögn Hermanns Árnasonar, starfsmanns hjá Búnaðarsambandi Suðurlands, verða á annað hundrað lambær fluttar á jörðina Þverá í Skaftárhreppi.

„Sauðfjárbændur ætla að reyna að þrauka eins lengi og þeir geta,“ segir Hermann. „Óvissan er hins vegar mjög mikil. Þó er ljóst að á svæðunum undir Eyjafjöllum sem verst hafa orðið úti af völdum öskufallsins er fátt annað í stöðunni en að flytja féð. Það er búið með haglendið þar í sumar. Það er því alveg ljóst að það mun koma til frekari fjárflutninga, þótt einhverjir treysti sér til að hafa féð í heimahögum. Spurningin er bara hversu mörg þúsund þarf að flytja. Hins vegar fjara möguleikar manna til að hafa féð heima við út með hverri öskusgusunni sem ríður yfir svæðið, þannig að það er nær útilokað að spá um framhaldið. Þetta er svo fljótt að gerast. Fljótt á litið tel ég að fjöldi fullorðins fjár á öskfallssvæðunum sé 6 - 7000.“

Hermann segir æ fleiri bjóða fram land til beitar innan varnarlínu. Framboðið sé orðið meira en hann hafi átt von á. Hjálpsemi fólks sé alveg ótrúleg þegar á reyni.

- jss



**ÖSKUFALL** Öskufallið hefur valdið bændum undir Austur- Eyjafjöllum ómældum skaða.



**STYRKIRNIR AFHENTIR** Vigdís Finnbogadóttir afhenti fulltrúum þriggja verkefna á sviði votlendisverndunar styrki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fyrstu styrkir Auðlindar veittir:

## Þrjú verkefni hlutu styrki

**UMHVERFISMÁL Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, afhenti Fuglavernd, Sigurkarli Stefánssyni og Norræna húsinu fyrstu styrkina úr Auðlind-Náttúrusjóði við athöfn í Þjóðminjasafni Íslands í gær. Styrkirnir runnu allir til verkefna á sviði verndunar og endurheimtar votlendis.**

**Fuglavernd hlaut styrk fyrir verkefnið Votlendisendurheimt – Friðlandið í Flóa, Sigurkarl fyrir endurheimt votlendis í landi Setbergs í Litla-Langadal á Skógar-strönd og Norræna húsið fyrir Friðlandið í Vatnsmýri.**

**Vigdís Finnbogadóttir er verndari Auðlindar. Þröstur Ólafsson er stjórnarformaður sjóðsins og fjallaði um starfsemi hans og stefnumörkun við athöfnina í gær.**

- bs

### SAMGÖNGUR

**1000 flug féllu niður**

Eitt þúsund flug í Evrópu féllu niður í gær vegna eldgossins í Eyjafjallajökli samkvæmt evrópsku flugmálastofnuninni, EUROCONTROL. Töluverð röskun varð á flugi til og frá Íslandi en Icelandair felldi öll síðdegisflug niður. 450 flug féllu niður í fyrradag í Evrópu.

# Krefst 15 milljarða frá fyrrverandi starfsfólki

**Slitastjórn Kaupþings hefur ákveðið að rifta niðurfellingu persónulegra ábyrgða á lánum til 80 fyrrverandi starfsmanna. Á fjórða tug þeirra starfar enn hjá Arion banka. Einnig verður reynt að rifta flutningi skulda yfir í eignarhaldsfélög.**

**VIÐSKIPTI** Slitastjórn Kaupþings hefur krafið um 80 fyrrverandi starfsmenn bankans um endurgreiðslu á samtals fimmtán milljörðum sem þeir fengu að láni til að kaupa bréf í bankanum. Persónulegar ábyrgðir starfsmanna vegna lánanna höfðu verið felldar niður en slitastjórnin hefur nú ákveðið að rifta þeirri ákvörðun. Starfsmennirnir fengu bréf um þetta í gær. Þeir hafa nú níu daga til að greiða skuldir sínar, annars verður þeim stefnt fyrir dómstóla.

Heildarfjárhæð lánanna er 32 milljarðar. Þar af voru 15 milljarðar með persónulegum ábyrgðum, sem voru felldar niður á stjórnarfundi bankans nokkrum dögum fyrir bankahrun, þegar ljóst þótti að fallandi gengi á bréfum bankans setti marga starfsmenn í verulegt fjárhagsvandræði. Af þessum 80 starfsmönnum hlutu um 20 lykilstarfsmenn 90 prósent heildarupphæðarinnar að láni. Þeir hafa allir látið af störfum en hjá Arion banka starfar enn á fjórða tug manna sem fengu lægri upphæðir að láni.

Bankinn fékk síðan lögfræðiálit þess efnis að niðurfellingin væri óriftanleg. „Við fengum álit frá tveimur hæstaréttarlögmönnum sem voru á hinn veginn,“ segir Ólafur Garðarsson, formaður slitastjórnarinnar. „Þegar það er svona vafi þá er ekki annað stætt en að krefjast riftunar og það er síðan dómstóla að ákveða hvort hún gengur í gegn eða ekki.“

Nokkrir starfsmenn fluttu skuldir sínar yfir í einkahlutafélög til að koma sér í var og stendur einnig til að reyna að rifta þeim flutningum. Ólafur segir þó að það verði erfitt að hafi færslan átt sér stað meira en hálfu ári fyrir frestdag, sem var 15. nóvember 2008. Þannig kann Kristján Arason að vera laus allra mála, enda flutti hann skuld sína í félagið 7 hægri í febrúar það ár.

Ólafur segir að slitastjórnin muni leita allra leiða til að endurheimta sem mest fé, en erfitt sé að áætla hversu mikið kunni að fást upp í kröfurnar. Ef starfsfólkið er ekki borgunarmenn fyrir kröfunum er hugsanlegt að gert verði hjá því árangurslaust fjárnám og síðan krafist gjaldþrots yfir starfsmönnunum. „En það er langur vegur þar til taka þarf slíkar ákvarðanir,“ segir Ólafur. stigur@frettabladid.is



**STARFSMENN FUNDA** Fyrrverandi lykilstarfsmenn fá flestir reikning. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR

**Lán Kaupþings til starfsmanna sinna**

| Lán tekin í eigin nafni: | |
|---|---|
| Sigurður Einarsson, stjórnarformaður | 7,8 miljarðar |
| Ingólfur Helgason, forstjóri á Íslandi | 3,5 millarðar |
| Steingrímur P. Kárason, yfirmaður áhættustýringar | 2,3 milljarðar |
| Guðný Arna Sveinsdóttir, yfirmaður fjármála- og rekstrarsviðs | 1,5 milljarðar |
| Þorlákur Runólfsson, yfirmaður einkabankaþjónustu | 1,5 milljarðar |
| Frosti Reyr Rúnarsson, yfirmaður verðbréfamiðlunar | 1,4 milljarðar |
| Bjarki H. Diego, yfirmaður fyrirtækjasviðs | 1,1 milljarður |
| Svali Björgvinsson starfsmannastjóri | 772 milljónir |
| Stefán Ákason, yfirmaður skuldabréfamiðlunar | 707 milljónir |
| Vilhjálmur Vilhjálmsson, yfirmaður eignastýringarsviðs | 558 milljónir |
| Helgi Sigurðsson yfirlögfræðingur | 549 milljónir |
| **Lán flutt í einkahlutafélög eða tekin í nafni félaganna:** | |
| Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri | 5,9 milljarðar |
| Ingvar Vilhjálmsson, yfirmaður markaðsviðskipta | 5,7 milljarðar |
| Hannes Frímann Hrólfsson aðstoðarframkvæmdastjóri | 2,4 milljarðar |
| Kristján Arason, yfirmaður einkabankaþjónustu | 1,8 milljarðar |
| Guðni Níels Aðalsteinsson, yfirmaður fjárstýringar | 1,3 milljarðar |
| Þórarinn Sveinsson, yfirmaður eignastýringar | 907 milljónir |



**OFFICE Á LEIÐINNI** Indverjar kynntu nýjustu afurðir Microsoft í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Office 2010 kemur á markað:

## Kerfið verður án endurgjalds

**TÆKNI** Microsoft hefur gefið fyrirtækjum aðgang að nýjustu útgáfu Office-skrifstofuhugbúnaðarins, Microsoft Office 2010.

Office-pakkinn kemur í verslanir í næsta mánuði. Á sama tíma er gert ráð fyrir að Office Web Apps, sem er vefútgáfa af öllum helstu Office-forritunum sem nota má án endurgjalds, verði í boði fyrir almenning.

Á meðal þekktustu forrita í Office-pakkanum eru ritvinnsluforritið Word og töflureiknirinn Excel. Umfangsmiklar breytingar hafa verið gerðar á Office-pakkanum frá þeim sem kom út árið 2007.

- jab

Námskeið í Lögregluskóla:

## Lögregla æfir forgangsakstur

**LÖGGÆSLA Lögregluskólinn er með sérstakt námskeið þar sem verið er að þjálfa forgangsakstur lögreglu á höfuðborgarsvæðinu um þessar mundir. Næstu daga geta ökumenn átt von á aukinni umferð lögreglubíla í forgangsakstri á höfuðborgarsvæðinu. Því telur Umferðarstofa rétt að nota tækifærið og hvetja ökumenn til að aka ekki á vinstri akrein að óþörfu þar sem fleiri en ein akrein er í sömu átt.**

- jss


# Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

*Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift*




10,2%

ÁRLEG MEÐALÁVÖXTUN*

100% RÍKISTRYGGING

*Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is*

100% afsláttur af upphafsþóknun til 31.05. 2010

ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri I Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 I www.iv.is I iv@iv.is

*Árleg meðalávöxtun frá 15.01.2001 til 30.04.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.




SVEFNSÓFAR
GAFLAR
OG BOTNAR
– íslensk framleiðsla



SAGA, ÞÓR
OG VALHÖLL
Heilsudýnur
á frábæru verði.
Queen rúm með botni
frá kr. **99.900**



MARGIR LITIR



NÝ TILBOÐ
Á SVEFN.IS



FALLEG
SÆNGURVERASETT
Í GJAFAÖSKJU

Chiropractic®
**Amerísku heilsudýnurnar**

Stærstu
Kírópraktorasamtök
heims mæla með
CHIROPRACTIC

STILLANLEG RÚM



IQ-CARE

HEILSUDÝNUR
OG
HEILSUKODDAR
Queen rúm með botni
kr. **179.900**




Svefn & heilsa
★★★★★




**6 mán. vaxtalausar greiðslur**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

www.svefn.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hverjir þurfa lögum samkvæmt að vera með vinnustaðaskírteini?*

2 *Hver segir að alþjóðleg lyfjafyrirtæki kunni að sniðganga Ísland?*

3 *Hver er ríkisendurskoðandi?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Eldgosahrina á Íslandi á 140 ára fresti segja rannsóknir:

# Mikil eldvirkni á Íslandi um þessar mundir

**ELDGOS** Hrina eldgosa í Vatnajökli sem hófst árið 1996 er í samræmi við rannsóknir sem íslenskir vísindamenn gerðu og voru birtar fyrst fyrir rúmum áratug. „Niðurstöður rannsókna á öskulögum í skriðjöklum Vatnajökuls leiddu í ljós að eldgosin söfnuðust í lotur þar sem virknitoppar voru á hér um bil 140 ára fresti," segir Magnús Tumi Guðmundsson prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands sem vann að rannsókninni ásamt Helga Björnssyni jöklafræðingi undir stjórn Guðrúnar Larsen jarðfræðings.



MAGNÚS TUMI GUÐMUNDSSON

Rannsóknin komst í heimsfréttir um helgina þegar haft var eftir Þorvaldi Þórðarsyni, eldfjallafræðingi og prófessor við Edinborgarháskóla, í Times að allt benti til þess að eldvirkni væri að færast í aukana á Íslandi. Magnús Tumi bendir á að vegna þess að Vatnajökulseldstöðvar eru lang virkastar af öllum á Íslandi þá ráði þær sveiflunum í eldgosafjölda á landinu. Eldgosið í Eyjafjallajökli tengist þó ekki virkni í Vatnajökli.

Hins vegar gæti komið upp sú staða að gysi á nokkrum stöðum á Íslandi í einu á næstunni. Páll Einarsson prófessor í jarðeðlisfræði benti á það í Fréttablaðinu á dögunum að Grímsvötn í Vatnajökli væru komin í sömu stöðu og árið 2004 þegar síðast gaus í þeim. Auk þess fari að koma tími á eldgos í Heklu, ef miðað sé við að hún hefur gosið á tíu ára fresti um það bil. Hekla gaus síðast árið 2000. - sbt

## Allra augu á gosinu

Samanlagt hafa á fjórða tug vísindamanna á Íslandi varið undanförnum vikum í að fylgjast með eldgosinu í Eyjafjallajökli segir Magnús Tumi í Háskóla Íslands og á Veðurstofunni. Fólk hafi ýtt öðrum verkum til hliðar. „Fólk hefur ekki talið vinnuna eftir sér enda áhugavert að fylgjast með eldgosi, þó tilfinningarnar í garð svona eldgoss séu auðvitað blendnar vegna tjónsins sem það veldur." Magnús Tumi segir magn öskunnar í gosinu hafa komið á óvart og enn sé ómögulegt að spá um lengd þess.






# Lyfjafyrirtæki þegar hætt að skrá ný lyf

**Stjórnvöld pissa í skóinn með því að krefjast frekari lækkunar á lyfjaverði segir framkvæmdastjóri samtaka framleiðenda frumlyfja. Segir lyfjaverð hér svipað og á hinum Norðurlöndunum. Stjórnvöld geri óraunhæfar kröfur um lækkanir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Farið er að bera á því að lyfjafyrirtæki hætti við að skrá ný lyf á markað hér á landi þar sem stjórnvöld voru ekki tilbúin til að borga sambærilegt verð og fæst fyrir lyfin á hinum Norðurlöndunum, segir Jakob Falur Garðarsson, framkvæmdastjóri Frumtaka, samtaka framleiðenda frumlyfja.



JAKOB FALUR GARÐARSSON

Fram kom í máli framkvæmdastjóra hjá lyfjarisanum Roche í Fréttablaðinu í gær að fyrirtækið íhugaði alvarlega að hætta að setja ný lyf á markað á Íslandi, og jafnvel að afskrá eldri lyf.

„Heilbrigðisyfirvöld mega ekki gleyma því að það er þegar búið að ganga afar langt í að lækka lyfjakostnað. Að lækka enn meira er eins og að pissa í skóinn sinn. Kostnaðurinn getur lækkað lítillega tímabundið, en á endanum þýðir það aukinn kostnað í heilbrigðiskerfinu þegar sjúklingar hafa ekki lengur aðgang að bestu fáanlegum lyfjum," segir Jakob.

Hann mótmælir þeirri fullyrðingu Álfheiðar Ingadóttur heilbrigðisráðherra í Fréttablaðinu í gær að krafa íslenskra stjórnvalda sé aðeins að fá að kaupa lyf á sambærilegu verði og á hinum Norðurlöndunum.

Jakob segir lyfjaverð hér á landi, og þá sér í lagi heildsöluverð frumlyfja, hafa verið á sama róli og meðalverð á hinum Norðurlöndunum síðan árið 2006. Það eigi Álfheiður að vita. Krafan virðist vera sú að fá lyfin á lægra verði en nágrannalöndin, sem gangi augljóslega ekki upp.



**APÓTEK** Smásöluverð á fjórutíu algengum lyfjum var að meðaltali um 6,5 prósentum lægra hér á landi en á hinum Norðurlöndunum samkvæmt verðsamanburði Lyfjagreiðslunefndar.

Í verðsamanburði Lyfjagreiðslunefndar frá því í febrúar síðastliðnum er tekið saman smásöluverð fjörutíu lyfja hér og á hinum Norðurlöndunum. Lyfin eru yfirleitt um eða undir meðalverði hinna Norðurlandanna samkvæmt samanburðinum.

Meðalverð á lyfjategundunum 40 var 23.310 krónur hér á landi, en meðalverðið á hinum Norðurlöndunum var 24.941 króna. Verðið var því að meðaltali 6,5 prósentum lægra hér á landi.

Jakob segir augljóst að ekki gangi að bjóða upp á lægra verð á Íslandi en í öðrum Evrópuríkjum. Það komi ekki til af því að það muni draga úr hagnaði lyfjaframleiðenda að selja lyfin á lægra verði á 300 þúsund manna markaði en í stórum Evrópuríkjum.

Ástæðan sé sú að Ísland sé ekki eyland í þessum skilningi. Lyfjamarkaðurinn sé alþjóðlegur og fjármagna þurfi kostnaðarsamar rannsóknir. Verð í einu landi hafi sannarlega áhrif í öðrum löndum og engin rök séu fyrir því að verð hér eigi að vera lægra.

brjann@frettabladid.is




ÁRSFUNDUR 2010

Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 27. maí nk., kl. 16:00, á Hilton Reykjavik Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. *„Bankahrunið og lærdómur lífeyrissjóða"*
   Erindi Salvarar Nordal, forstöðumanns Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.
   Kaffihlé
3. Almenn ársfundarstörf
4. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins
5. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og rétthafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík 17. maí 2010
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Ársskýrslu, tillögur til samþykktabreytinga og dagskrá fundarins má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á **www.lifeyrir.is**

Borgartún 30, 105 Reykjavík
Sími 510 5000
mottaka@lifeyrir.is
lifeyrir.is

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn


Jón Ásgeir Jóhannesson segir sig úr stjórn House of Fraser og Iceland Foods:

# Mun verjast af fullum krafti

**VIÐSKIPTI** Jón Ásgeir Jóhannesson sendi frá sér yfirlýsingu vegna afsagna sinna úr stjórnum bresku fyrirtækjanna House of Fraser og Iceland Foods. Þar segir að ákvörðun um afsagnirnar hafi verið tekin í kjölfar málsóknar slitastjórnar Glitnis á hendur Jóni Ásgeiri og fólki sem honum tengist.

„Þessi ákvörðun er tekin með eftirsjá, til að forðast það að félögin verði fyrir óréttmætum skaða á meðan hann [Jón Ásgeir] verst ásökunum Glitnis. Hr. Jóhannesson á engin hlutabréf í félögunum," segir í yfirlýsingunni og bent er á að hann hyggist verjast af fullum krafti gegn hinum fölsku ávirðingum og arétta sakleysi sitt. Hann hyggist sjá sig frekar á meðan á málarekstrinum stendur.

„Þetta er ekki eingöngu að hans frumkvæði, heldur ekki síður vegna þrýstings frá okkur. Við höfum beitt okkar áhrifum í því að Jón Ásgeir gangi úr stjórnum House of Fraser og Iceland," segir Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndar Landsbankans. Skilanefnd bankans á hlut BG Holding, sem áður var í eigu Baugs Group, í House of Fraser og Iceland Foods og sat Jón Ásgeir í stjórnum þeirra í umboði endurskoðunarfyrirtækisins PriceWaterhouseCooper (PWC), sem fer með bú BG Holding fyrir skilanefndina. Páll segir skilanefndina hafa komið því á framfæri við forsvarsmenn PWC að Jón Ásgeir viki úr stjórnum félaganna. „Þetta er ekkert í tengslum við stefnu slitastjórnar Glitnis á hendur honum," að sögn Páls. - sh/-jab



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Jón Ásgeir ætlar að verjast af fullum krafti samkvæmt yfirlýsingu frá honum.

INNRÉTTINGAR & TÆKI

# WALK IN STURTURÝMI



**WF**-12-2C 90x120 cm **142.900**- stgr
Innifalið í verði: Botn m/vatnslás, hitastýrð blöndunartæki, sturtuhlemmur og 3x nuddstútar

til afgreiðslu af lager



**WF**-14-2s 140x90 cm **89.400**- stgr
Innifalið í verði: Botn m/vatnslás



**WF**-12-6C 87,5x120 cm bogadregin **142.900**- stgr
Innifalið í verði: Botn m/vatnslás, hitastýrð blöndunartæki, sturtuhlemmur og 3x nuddstútar



**WF**-12-3 90x120 cm **86.700**- stgr
Innifalið í verði: Botn m/vatnslás



**WF**-12-7 87,2x120 cm bogadregin **89.400**- stgr
Innifalið í verði: Botn m/vatnslás



**WF**-14-2 140x90 cm **77.600** - stgr
Innifalið í verði: Botn m/vatnslás

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR
KRÝSUVÍK
- hjálp til heilbrigðis

**www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Fyrsta rafbílaleigan opnuð í Háskólanum í Reykjavík:

# Ráðherra leigði fyrsta rafbílinn

**SAMGÖNGUR** Rafbílaleiga, fyrir starfsmenn og nemendur Háskólans í Reykjavík, var opnuð í gær í orkutæknistofu skólans. Átakið ber heitið Forskot.

Með rafbílaleigunni verður nemendum og kennurum gert kleift að leigja rafbíla til að sinna óvæntum erindum eða fundum yfir daginn, að því er segir í tilkynningu frá skólanum. Leigan er hluti af rannsóknarverkefni tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík og er markmiðið að kanna forsendur rafvæðingar einkabíla og almenningssamgangna í Reykjavík. Bílarnir eru gerðir af nemendum deildarinnar.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra fékk fyrsta bílinn að láni eftir hádegi í gær og skaust á honum á fund í næsta nágrenni.



**RAFMAGNAÐIR FARSKJÓTAR** Menntamálaráðherra vígði fyrsta bílinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / STÖÐ 2

Endurfætt GM skilar hagnaði:

## Vilja aftur inn á markaðinn

**VIÐSKIPTI** Bandaríski bílaframleiðandinn General Motors (GM) hagnaðist um 865 milljónir dala, jafnvirði 114 milljarða króna, á fyrsta ársfjórðungi. Þetta eru gleðitíðindi í húsi (GM) enda taprekstur litað bækur fyrirtækisins síðustu ár.



**ED WHITACRE**

Viðsnúningurinn skrifast á uppstokkun í rekstri og fjörutíu prósenta meiri tekjur nú en í fyrra. Forveri GM var úrskurðaður gjaldþrota fyrir ári.

Netmiðillinn MarketWatch hefur eftir forstjóranum Ed Whitacre, að næsta skref sé að skrá bílaframleiðandann aftur á hlutabréfamarkað á þessu ári. **- jab**



**KIRKJUBÆJARKLAUSTUR** Kirkjubæjarklaustur er þéttbýliskjarninn í Skaftárhreppi en þar búa 120 manns.

# Lögreglumenn leiða hvor sinn listann

**Oddvitar framboðslistanna í Skaftárhreppi eru lögregluþjónarnir tveir í hreppnum. Spurðir hvort það sé ekki einkennileg staða segjast þeir ekki deila um pólitík í vinnunni. „Við erum fagmenn á okkar sviði.“**

**KOSNINGAR** Oddvitar framboðslistanna tveggja í Skaftárhreppi eru lögregluþjónarnir tveir sem starfa í hreppnum, Guðmundur Ingi Ingason varðstjóri og Þorsteinn Kristinsson lögreglustjóri. „Við erum fagmenn á okkar sviði, það er langt því frá að þessi staða trufli okkur,“ sagði Þorsteinn þegar Fréttablaðið grennslaðist fyrir um málið.

„Þetta er allt í fínu, við ræðum sveitarstjórnarmálin ekkert í vinnunni,“ sagði Guðmundur Ingi, sem reyndar var nýverið fluttur um set tímabundið og starfar nú á vegum ríkislögreglustjóra í þjónustumiðstöðinni í Vík sem sett hefur verið á laggirnar vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.

„Hér eru aðallega Mýrdælingar, kjósendur í öðrum hreppi, þannig að ég get ekki misnotað aðstöðuna neitt,“ segir Guðmundur Ingi og hlær. „En að öllu gamni slepptu þá höfum við unnið nánast allan sólarhringinn síðan gosið hófst og það má segja að kosningarnar hér á þessu svæði séu haldnar í skugga eldgossins.“

Þorsteinn segir áhuga íbúa hreppsins þó hafa vaknað verulega eftir að listarnir urðu klárir 8. maí.

Þorsteinn tekur undir með Guðmundi Inga að mikið sé að gera hjá lögreglunni í tengslum við gosið, þó að stærstur hluti Skaftárhrepps hafi sloppið við öskufall.

Helsta ágreiningsefni framboðslistanna snýst um stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs til vesturs. Listi Þorsteins, Framsýn, er þeirrar skoðunar að það beri að stækka þjóðgarðinn. „Ég sit í hreppsnefnd og hef unnið að undirbúningi stækkunarinnar, eins og aðalskipulag kveður á um. Í stækkuninni felast mörg tækifæri fyrir hreppinn, til dæmis í ferðaþjónustu,“ segir Þorsteinn og bendir á að réttindi bænda haldast óbreytt þó að þjóðgarðurinn verði stækkaður.



**ÞORSTEINN KRISTINSSON**



**GUÐMUNDUR INGI INGASON**

> ... þá höfum við unnið nánast allan sólarhringinn síðan gosið hófst og það má segja að kosningarnar hér á þessu svæði séu haldnar í skugga eldgossins.
>
> **GUÐMUNDUR INGI INGASON** VARÐSTJÓRI OG FRAMBJÓÐANDI

Listi Guðmundar, „Skaftárhrepp á kortið“, vill „stíga varlega til jarðar“ í stækkuninni eins og Guðmundur orðar það sjálfur. Hann er nýr í sveitarstjórnarmálum. Þess má geta að fyrir fjórum árum var ekki listakosning í hreppnum heldur persónukjör.

Skaftárhreppur nær frá Mýrdalssandi austur að Skeiðarársandi. Hann er einn stærstu hreppa á landinu, nær yfir sjö prósent af Íslandi. Íbúarnir eru 450.

**sigridur@frettabladid.is**


**KAUPTHING MANAGER SELECTION**
Société d'Investissement à Capital Variable
35a, Avenue J.F. Kennedy - L-1855 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 72 942

**NOTICE TO SHAREHOLDERS**

The shareholders are informed that the Board of Directors of the Sicav has decided with effect on 25 May, 2010 to liquidate KAUPTHING MANAGER SELECTION – EMERGING MARKETS (hereinafter referred to as the "Sub-Fund") on the ground that the net assets of the Sub-Fund has been fallen below the threshold of USD 1 million.

Furthermore, the Board had decided to suspend subscription requests for the Sub-Fund. No further subscription orders for the Sub-Fund received after 17 May 2010 12 a.m. (Luxembourg time), to be executed on the NAV dated 19 May 2010 or on any following NAV, will be accepted.

Redemption orders and conversion orders for shares of the Sub-Fund into shares of another sub-fund of the Sicav will be accepted free of charge until the effective date of the liquidation.

The last Net Asset Value will be the one dated 25 May 2010. The liquidation proceeds will be paid on 1 June, 2010.

The costs in relation to the liquidation of the Sub-Fund have been accrued into the NAV of the Sub-Fund.

The sums payable in respect of shares not presented for reimbursement at the close of the liquidation of the said sub-fund will be deposited at the custodian bank for a period not exceeding six months. After this deadline, the assets will be deposited with the "Caisse de Consignation" in Luxembourg for the benefit of the persons entitled thereto.

The Board of Directors
Luxembourg, 18 May 2010



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki







FLUGIÐ OG FERÐAÞJÓNUSTAN
HVERT STEFNIR?

Icelandair boðar til morgunverðarfundar miðvikudaginn 19. maí kl. 8.30–10.30 á Hótel Loftleiðum.

ÁVARP



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR
iðnaðarráðherra flytur ávarp.

FYRIRLESARAR



SIMON CALDER
ICELAND: THE GREATEST SHOW ON EARTH
Þróun ferðaþjónustu í ljósi eldgossins í Eyjafjallajökli.
Simon Calder er einn kunnasti fjölmiðlamaður samtímans á sviði ferðamennsku. Hann starfar fyrir The Independent, Sky Travel, BBC Radio og fleiri og er eftirsóttur ræðumaður um stefnu og þróun í ferðamennsku víða um heim.



ULRICH SCHULTE-STRATHAUS
THE STATE OF THE AIRLINE INDUSTRY IN MAY 2010
Staðan hjá evrópskum flugfélögum og hvert stefnir.
Ulrich Schulte-Strathaus er framkvæmdastjóri Evrópusambands flugfélaga, AEA. Hann var um 20 ára skeið einn af æðstu yfirmönnum Lufthansa en hefur undanfarin ár stýrt AEA sem safnar upplýsingum og stundar rannsóknir á þróun atvinnuflugs.

BIRKIR HÓLM GUÐNASON, framkvæmdastjóri Icelandair, stýrir fundinum.

ÞÁTTTÖKUGJALD
Þátttökugjald er 2.000 kr. og innifalinn er léttur morgunverður.
+ Vinsamlegast skráið þátttöku á www.icelandair.is

ICELANDAIR HOTELS Iceland Travel ICELANDAIR WWW.ICELANDAIR.IS

Annir hjá Selfosslögreglu :

# Brotist inn í ellefu bústaði

**LÖGREGLUMÁL** Tilkynnt var um innbrot og þjófnað úr ellefu sumarbústöðum í Grafningi, Þingvallasveit og í Grímsnesi í síðustu viku. Í flestum tilvikum voru það flatskjáir og rafmagnstæki sem þjófarnir tóku með sér.

Á Selfossi var farið inn í þrjá ólæsta bíla og lausum hlutum stolið úr þeim.

Peningaveski var stolið í búningsklefa í sundlauginni á Selfossi og það fannst tómt sama dag í söluturni á Selfossi. - jss

Stjórnendur flugfélaga í Bretlandi gagnrýna viðbrögð við gosinu:

# Ósáttir við lokun flugvalla

**BRETLAND** Stjórnendur flugfélaga í Bretlandi gagnrýna harkalega lokanir flugvalla vegna eldfjallaösku frá Íslandi.

Willie Walsh, forstjóri British Airways, sagði í gær að viðbrögðin væru ekki í neinu samræmi við tilefnið. Ekki hafi fundist nein merki um ösku yfir Lundúnum en samt hefði Heathrow verið lokað.

Richard Branson, forstjóri Virgin Atlantic, var síst blíðari á manninn.

Tilraunaflug flugfélaga og framleiðenda þotuhreyfla hafa ekki leitt í ljós neina ástæðu fyrir því að flugfélög geti ekki haldið áfram að fljúga af fullkomnu öryggi, sagði Branson.

Hann bætti því við að það væri augljóslega hættulegt að fljúga yfir eldgíg en þetta eldfjall væri langt frá Bretlandi.

Talsmaður British Airways bætti því við að flugfélög hefðu mikla reynslu af að fást við hættuna sem væri samfara eldgosum.

Sem alþjóðlegt flugfélag hafi British Airways mikla reynslu af að fljúga á eldgosasvæðum og sé fullfært um að meta sjálft hættuna. - ót




**BRESK FLUGFÉLÖG** Stjórnendur bresku flugfélaganna gagnrýna harðlega lokanir flugvalla vegna eldfjallaösku.



**LEIÐINDAVEÐUR** Kona bíður eftir grænu ljósi í miðbæ Búdapest í Ungverjalandi í gær. Þar hafa úrhellisrigning og flóð síðan um helgina neytt 2.093 til að flýja heimili sín. NORDICPHOTOS/AFP



**STARFSFÓLK MENIGA** Hugmyndasmiðir fjármálavefsins Meniga brosa breitt þessa dagana.

Meniga.is færir út kvíarnar:

# Gefa Svíum ráð í fjármálum

**TÆKNI Hugbúnaðarfyrirtækið Meniga hefur valið Applicon í Svíþjóð, dótturfélag Nýherja, til að annast endursölu á lausnum félagsins í Skandinavíu.**

**Meniga rekur samnefndan fjármálavef sem gerir fólki mögulegt að öðlast yfirsýn yfir fjármál heimilisins, halda bókhald og fá ábendingar um sérsniðnar leiðir til sparnaðar.**

**Í tilkynningu er haft eftir Georg Lúðvíkssyni framkvæmdastjóra, að þótt fjármálavefir hafi slegið í gegn hér, á Spáni og í Bandaríkjunum hafi engin sambærileg þjónusta verið í boði á Norðurlöndunum þar til nú.** - jab

Landlækni gert viðvart:

# Ávísun á rítalín úr böndunum

**HEILBRIGÐISMÁL** Ávísun lyfsins rítalíns virðist vera komin úr böndunum, að því er segir á vefsíðu SÁÁ.



ÞÓRARINN TYRFINGSSON

„Menn ráða þetta af því hverjir hafa keypt þetta efni í könnunum sem gerðar eru og svo verðlagi á því, það segir sína sögu," segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, spurður um þessa staðhæfingu.

Þórarinn segir að upplýsingar liggi fyrir um hversu margir noti rítalín með öðrum örvandi efnum eða eitt og sér. Hann kveðst hafa gert landlæknisembættinu viðvart um þessa stöðu. Engin viðbrögð við málinu fengust þaðan í gær. -jss

## LÖGREGLUMÁL

### Falsaður seðill fyrir vestan

Lögreglunni á Vestfjörðum hefur borist kæra vegna framvísunar fimm þúsund króna peningaseðils sem reyndist falsaður. Seðillinn var afhentur í verslun einni á Ísafirði í gær. Lögreglan á Vestfjörðum rannsakar málið.

## BRUNI

### Kviknaði í barnavagni

Slökkviliðið var kallað að Vesturbergi í Breiðholti rétt fyrir klukkan tvö í gær en þar kom upp eldur í barnavagni í stigagangi. Íbúar í húsinu gátu slökkt eldinn. Ekki þurfti að rýma íbúðir í húsinu.




HVER ÁBYRGIST ÞINN MEISTARA?

Meistarar í Samtökum iðnaðarins eru með Ábyrgðasjóð sem tryggir þér vel unnið verk.

Ert þú með skriflegan samning og tryggingu um fagleg vinnubrögð frá þínum meistara?

Það er trygging fyrir gæðum og réttum vinnubrögðum að skipta við meistara og fagmenn sem hafa tilskilin réttindi. Innan raða Samtaka iðnaðarins er starfandi Meistaradeild sem hefur á að skipa löggiltum fagmönnum til hvers kyns framkvæmda.

Félag skrúðgarðyrkjumeistara
www.meistari.is

Málarameistarafélagið
www.malarar.is

Meistarafélag Suðurlands
www.mfs.is

Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði
www.si.is/mih

Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi
www.mbn.is

Félag blikksmiðjueigenda
www.blikksmidjur.is

SI

Kynntu þér málið á www.si.is



**SAMSKIPTAÞÝÐA** Dmitrí Medvedev, forseti Rússlands og Viktor Janúkovitsj forseti Úkraínu í Kænugarði. Forsetarnir vinna að þíðu í samskiptum ríkjanna og auknu samstarfi. NORDICPHOTOS/AFP

Sérstakur saksóknari rannsakar viðskipti fyrrverandi stjórnenda Byrs með stofnfjárbréf:

# Rannsókn á Exeter Holding vel á veg komin

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn sérstaks saksóknara á viðskiptum Exeter Holdings ehf. með stofnfjárbréf í Byr er langt á veg komin þó enn er óljóst hvenær og hvort ákærur verði gefnar út. Þetta staðfestir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari.

Byr lánaði Exeter Holdings 1,4 milljarða króna í tveimur hlutum í október og desember 2008. Féð nýtti félagið til þess að kaupa 1,8 prósenta stofnfjárhlut í Byr á yfirverði. Seljendur voru eigendur og stjórnendur Byrs. Félagið var í meirihlutaeigu Ágústs Sindra Karlssonar lögmanns.

Til rannsóknar er grunur um brot á auðgunarbrotakafla almennra hegningarlaga í tengslum við umrædda sölu á stofnbréfum og lánagerningum sem tengjast þeim. Um er að ræða verulega fjárhagslega hagsmuni og rannsóknin tengist fjölda manns.

Sérstakur saksóknari fór meðal annars tvisvar í húsleit vegna málsins á síðasta ári. Samkvæmt upplýsingum frá sérstökum saksóknara þá er rannsóknin á lokastigi.



**BYR** Sérstakur saksóknari rannsakar viðskipti með stofnfjárbréf í Byr.




Hver veit?

Við vitum aldrei hvað dregur á daga OKKAR. Því er gott að vita að það séu traustar undirstöður til staðar þegar við þurfum á þeim að halda.

4% barna fötluð eða langveik

Á Íslandi eru um 4% barna fötluð eða langveik. Þessir einstaklingar gætu þurft að lifa við lágmarksbætur frá Tryggingarstofnun ríkisins frá 18 ára aldri ... 100% örorku tæpum ... króna á mánuði (nóvem... það fé er ungu fólki ætla... þaki yfir höfuðið og lifa... það sem eftir er ævinna... vegna ...undum ... Fyrir ...ma sér ...u lífi ...ur því augaleið að fjárhagsleg staða þeirra sem ekki geta fullnýtt tækifæri sín til menntunar eða þátttöku á vinnumarkaði er afar bág. Möguleikar til að standa á eigin fótum í fjárhagslegu tilliti eru engir. Við áfall sem leiðir til örorku blasir ávallt við nýr raunveruleiki. Eigi barn eða ungmenni í hlut, stendur fjölskyldan öll frammi fyrir nýjum verkefnum og álagi. Fjármál heimilisins eru þar engin undantekning.



Hvað ef...

okkar fyrir "efin" í lífinu

Ef þú ættir gæs sem verpir gulleggjum, hvort væri skynsamlegra að tryggja eggin eða gæsina? Gæsina að sjálfsögðu, þar sem hún verpir gulleggjunum ... teknanna. Ísle... tryggja gulleg... bílinn en all... ...tta ... að ...ið, ... að tryggja uppsprettu teknanna, þá sjálfa.

Líf og ábyrgð einstaklinga breytist og það er mikilvægt að tryggingavernd þín taki mið af því. Hafir þú gengið í hjónaband, keypt stærra húsnæði eða orðið foreldri, þarf þú huga að tryggingaverndinni. Sýndu ábyrgð og kannaðu hvort hlutirnir eru í lagi hjá þér.




**LOGANDI HRÆDD** Þótt engum nemenda Austurbæjarskóla hafi orðið meint af eldinum var mörgum þeirra brugðið eins og þessari stúlku á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eldur kom upp í risi Austurbæjarskóla:

# Nemendur skelkaðir en sluppu ómeiddir

**BRUNI** Betur fór en á horfðist þegar eldur kom upp á salerni í risi í austurhluta Austurbæjarskóla í hádeginu í gær. Greiðlega gekk að rýma skólann og engin slys urðu. Eldurinn var slökktur áður en hann náði að breiða úr sér. Reykræsta þurfti hluta skólans í kjölfarið.

Viðvörunarbjöllur fóru í gang og brugðust starfsmenn og kennarar skjótt við og rýmdu skólann. Nemendum var mörgum hverjum brugðið. Eldsupptök eru ókunn.



**RÁÐHÚSIÐ Í REYKJAVÍK** 21 listi býður fram í sveitarstjórnarkosningunum í Reykjavík, Kópavogi og á Akureyri í lok mánaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nærri þrjú þúsund fara fram:

# Flestir listarnir eru í Reykjavík

**STJÓRNMÁL** Rétt tæplega þrjú þúsund manns eru á þeim 185 listum sem bjóða fram í 76 sveitarstjórnum í kosningunum í lok mánaðar. Þetta jafngildir 1,2 prósentum af öllum kjörgengu fólki í landinu, að því er fram kemur á kosningavef dóms- og mannréttindaráðuneytis.

Flestir eru listarnir í Reykjavík, eða átta. Þá eru sjö listar í boði í Kópavogi og sex á Akureyri.

Á vef ráðuneytisins kemur fram að óbundnar kosningar verða í átján sveitarfélögum. Þar eru allir kjósendur í viðkomandi sveitarfélagi í kjöri. - jab

SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR 2010

Fjármálin eru sögð í ágætu lagi í Mosfellsbæ

# Íbúarnir hafi meira um málin að segja

**Íbúalýðræði virðist helsta málið í kosningabaráttunni í Mosfellsbæ. Fimm listar eru í boði; fjórar alþekktar stærðir í stjórnmálunum auk nýstofnaðs framboðs Íbúahreyfingarinnar.**

Viðmælendum Fréttablaðsins úr öllum flokkum ber saman um að fjármál Mosfellsbæjar séu í ágætu lagi, ólíkt því sem er víða annars staðar. Fyrir vikið eru þau ekki ofarlega á baugi í kosningabaráttunni í bænum. Þar ber líka svo við að í kjölfar hrunsins sameinuðust meiri- og minnihluti um fjárhagsáætlanir. Ekki er því uppi pólitískur ágreiningur um meðferð skatttekna síðustu ár.

Sjálfstæðisflokkur og VG hafa haft með sér meirihlutasamstarf á kjörtímabilinu. Í síðustu kosningum fékk Sjálfstæðisflokkurinn þrjá bæjarfulltrúa, VG einn, Samfylkingin tvo og Framsóknarflokkurinn einn. Fyrir þetta kjörtímabil var Sjálfstæðisflokkurinn einn í meirihluta en kjörtímabilin tvö þar á undan fóru framsókn og vinstri flokkarnir með völdin. Allir flokkarnir fjórir hafa því komið að stjórn Mosfellsbæjar á undanförnum tólf árum.

Auk áðurnefndra flokka er listi nýstofnaðrar Íbúahreyfingar Mosfellsbæjar í framboði. Andúð á fjórflokkunum og afskiptum þeirra af málefnum sveitarfélaga virðist helsti hvatinn að því framboði.



**MOSFELLSBÆR** Íbúar bæjarins eru á níunda þúsund og er Mosfellsbær sjöunda fjölmennasta bæjarfélag landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íbúahreyfingin leggur ríka áherslu á íbúalýðræði og almenna aðkomu bæjarbúa að stórum sem smáum málum. Önnur framboð róa á þau sömu mið og heita því að beita sér fyrir auknu lýðræði og gagnsæi í stjórnarháttum. Íbúar Mosfellsbæjar geta því vænst þess að aðkoma þeirra að málefnum bæjarins aukist til muna eftir kosningar, sama hvernig skipast í sæti við bæjarstjórnarborðið.

Deilur um skipulagsmál settu mark sitt á pólitíkina og bæjarlífið í Mosfellsbæ á kjörtímabilinu. Ekki er líklegt að til ámóta átaka komi á næstu árum þar sem ekkert bendir til að ný lönd verði skipulögð sem byggingarsvæði.

Eins og glögglega kemur fram í samtölunum hér á síðunni eru karlar oddvitar allra framboðanna fimm. Konur skipa annað sætið á listum gömlu flokkanna en karlmaður er í öðru sæti Íbúahreyfingarinnar.

**Björn Þór Sigbjörnsson**
bjorn@frettabladid.is



## Mikilvægt að styðja fólk til sjálfshjálpar



„Við viljum að Mosfellsbær verði áfram í fremstu röð hvað varðar ábyrga fjármálastjórnun," segir Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri og oddviti Sjálfstæðisflokksins. „Á þeim átta árum sem liðin eru frá því að sjálfstæðismenn tóku við stjórninni hafa fjármálin breyst til hins betra og okkar skoðun er sú að það skipti máli hverjir stjórna."

Haraldur segir flokk sinn ætla að móta lýðræðisstefnu fyrir bæinn, setja reglur um íbúakosningar, veita frekari aðgang að upplýsingum, gera bæjarstjórnarfundi aðgengilega á Netinu og upplýsa fólk um þau úrræði sem bæjarfélagið býður.

„Svo er mikilvægt á þessum tímum sem aldrei fyrr að styðja fólk til sjálfshjálpar og hvetja það til virkar þátttöku í samfélaginu."

Haraldur segir mikilvægt að fjölga störfum í bæjarfélaginu; sjálfstæðismenn stefni að því að þúsund ný störf skapist á næstu árum. Svæði til atvinnusköpunar hafi verið skipulögð og miklir möguleikar felist í að gera bæinn að miðstöð heilsueflingar, til dæmis í heilsutengdri ferðaþjónustu."

## Íbúar fái meiri völd og áhrif



„Við leggjum aðaláherslu á íbúalýðræði og gagnsæi í stjórnsýslunni. Íbúarnir eiga að hafa miklu meiri völd og áhrif en nú er," segir Jón Jósef Bjarnason, oddviti Íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ.

Jón segir framboðið hafa sprottið upp um það bil viku áður en framboðsfrestur rann út og það hafi í raun orðið til af illum kosti. „Við bjóðum okkur fram svo fólk hafi val um eitthvað annað en þessa fjóra flokka. Mér finnst bæjarmálin eiga að vera í höndum heimafólks og að þar eigi landsmálapólitík ekkert erindi. Þegar við sáum fram á að enginn ætlaði í framboð gegn hefðbundnu flokkunum tókum við okkar ákvörðun."

Íbúahreyfingin í Mosfellsbæ vill að allri grunnþjónustu sé sinnt áður en peningum er varið til annarra verkefna og leggur jafnframt áherslu á að skipulagsmálum verði betur sinnt en áður. „Skipulagsmálin eru í hálfgerðu skipulagsleysi. Það er verið að byggja úti um allt og erfitt að sjá hvernig sveitarfélagið ætlar að standa við skuldbindingar sínar um þjónustu við íbúa."

## Íbúar hafi áhrif á ákvarðanir



„Samfylkingin leggur, eins og alltaf, megináherslu á þau mál sem lúta að aðstæðum fjölskyldunnar með sérstaka áherslu á þjónustuna við börn, aldraða, fatlaða og sjúka," segir Jónas Sigurðsson, oddviti Samfylkingarinnar. „Við viljum veita þeim aðstoð sem þurfa."

Jónas segir mikilvægt að takast á við lýðræðisþáttinn í starfsemi sveitarfélagsins, auka þurfi samráð við íbúa og kalla eftir hugmyndum þeirra um mótun og þróun samfélagsins. „Það þarf að leita af alvöru til íbúanna, það á ekki að gerast stundum og stundum ekki heldur verða þau mál að vera í föstum farvegi." Það séu í raun ekki aðeins réttindi íbúa að vera með í ráðum heldur beinlínis skyldur þeirra.

Jónas segir fjárhagsstöðu Mosfellsbæjar ágæta miðað við stöðuna í öðrum samfélögum. „Við höfum þó áhyggjur af þróun ákveðinna þátta eins og skuldsetningar og fjármagnsgjalda sem fara vaxandi."

## Viljum ópólitískan bæjarstjóra



„Við teljum mjög mikilvægt að hér verði ópólitískur bæjarstjóri. Það er mjög mikilvægt að bæjarstjórinn sé faglega ráðinn í gagnsæju ferli þannig að hann sé bæjarstjóri allra bæjarbúa en ekki bara tiltekinna flokka," segir Marteinn Magnússon, oddviti Framsóknarflokksins.

„Við viljum líka auka íbúalýðræðið og höfum á okkar stefnuskrá að ef 25 prósent bæjarbúa óskuðu eftir kosningum um mál sem brenna á þeim yrði bæjarstjórnin að verða við því. Við viljum líka eiga beinni samskipti við bæjarbúa, gera kannanir á skoðunum þeirra á málum og auka skilvirkni."

Marteinn kveðst hafa áhyggjur af skuldastöðu bæjarins og telur að ádráttur bæjaryfirvalda um framkvæmdir kunni að reynast dýr. „Við viljum ekki lofa miklu og teljum að eins og staðan er í dag sé rétt að borga niður skuldir. Eins viljum við jafna byrðarnar þannig að aukinna tekna verði frekar aflað með almennum álögum eins og til dæmis með hærri lóðaleigu frekar en að með gjaldskrárhækkunum á einstaka hópa."

Marteinn segir að grunnþjónustan verði að njóta forgangs og nefnir í því sambandi að búa þurfi betur að skólamálum.

## Snýst um að halda sjó



„Þetta snýst fyrst og síðast um velferðarmálin, að huga vel að málefnum fjölskyldunnar, og að halda sjó," segir Karl Tómasson, oddviti VG.

Karl segir fjármálin í Mosfellsbæ vel við unandi, bærinn standi betur en mörg sveitarfélög. „Hér eru auðvitað skuldir en þær eru innan skekkjumarka. Bærinn fór ekki jafn flatt á hruninu og margir aðrir."

Um lýðræðis- og gagnsæismál segir Karl sinn flokk, VG, vera í fararbroddi. „Það er jú sá flokkur sem mest hefur látið í sér heyra hvað þau mál varðar. Og hér í Mosfellsbæ höfum við virt lýðræðið með því að halda nokkur íbúaþing og á þeim vettvangi geta bæjarbúar látið til sín heyra."

Karl segir nokkrar stórar framkvæmdir nýafstaðnar í bænum og ekki séu mörg stór verk í farvatninu nema þá bygging nýs hjúkrunarheimilis fyrir aldraða.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

Opinn fundur

Sparnaður í breyttu umhverfi

Hvaða leiðir í sparnaði eru í boði?
Hvar eru bestu vextirnir?
Eru til öruggar sparnaðarleiðir?
Hvað er framundan?

Loftur Ólafsson, sjóðsstjóri hjá Íslandssjóðum, og Björn Berg Gunnarsson, sem annast fræðslumál Eignastýringar Íslandsbanka, flytja erindi og spjalla um það helsta í breyttu landslagi fyrir sparifjáreigendur.

Eignastýring Íslandsbanka á Kirkjusandi, miðvikudaginn 19. maí kl. 16:30–18:30

Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.
Nánari upplýsingar og skráning á islandsbanki.is og í síma 440-4553.

Stýrivextir Seðlabankans




Eignastýring Íslandsbanka
Sími 440 4920
Kirkjusandi 2–4, 105 Reykjavík
eignastyring@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/fjarfestingar

Íslandsbanki



**Á HÁHESTI** Íbúi í bænum Szendro í Ungverjalandi ber dóttur sínum á herðum sér yfir vatnsflauminn úr ánni Bodva sem streymdi yfir bakka sína. Borgin er um 200 kílómetra frá Búdapest. NORDICPHOTO/AFP

Efnahagsvandi Grikkja snara um háls evrunnar:

# Prófessor líkir Grikklandi við Lehman

**EFNAHAGSMÁL** Efnahagsvandi Grikkja, Portúgals og Spánar mun ganga af evrunni dauðri. Þetta segir breski hagsöguprófessorinn Niall Ferguson í grein í nýjasta hefti vikuritsins Newsweek.

Ferguson, sem síðustu vikur hefur boðað dauða myntsamstarfsins, líkir Grikklandi við bandaríska fjárfestingarbankann Lehmans Brothers, en fall hans um miðjan september 2008 hratt fjármálakreppunni af stað af fullum þunga. Ferguson bendir á að margir evrópskir viðskiptavinir bankans hafi lánað þeim grísku um 160 milljarða evra, jafnvirði rúmra 25 þúsund milljarða króna, auk þess sem bankar í Búlgaríu og Rúmeníu reiði sig á endurfjármögnun frá Grikklandi. Þrátt fyrir 110 milljarða evra lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópusambandinu mun snarpur og sársaukafullur niðurskurður á fjárlögum gríska ríkisins verða hinu opinbera ofviða og landið lenda í óumflýjanlegu greiðsluþroti, að sögn Fergusons.

Greiðslufall Grikkja mun svo hafa alvarlegar keðjuverkandi afleiðingar í för með sér, svo sem á Ítalíu og í Belgíu, að sögn Fergusons, sem bendir á að áhrifanna gæti nú þegar. Gengi evrunnar hafði í gær ekki verið lægra gagnvart Bandaríkjadal í fjögur ár. „Ef þetta heldur áfram er aðeins ein leið í boði fyrir evruna, niður,“ segir hann. - jab




**RÆTT UM SKULDAVANDA** Snarpur niðurskurður á fjárlagahalla gríska ríkisins verður stjórnvöldum ofviða, segir Niall Ferguson, sem hér situr lengst til vinstri. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP





**Volkswagen Polo**

Nýr og glæsilegur Alheimsbíll ársins 2010 og Bíll ársins í Evrópu er sparneytinn, umhverfisvænn og þægilegur. Útblástur aðeins 128 $CO_2$ g/km

**Polo kostar aðeins frá**

**2.650.000 kr.**

**Volkswagen Golf**

Enn einn tímamótabíllinn af einni vinsælustu bílategund allra tíma er með 1,4TSI vél sem skilar 122 hö. Útblástur aðeins 144 $CO_2$ g/km

**Golf kostar aðeins frá**

**3.720.000 kr.**

**Volkswagen Passat** ECO FUEL

Eitt best geymda leyndarmálið í íslenskri umferð. Lúxusbíll sem gengur fyrir innlendu metaneldsneyti og leggur frítt í stæði í Reykjavík. Útblástur aðeins 119 $CO_2$ g/km

**Passat EcoFuel® kostar aðeins frá**

**4.230.000 kr.**

**OPIÐ Í DAG FRÁ 9-17 - Komdu og reynsluaktu Volkswagen**


Heildarafli í apríl:

# Töluvert minni afli en í fyrra

**SJÁVARÚTVEGUR Heildarafli íslenskra skipa nam alls 79.680 tonnum í apríl 2010 samanborið við 99.267 tonn í sama mánuði árið áður.**

**Botnfiskafli dróst saman um tæp 6.000 tonn frá apríl 2009 og nam 34.900 tonnum. Þar af nam þorskaflinn tæpum 12.900 tonnum, sem er samdráttur um 4.000 tonn frá fyrra ári.**

**Ýsuaflinn nam tæpum 5.200 tonnum, sem er um 2.100 tonnum minni afli en í apríl 2009.**

**Afli uppsjávartegunda nam tæpum 40.700 tonnum, sem er um 14.700 tonnum minni afli en í apríl 2009.**

**Nær eingöngu kolmunni veiddist í mánuðinum, líkt og undanfarin ár.**

- shá

Kristján Sig. Kristjánsson segist vera ábyrgur kjósandi sem hafi kosið vitlausan flokk í síðustu kosnginum:

# Óttast að hann kjósi sé nafnið á kjörskrá

**SVEITARSTJÓRNIR** „Af því að það vill enginn axla ábyrgð ætla ég að gera það því ég er náttúrulega ábyrgur sem kjósandi,“ segir Kristján Sig. Kristjánsson rafvirkjameistari sem sendi borgarstjóra bréf með ósk um að verða vinsamlegast tekinn af kjörskrá fyrir komandi kosningar.

„Ég kaus vitlausan flokk í síðustu kosningum. Nú vildi ég bara axla ábyrgð og segja af mér kosningarétti. Þá getur enginn flokkur röflað neitt í mér og beðið mig um að kjósa sig því ég get bara sagt að ég sé ekki á kjörskrá,“ útskýrir Kristján.

Máli Kristjáns var vísað til umsagnar hjá skrifstofustjóra borgarstjóra, Ólafi K. Hjörleifssyni, sem lagði til að beiðni Kristjáns yrði synjað. Vitnaði Ólafur til laga um kosningar til sveitarstjórna þar sem kveðið sé á um að sveitarstjórnum beri að gera kjörskrár á grundvelli upplýsinga úr þjóðskrá. Óheimilt sé að taka einstakling af kjörskrá sem uppfylli skilyrði til þess að vera þar.



**KRISTJÁN SIG. KRISTJÁNSSON** Vill afsala sér kosningarétti til að axla sína ábyrgð og hindra að hann geti kosið í næstu borgarstjórnarkosningum ef sú „brjálæðislega hugmynd“ skyldi ná tökum á honum, til dæmis ef honum yrði boðin borgun eða vinna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þessa niðurstöðu hefur borgarráð staðfest.

Kristján segist ósammála túlkun borgaryfirvalda og að hann íhugi nú hvort hann fari lengra með mál sitt, til dæmis fyrir héraðsdóm. „Þetta er aðeins þeirra skoðun og ég tel þessa túlkun borgarinnar ekki byggða á lögum. Ég vil meina að ég geti sagt mig af kjörskrá eins og fólk getur sagt sig úr þjóðkirkjunni og öðru,“ segir hann og ítrekar að hann sjái það sem varúðarráðstöfun af sinni hálfu að vera tekinn af kjörskránni.

„Ég vil gera þetta til að standast þrýsting. Það er aldrei að vita hvað maður gerir, maður gæti fengið borgað eða fengið vinnu eða eitthvað slíkt og þá er maður veikur fyrir. Ég hef greitt þessum hrunflokkum atkvæði og vil bara axla ábyrgð á því. Ef sú brjálæðislega hugmynd skyldi koma upp hjá mér að kjósa aftur þessa flokka þá yrði mér hafnað. Ég gæti farið niður eftir og beðið um kjörseðil en þá yrði bara sagt nei; þú ert ekki á kjörskrá. Þannig að þetta er einfaldlega öryggisatriði,“ segir Kristján Sig. Kristjánsson.

gar@frettabladid.is

Smáralind í sölumeðferð:

# Nálægar lóðir líka til sölu

**VIÐSKIPTI Fasteignafélag Íslands ehf., eigandi verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar, hefur ákveðið að gefa fjárfestum sem áhuga hafa á að kaupa verslunarmiðstöðina, kost á því að kaupa einnig nærliggjandi lóðir í eigu félagsins.**

**Í tilkynningu frá Landsbankanum kemur fram að lóðirnar séu sunnan Smáralindar við Hagasmára og Hæðasmára.**

**Sala Smáralindarinnar var fyrst auglýst 27. apríl og þá hófst formlegt söluferli.**

Tveir karlmenn og tvær konur dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur:

# Kókaínsmygl og peningaþvætti

**DÓMSMÁL** Tveir menn og tvær konur hafa verið dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir stórfellt fíkniefnasmygl og peningaþvætti. Sá sem þyngstan dóm hlaut, David Erik Crunkleton, var dæmdur í átján mánaða fangelsi. Hinn karlmaðurinn var dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá á skilorði. Önnur konan var dæmd í tíu mánaða fangelsi en hin í fjóra mánuði á skilorði.

Skötuhjúunum er þyngstu dómanna fengu var gefið að sök að hafa staðið saman að innflutningi á rúmlega 800 grömmum af kókaíni frá Dóminíska lýðveldinu. Þau földu efnin innvortis. Karlmaðurinn lagði á ráðin um innflutninginn og fjármögnun efnanna. Fólkið losaði sig við fíkniefnin á hóteli í Reykjavík. Lögreglan fann þau svo á dvalarstað mannsins.

Sama kvöld handtók lögreglan hin tvö á heimilum sínum. Hjá báðum fundust fíkniefni, sem þau höfðu fengið hjá samverkamanninum til dreifingar og sölu. Þá fundust 1,2 milljónir króna sem voru ávinningur fólksins af innflutningi og sölu fíkniefna hér á landi. - jss



**KÓKAÍN** Fólkið flutti efnið innvortis til landsins.



**OFURAÐDÁANDI** Einn af ofuraðdáendunum sextán sést hér þramma inn í borgina Umlazi í Suður-Afríku, 45 kílómetra suður af borginni Durban. Ofuraðdáendurnir þramma borga á milli í Suður-Afríku til að hvetja fólk til að styðja við bakið á landsliðinu þegar heimsmeistaramótið í knattspyrnu hefst 11. júní. NODICPHOTOS/AFP


www.volkswagen.is




Þrjár leiðir til að ferðast innanlands í sumar

Volkswagen er traustur og skemmtilegur ferðafélagi bæði í borg og sveit. Volkswagen býður upp á fjölbreytt úrval vel búinna bíla á hagstæðu verði. Komdu við hjá okkur og kynntu þér úrvalið og reynsluaktu til dæmis kraftmiklum Golf, sparneytnum Polo eða glæsilegum og umhverfisvænum Passat.

Das Auto.

Reynslan er góð!

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA


Óvenju margir í kjöri á Vesturlandi þar sem enginn listi er í boði í Dalabyggð:

# Sextándi hver íbúi á Vesturlandi er í kjöri

**KOSNINGAR** Óvenjulega margir eru nú í framboði á Vesturlandi, en það helgast af því að í Dalabyggð er enginn listi í boði. Við slíkar aðstæður eru allir íbúar sveitarfélagsins, sem kjörgengir eru, í framboði, nema þeir sem setið hafa í sveitarstjórn og gefa ekki kost á sér.

Þetta kemur fram í Skessuhorni, héraðsfréttablaði Vesturlands. Magnús Magnússon ritstjóri skrifar um þetta leiðara. Þar segir að sextándi hver íbúi héraðsins sé í framboði.

„Samkvæmt mínum útreikningum gæti 991 íbúi á Vesturlandi verið í kjöri við kosningarnar í vor.



**MAGNÚS MAGNÚSSON**

Þar af eru rúmlega 500 í Dölum. Þetta er náttúrulega met og jafngildir því að sextándi hver íbúi í landshlutanum sé í kjöri. Á framboðslistum eru þó ekki nema 288 íbúar á Vesturlandi," segir Magnús í leiðaranum.

Í kosningum til Alþingis árið 2009 voru 58.203 á kjörskrá í stærsta kjördæmi landsins, Suðvestur-kjördæmi. Hefði staðan verið eins þar og á Vesturlandi nú, hefðu 3.638 verið í kjöri. Athygli er vakin á því að ekki er verið að ræða um Norðvesturkjördæmi, heldur gamla Vesturlandskjördæmið. - kóp



**BÚÐARDALUR** Í Dalabyggð verður enginn listi í boði við kosningarnar í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Verkfall í brugghúsum:

# Skortur á vörum frá Carlsberg

**DANMÖRK** Meiri harka er hlaupin í verkfallsaðgerðir starfsmanna brugghússins Carlsberg í Danmörku en starfsmennirnir samþykktu að halda verkfalli sínu áfram á stórum fundi í gærmorgun. Danskar verslanir og krár eru að verða uppiskroppa með Carlsberg og Tuborg bjór.

Í frétt um málið á börsen.dk segir að að 1100 starfsmenn Carlsberg hafi nú lagt niður vinnu þrátt fyrir skýrar yfirlýsingar frá stjórn brugghússins um að áframhaldandi verkfall muni hafa uppsagnir starfsmanna í för með sér.

Verkfallið hefur nú staðið frá 4. maí og því eru bjórtegundir þær sem Carlsberg framleiðir nær horfnar af öllum sölustöðum í Danmörku.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ys og þys út af viðskiptunum með HS Orku.

## Grætt á jarðhita

Ofsafengin viðbrögð nokkurra stjórnmálamanna við kaupum Magma Energy á HS Orku komu ekki á óvart. En eins og gildir um svo margt sem sagt er á vettvangi stjórnmálanna virðast þau fyrst og fremst til heimabrúks. Þeim er ætlað að sefa tiltekna hópa. Engin ástæða er að ætla að menn meini það bókstaflega þegar þeir segja að ríkið eigi að reiða fram meira en þrjátíu milljarða króna til að eignast HS Orku. En sé það raunin væri gagnlegt að þeir tiltækju hvaðan peningarnir eiga að koma og hvaða opinberu verkefni eiga að sitja á hakanum í staðinn.

SKOÐUN



Björn Þór Sigbjörnsson
bjorn@frettabladid.is

Viðskiptin með HS Orku mörkuðu engin sérstök kaflaskil í sögu lands og þjóðar. Slík skil urðu við sölu ríkisins á hlut í fyrirtækinu til einkaaðila fyrir nokkrum árum. Auðvitað má enn þá gráta það að Alþingi hafi búið svo um hnútana að hægt var að selja þennan tiltekna hlut einkaaðilum, en að skáka í skjóli þjóðernis eigandans er í besta falli skrum. Það er líka einkennilegt að þeir sem hæst láta nú hafi ekki fyrir löngu beitt sér fyrir lagasetningu sem hamlaði frekari viðskiptum með hlutabréf í tilteknum fyrirtækjum. Nema það hafi verið reynt án árangurs!

Látið er eins og nýr eigandi HS Orku sé skúffufyrirtæki í Svíþjóð. Það er rétt svo langt sem nær en þeir sem nota það orð vilja augljóslega tortryggja eignarhaldið. Gefið er í skyn að þarna fari óprúttnir útlendingar í dulargervi sem hafi illt eitt í huga. Áhættufjárfestar og vogunarsjóðir koma upp í hugann. Staðreyndin er hins vegar sú að HS Orka er nú í eigu kanadísks fyrirtækis sem er sérhæft á sviði jarðhitanýtingar.

Magma Energy eignaðist ekki auðlindir á Íslandi. HS Orka á engar slíkar. Hins vegar hefur fyrirtækið rétt á að nýta auðlindir til orkuvinnslu í 65 ár. Það er of langur tími og vonandi auðnast mönnum að breyta lögum og semja upp á nýtt um styttri samningstíma.

Látið er að því liggja að mál stæðu öðru vísi ef í stjórnarskrá væri kveðið á um að náttúruauðlindirnar væru sameign þjóðarinnar. Slíkt ákvæði hefði ekkert með nýtingarrétt að gera. Eftir sem áður væri hægt að leigja hann öðrum, væntanlega útlendingum sem Íslendingum.

Stærsti viðskiptavinur HS Orku er Norðurál í Hvalfirði. Hugsanlegt er að kvöldmaturinn hafi staðið í forsvarsmönnum þess fyrirtækis þegar þeir heyrðu forstjóra Magma lýsa því yfir að orkuverð til álfyrirtækja á Íslandi væri of lágt og að þau gætu vel greitt hærra verð. Þessi skoðun forstjórans rímar vel við íslenskt almenningsálit. Hugsanlegt er að til verði ný viðmið um orkuverð til álfyrirtækja sem bæði Orkuveita Reykjavíkur og Landsvirkjun gætu notið góðs af.

Öllum er ljóst að Magma er ekki hingað komið til að framleiða rafmagn í góðgerðaskyni. Fyrirtækið ætlar að græða. Það ætlar að greiða upp hlutafjárkaupin og hagnast að auki á starfseminni. Og þar stendur sjálfsagt hnífurinn í kúnni. Gróði er á góðri leið með að verða bannvara á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2010**

Verður haldinn miðvikudaginn 2. júní 2010, kl. 17.00 í fundarsal BSRB á 1. hæð að Grettisgötu 89, 105 Reykjavík.

**Dagskrá:**
1. **Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins.**
2. **Önnur mál löglega upp borin.**

Allir sjóðfélagar sem og fulltrúar aðildarfélaga BSRB, BHM, KÍ og launagreiðendur eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta.

Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins.

***Reykjavík, 14.maí 2010***
***Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.***

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ósammála

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, er ekki par hrifinn af nýrri löggjöf um vinnustaðaskírteini; honum finnst það óhugnanlegt og í anda einræðisríkja á borð við Austur-Þýskaland. Því eru ekki allir sammála, til dæmis Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, sem greiddi atkvæði með frumvarpinu. Kannski má segja að Framsókn sé klofin í málinu – í austur og vestur.



### Bíður eftir umsögn

Hart var lagt að Steinunni Valdísi Óskarsdóttur að segja af sér þingmennsku á dögunum vegna frétta um að hún hefði þegið um tólf milljónir króna í styrki frá bönkum og einkafyrirtækjum í tveimur prófkjörum árið 2006. Steinunn varð ekki við því. Þess í stað kvaðst hún ætla að bíða eftir úrskurði umbótanefndar Samfylkingarinnar um þessi mál og taka ákvörðun út frá því.

### En heppilegt

Nú er sú nefnd tekin til starfa. Hún ætlar meðal annars að greina starfshætti Samfylkingarinnar, ábyrgð hennar og aðkomu stofnana flokksins að lykilákvörðunum og lykilmálum í ljósi niðurstaðna rannsóknarnefndar Alþingis. Á heimasíðu Samfylkingarinnar stendur enn fremur: „Tímabilið sem starf nefndarinnar beinist að fyrst og fremst er frá maí 2007 til janúar 2009.“



Árið sem Steinunn Valdís þáði tólf milljónir í styrki, og liggur undir ámæli fyrir, er sem sagt ekki undir í rannsókn umbótanefndarinnar.

bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Eins og Indefence - og fleiri

Fjármál stjórnmála- og áhrifasamtaka



Svavar Gestsson
fyrrverandi formaður samninganefndar Íslands vegna Icesave-reikninganna

Alþingi fjallar nú um frumvarp formanna stjórnmálaflokkanna um fjármögnun flokkanna. Það er gott. Þess sér stað í kosningabaráttunni að minna er um auglýsingar en áður – a.m.k. enn sem komið er. Allt er það á sínum stað. Það er stórkostleg framför sérstaklega frá þeim tíma þegar frambjóðendur sama flokks gengu fyrir dyr bankastjóra eins og bónbjargarmenn – ekki til að taka lán heldur til þess að sníkja peninga í kosningabaráttuna á móti félögum sínum. Þannig var oft staðið að framboðum, meðal annars að fyrsta framboði Samfylkingarinnar 1999. Það var slæmt. Enginn spurði þá hver borgaði; aðalspennan var sú hversu margir hefðu tekið þátt í prófkjörinu.

Fjölmiðlar sinntu ekki þessu eftirlitshlutverki sínu því miður.

En nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um fjármál stjórnmálaflokkanna. Og allir fagna því; einnig þeir sem söfnuðu hæstum upphæðum. Það er vel; það er til marks um nýja tíma.

En það er líka til marks um nýja tíma að flokkarnir eru ekki einu áhrifavaldarnir í stjórnmálum. Það sem kallað er þrýstihópar getur skipt miklu máli. Dæmi um það er Indefence-hópurinn. Þar er mikið af góðu og heiðarlegu fólki og það fólk vill örugglega að gerð verði grein fyrir fjármálum Indefence – það hefur kannski verið gert? Það minnir á að lögin um fjármál stjórnmálaflokka og framboða mega ekki aðeins ná til þeirra sem bjóða fram til forseta, Alþingis og sveitarstjórna. Það þarf líka að ná til þrýstihópa sem ég vildi eiginlega frekar kalla til dæmis áhrifasamtök eða eitthvað þess háttar. Undirskriftasöfnun Indefence hafði mikil áhrif fyrr í vetur, a.m.k. á forsetann. Þess vegna er brýnt að frumvarpið sem Alþingi fjallar um taki til allra sem beita sér gagngert fyrir því að hafa áhrif á skoðanir almennings. Eins og Indefence. Og fleiri.

> En nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um fjármál stjórnmálaflokkanna. Og allir fagna því; einnig þeir sem söfnuðu hæstum upphæðum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Nauðsyn niðurskurðar

Í DAG



Sverrir Jakobsson
Sagnfræðingur

Umræða um fjárlög næsta árs er nú þegar á villigötum. Alls staðar heyrir maður sama sönginn um nauðsyn niðurskurðar á sviðum sem varða þjóðina miklu, í mennta- og heilbrigðiskerfinu. Talað er um allt að 40 milljarða króna niðurskurð sem augljóslega mun hafa geigvænleg áhrif mjög víða og getur jafnvel lamað starf víða á spítölum og í skólum.

Því miður virðist ríkisstjórnin vera undir áhrifum frá þeim rétttrúnaði að aldrei megi hækka skatta. Þetta er sami rétttrúnaðurinn og leiddi af sér afdrifaríkustu hagstjórnarmistök seinasta áratugar að mati þáverandi forsætisráðherra. Þessi áróður styðst hins vegar ekki við staðreyndir. Því fer fjarri að skattbyrði sé há á Íslandi. Að minnsta er hún ekki svo há að við ættum að eyðileggja okkar góða heilbrigðiskerfi eða stefna sókn þjóðarinnar í menntamálum í voða vegna þess að ekki sé til fé til að standa und eða minna. Stór hluti íslenskra launamanna hefur því fengið skattalækkun nýlega. Þeir sem hafa minnst á milli handanna.

Nýútgefnar upplýsingar um orkuverð segja okkur að stóriðjufyrirtæki borgi minna fyrir orkuna á Íslandi en annars staðar í veröldinni, auk þess sem að samið hefur verið um rífleg skattfríðindi orkufyrirtækjum til handa. Það er auðvelt sem hægt er að endurheimta, ef ríkis-stjórnin hefur kjark til þess að endurvekja tímabærar hugmyndir um auðlindaskatt. Harður áróður Samtaka atvinnulífsins kom því miður í veg fyrir að það tækist á seinasta ári, en það er varla ástæða fyrir stjórnvöld að taka endalaust tillit til þessa þrýstihóps eftir að Samtök atvinnulífsins sögðu sig frá stöðugleikasáttmálanum. Auðlindaskattur gæti dregið verulega úr þörf fyrir niðurskurð. Samkvæmt mjög hófsömum tillögum stjórnvalda í fyrra hefði hóflegur auðlindaskattur skilað 16 milljarða tekjum eða næstum helmingi niðurskurðarins sem er boðaður núna. Er okkur virkilega stætt á því að láta þrýstihópa koma í veg fyrir að sú leið verði könnuð til hlítar? Eru tekjur álfyrirtækjanna svo heilagar að sjúklingar eigi að fá verri þjónustu frekar en að litið sé af alvöru á þennan tekjustofn? Svo ekki sé minnst á þá staðreynd að þessi fyrirtæki ganga nú á takmarkaðar orkulindir Íslendinga án þess að mikill innlendur virðisauki verði til af þeirri starfsemi.

> Er okkur virkilega stætt á því að láta þrýstihópa koma í veg fyrir að sú leið verði könnuð til hlítar? Eru tekjur álfyrirtækjanna svo heilagar að sjúklingar eigi að fá verri þjónustu frekar en að litið sé af alvöru á þennan tekjustofn?

undir því. Það verður á endanum mun dýrara heldur en skattahækkun til að brúa fjárlagagatið.

Skattar á Íslandi eru ekki háir og ríkisstjórnin sem nú situr hefur lækkað skatta hjá stórum hópi launafólks. Ef litið er til gagna frá Hagstofu Íslands voru meðallaun á Íslandi 334 þúsund krónur á mánuði á árinu 2009. Í frétt Hagstofunnar kom einnig fram miðgildi launa og einnig var gefið upp algengasta gildi sem ákveðið launabil. Skemmst er frá að segja að miðgildið er 282 þúsund á mánuði. Algengasta gildið er svo 175-225 þúsund. Helmingur vinnandi fólks hefur sem sagt lægri laun en 282 þúsund á mánuði, en stærsti hópurinn er mun verr launaður, hefur 175-225 þúsund krónur. Ríflega fimmti hver launamaður fellur í þennan hóp og sé þeim bætt við sem hafa minna en 175 þúsund, sést að hátt í 30% launafólks fær minna en 225 þúsund í mánaðarlaun. Seinasta fjárlagafrumvarp létti skattbyrði þessa hóps en samkvæmt því lækka skattar einstaklinga sem eru með 270 þúsund eða minna á mánuði og hjóna sem eru með 540 þús-

Einnig þarf að meta skuld íslenskra fyrirtækja við samfélagið sem þau hafa brugðist. Skattar á fyrirtæki eru lægri á Íslandi en víða annars staðar, en sá skortur á aðhaldi hafði sitt að segja um hegðun þeirra í aðdraganda hrunsins. Við höfum fylgst með því að undanförnu hvernig stjórnendur íslenskra fyrirtækja tóku milljarða út úr rekstri þeirra skömmu fyrir hrun. Því fer fjarri að íslenskir stóreignamenn hafi endurgreitt þjóðinni fórnarkostnaðinn af glæfraskap sínum í viðskiptum. Ein leið til þess væri í formi hærri skatts á allra hæstu tekjur. Það er staðreynd að hámarkstekjuskattsprósentan á Íslandi, 47%, er ekki há miðað við það sem þekkist erlendis. Hún var enn hærri víða um lönd hér áður fyrr. Á mesta hagsældarskeiði Bandaríkjanna, 1950-1960, var skattur á hæstu tekjur t.d. yfir 90%. Eigi að síður stóð atvinnulíf þar traustum fótum, ólíkt því sem var á Íslandi fyrir hrunið.

## AF NETINU

### Hundruð sitja um heimili bankamanna



Ekki á Íslandi, heldur í Washington DC. [...] Og auðvitað heyrast sömu kvartanirnar í Bandaríkjunum og hér á landi - svona mótmæli gangi nú "of langt", því þau valdi fjölskyldu bankamanna óþægindum, troði á friðhelgi einkalífsins og bitni á börnum. Háværinn var þó að stórum hluta til kominn vegna þess að mótmælendurnir voru að deila sorgarsögum af gjaldþrotum og því hvernig bankinn hafði hirt hús og íbúðir þeirra upp í veðköll eftir að hafa ekki verið til viðtals um breytingar á lánakjörum eða endurgreiðslum. Auðvitað veldur það mönnum óþægindum að þurfa að hlusta á svoleiðis sögur.

blog.eyjan.is/freedomfries

Magnús Sveinn Helgason

### Vald spillir



Eftir hrun voru þingmenn Vinstri grænna einu óspjölluðu meyjar íslenskra stjórnmála, en nú sjáum við hvernig ráðherrar flokksins sökkva bókstaflega á bólakaf ofan í dúnmjúka valdastólana – alveg eins og allir hinir.

Ekkert mál var að semja um fækkun ráðuneyta áður en í þá var komist en eftir að menn fengu bergt á sykursætu valdinu láta þeir stólana ekki svo glatt af hendi.

http://www.pressan.is/pressupennar/Lesa_Eirik_Bergmann/vald-spillir--lika-radherrum-vinstri-graenna

Eiríkur Bergman

ÓDÝR VINNUFATNAÐUR

ÞJARKUR VINNUFÖT






Opið alla virka daga 8–17

Knarrarvogi 4 | 104 Reykjavík | 533 6030 | thjarkur.is

Fyrirlestraröðin Reykjavík 2.0

7. maí: Menning er málið!
11. maí: Græna Reykjavík
19. maí: Reykjavík 2.0



Reykjavík 2.0

Hvernig færum við fólkinu völdin?

Reykjavík 1.0 var mjög góð. Á undanförnum árum hefur hins vegar verið unnið að uppfærslu með meira samráði við íbúa, beinu lýðræði og aukinni notkun netsins. Einnig hafa verið viðraðar hugmyndir um að kosið verði í hverfaráð borgarinnar beint af íbúunum.

En hvað meira? Hvað ber framtíðin í skauti sér? *Hvernig getur Reykjavík 2.0 litið út?*

Opinn hádegisfundur í Þjóðminjasafninu við Hringbraut, miðvikudaginn 19. maí milli kl. 12:00 og 13:00. Allir velkomnir.

**Hanna Birna Kristjánsdóttir** *borgarstjóri*
**Guðjón Már Guðjónsson,** *frá Hugmyndaráðuneytinu og Agora*
**Hildur Sverrisdóttir** *lögfræðingur*
Fundarstjóri: **Júlíus Vífill Ingvarsson,** *formaður skipulagsráðs Reykjavíkur*


Hanna Birna Kristjánsdóttir


Guðjón Már Guðjónsson


Hildur Sverrisdóttir


Júlíus Vífill Ingvarsson

www.xd.is/reykjavik

xD

# DAGUR UPPLÝSINGATÆKNINNAR 2010

## 20. MAÍ KL. 10:30 - 12:15 Í SALNUM KÓPAVOGI

**Hvernig má standa að nýsköpun í opinberum rekstri og hverju getur hún skilað? Reynsla annarra þjóða, íslensk dæmi um nýja afurð, ný vinnubrögð og nýja mælikvarða**

Að ráðstefnunni standa Stofnun stjórnsýslufræða og Félag forstöðumanna ríkisstofnana

ERINDI FLYTJA:

**Su Maddock**, *forstöðumaður The Whitehall Innovation Hub*
**Ómar H. Kristmundsson**, *dósent í stjórnsýslufræðum við H.Í.*
**Jón Ingi Björnsson**, *framkvæmdastjóri Trackwell*
**Sóley Guðmundsdóttir**, *framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu Vestfjarða um málefni fatlaðra*
**Vigdís Jónsdóttir**, *framkvæmdastjóri VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs*
**Guðmundur Hannesson**, *forstöðumaður ráðgjafarsviðs Ríkiskaupa*
**Kristín Linda Árnadóttir**, *forstjóri Umhverfisstofnunar*

SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SKY.IS

## 20. MAÍ KL. 12:00 - 17:00 Í SALNUM KÓPAVOGI

## HORFT TIL FRAMTÍÐAR

Ráðstefna UT-dagsins **20. maí kl. 12:00 – 17:00** í Salnum Kópavogi

Að ráðstefnunni standa forsætisráðuneytið, Skýrslutæknifélag Íslands, Samtök upplýsinga-tæknifyrirtækja, Stofnun stjórnsýslufræða og Félag forstöðumanna ríkisstofnana

SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SKY.IS

**12:00** **Skráning og afhending ráðstefnugagna**
**Létt hádegissnarl frá kl. 12:00 - 13:00**

**Spjall með sérfræðingum – umræðuefni eru eftirfarandi:**

- **ÚTFLUTNINGUR Á HUGBÚNAÐI**
*Andri Marteinsson, verkefnisstjóri, Björn H. Reynisson, verkefnisstjóri og Hermann Ottósson, forstöðumaður hjá Útflutningsráði*
- **SKATTALEGT UMHVERFI OG SJÓÐIR FYRIR UPPLÝSINGATÆKNI- OG NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKI**
*Jón Ásgeir Tryggvason, skrifstofustjóri hjá Ríkisskattstjóra, Sigurður Björnsson, sviðsstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs, Elísabet Andrésdóttir, sviðsstjóri alþjóðasviðs og Aðalheiður Jónsdóttir, kynningarstjóri hjá Rannís*
- **RAFRÆNIR REIKNINGAR- STAÐLAR OG INNLEIÐING**
*Ragnar T. Jónasson, formaður tækninefndar FUT um grunngerð rafrænna viðskipta og Baldur M. Bragason, sérfræðingur hjá Fjársýslu ríkisins*
- **RAFRÆN AUÐKENNING OG RAFRÆN EYÐUBLÖÐ Á ÍSLAND.IS**
*Rebekka Rán Samper, verkefnisstjóri Ísland.is og Halla Björg Baldursdóttir, verkefnisstjóri í rafrænni stjórnsýslu í forsætisráðuneyti*
- **RAFRÆN SKILRÍKI – ÚTGÁFA OG NOTKUN**
*Haraldur A. Bjarnason, sérfræðingur í fjármálaráðuneyti, Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landsbankans*

**13:00** **ÁVARP: KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**, *iðnaðarráðherra*

**13:15** **BREYTINGAR Á SKIPULAGI UPPLÝSINGATÆKNI- OG UMBÓTAMÁLA HJÁ RÍKINU**
*Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneyti*

**13:35** **SÓKNARÁÆTLUN 20/20 – FRAMTÍÐARSÝN UM TÆKNILEGA INNVIÐI SAMFÉLAGSINS**
*Dagur B. Eggertsson, formaður stýrihóps 20/20*

**13:55** **ÁRANGURSRÍKT SAMSTARF OPINBERRA AÐILA OG EINKAAÐILA - VIDENTIFIER FORENSICS**
*Steinarr Kr. Ómarsson, lögreglufulltrúi hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu*

**14:15** **NETUMSÓKNARKERFI FYRIR ATVINNULEYSISBÆTUR - HVAÐA HINDRANIR ÞURFTI AÐ YFIRSTÍGA OG HVER VAR ÁVINNINGURINN?**
*Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar*

**14:30** **KAFFI OG SPJALL MEÐ SÉRFRÆÐINGUM**

**14:50** **HVERNIG ER HÆGT AÐ BÚA Í HAGINN FYRIR VAXANDI UT-IÐNAÐ?**
*Hilmar Pétursson, formaður Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja og framkvæmdastjóri CCP*

**15:10** **VERÐMÆTASKÖPUN, ÚTFLUTNINGUR OG NÝ ATVINNUTÆKIFÆRI**
- **Helgi Helgason**, *rekstrarstjóri gagnavers Verne Global*
- **Magnús Ingi Óskarsson**, *Strategic Architect, Sabre Airline Solutions*
- **Vilborg Einarsdóttir**, *framkvæmdastjóri Mentor*
- **Jón Kristjánsson**, *framkvæmdastjóri Manna og músa*
- **Stefán Hrafnkelsson**, *framkvæmdastjóri Betware*

**16:00** **UPPLÝSINGATÆKNIVERÐLAUN SKÝRSLUTÆKNIFÉLAGS ÍSLANDS**
**ÁVARP OG VERÐLAUNAAFHENDING: GYLFI MAGNÚSSON**, *efnahags- og viðskiptaráðherra*
**LÉTTAR VEITINGAR**

**17:00** **RÁÐSTEFNUSLIT**

PORT hönnun

**RÁÐSTEFNUSTJÓRI: Guðbjörg Sigurðardóttir**, *skrifstofustjóri í forsætisráðuneyti*

Forsætisráðuneytið · ský · Samtök upplýsinga-tæknifyrirtækja · FFR Félag forstöðumanna ríkisstofnana · UT Dagurinn


# Að vera sakborningur

Dómsmál

Brynjar Níelsson
lögfræðingur



Fram hefur komið í fjölmiðlum að nokkrir starfsmenn Arion banka hafi stöðu sakbornings við rannsókn sérstaks saksóknara á málum sem tengjast Kaupþingi. Ekki var að sökum að spyrja að hávær krafa varð uppi um að viðkomandi starfsmönnum yrði sagt upp eða þeir leystir frá störfum meðan rannsókn færi fram. Gjarnan er vísað til siðferðissjónarmiða til rökstuðnings þeirri kröfugerð. Því er tilefni til að benda á nokkur mikilvæg atriði um réttarstöðu manna við rannsókn mála af þessu tagi, þar sem uppi er grunur um refsiverða háttsemi.

Kaupþing var stór banki á evrópskan mælikvarða þegar hann hrundi haustið 2008. Viðskipti voru margslungin og flókin og margir starfsmenn gátu komið að þeim með einum eða öðrum hætti. Má því gera ráð fyrir að fjölmargir starfsmenn kunni að búa yfir upplýsingum sem varða rannsókn sérstaks saksóknara. Þegar svo stendur á, þarf sérstakur saksóknari að ákveða hvort viðkomandi starfsmaður hafi réttarstöðu sakbornings eða vitnis, en réttindi og skyldur eru mismunandi eftir því hvora réttarstöðuna menn fá við rannsókn mála.

Sérstakur saksóknari hefur sjálfur lýst því yfir í fjölmiðlum, að þeim sem kunna að hafa komið að viðskiptum, sem til rannsóknar eru, sé frekar gefin réttarstaða sakbornings við upphaf rannsóknar, þar sem það gefur þeim aukin réttindi samkvæmt lögum. Sérstakur saksóknari hefur því talið að þegar vafi er uppi, sé rétt að gefa viðkomandi frekar stöðu sakbornings en vitnis. Að baki þessu liggja einnig varúðarsjónarmið, því hætta getur verið á að vitni, sem skylt er að svara spurningum að viðlagðri refsiábyrg, varpi ómeðvitandi á sig sök. Óvarkárni saksóknara að þessu leyti kann því að skaða rannsóknina.

Það er alþekkt við upphaf rannsóknar sakamála að ýmsir, sem ekki liggja undir sérstökum grun, fái réttarstöðu sakbornings. Við getum því öll fengið réttarstöðu sakbornings vegna hugsanlegrar vitneskju okkar um mál, sem til rannsóknar eru hverju sinni. Harkaleg viðbrögð, eins og krafa um brottrekstur og útilokun frá þátttöku í atvinnulífi, eru því í mörgum tilvikum fráleit. Rétt er því að leyfa forsvarsmönnum Arion banka og annarra banka að meta hvert tilvik fyrir sig hvað varðar þá starfsmenn sem þar starfa og hafa réttarstöðu sakbornings.

Krafan um brottrekstur starfsmanna sem hafa réttarstöðu sakborninga er hvorki réttmæt né eðlileg. Réttlát reiði, sem sumir vísa til, er engin afsökun fyrir kröfum af þessum toga. Þetta fólk og aðstandendur þeirra á nógu erfitt þó að það sé ekki svipt möguleikum á að afla sér lífsviðurværis. Það verður að teljast einkennilegt að veita fólki réttarstöðu sakbornings í þeim tilgangi að tryggja réttindi þess við rannsókn máls, ef það á síðan að leiða til þess að svipta eigi þetta sama fólk mikilvægum mannréttindum á öðrum sviðum. Slík siðferðisviðmið verða vonandi ekki höfð til hliðsjónar í íslensku samfélagi. Ef svo á að vera er kannski betur heima setið en af stað farið í þeirri viðleitni að búa til nýtt og betra samfélag.

> Það verður að teljast einkennilegt að veita fólki réttarstöðu sakbornings í þeim tilgangi að tryggja réttindi þess við rannsókn máls, ef það á síðan að leiða til þess að svipta eigi þetta sama fólk mikilvægum mannréttindum á öðrum sviðum.




MORGUNFUNDUR //

# Yfirtaka banka á atvinnufyrirtækjum

## Áhrif á samkeppni og endurreisn atvinnulífsins

**Fimmtudagur 20. maí kl. 8:30** Hilton Reykjavík Nordica, salur H&I, Suðurlandsbraut 2

**Dagskrá //** Fundarstjóri er **Rögnvaldur J. Sæmundsson**, formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins

**8:30** **Gylfi Magnússon**
*efnahags- og viðskiptaráðherra*

**8:45** **Páll Gunnar Pálsson**
*forstjóri Samkeppniseftirlitsins*

**9:00** **Vilmundur Jósefsson**
*forstjóri Gæðafæðis og formaður Samtaka atvinnulífsins*

**9:10** **Kristín Pétursdóttir**
*forstjóri Auðar Capital*

**9:20** **Þórður Friðjónsson**
*forstjóri NASDAQ OMX Iceland*

**9:30** **Birna Einarsdóttir**
*bankastjóri Íslandsbanka*

**9:40** **Umræður**

**9:50** **Fundarlok**

**Stóru viðskiptabankarnir þrír** hafa tekið yfir ýmis atvinnufyrirtæki á undanförnum misserum. Þessi ítök bankanna í atvinnulífinu, samhliða almennri fjármálaþjónustu þeirra, geta augljóslega haft óheppileg áhrif á samkeppni á viðkomandi sviðum atvinnulífsins.

**Samkeppniseftirlitið hefur brugðist við** þessu með ýmsum hætti. Í umræðuskjali nr. 2/2009, *Bankar og endurskipulagning fyrirtækja*, var fjallað ítarlega um þau sjónarmið sem hafa þarf í huga við endurskipulagningu banka á atvinnufyrirtækjum.

Þá hefur Samkeppniseftirlitið í nýlegum ákvörðunum leitast við að setja bönkunum leikreglur sem miða að því að takmarka óæskileg áhrif á samkeppni. Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 18/2009 hefur mikla þýðingu í þessu samhengi. Fræðast má nánar um þetta á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins, **www.samkeppni.is**.

**Á morgunfundinum verða þessi mál rædd frá sjónarhóli stjórnvalda, atvinnufyrirtækja, fjárfesta og fjármálafyrirtækja.**

FUNDURINN ER ÖLLUM OPINN
Vinsamlegast skráið þátttöku á **samkeppni@samkeppni.is**, fyrir kl. 12, miðvikudaginn 19. maí nk.

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ
Borgartúni 26, 125 Reykjavík,
www.samkeppni.is

PORT hönnun



**VERÐANDI MÆÐUR** velja oft ráð mæðra sinna frekar en ráð lækna og heilbrigðisstarfsfólks. Þetta kemur fram í nýlegri breskri rannsókn sem kannaði hug kvenna á ýmsum tímabilum. Konur sem eignuðust börn eftir 2000 voru þó líklegri til að leita að þekkingu víða, úr bókum, frá læknum, af Netinu og frá fjölskyldu. www.bbc.co.uk




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447












Atli Rúnar Hermannsson, dj Atli, kom þátttakendum í spinning í Laugum heldur betur á óvart þegar hann fékk félag sinn Erp Eyvindarson til að rappa í tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Rappaði í spinning-tíma

**Þátttakendur í hádegisspinning í World Class í Laugum fengu óvæntan glaðning á dögunum þegar tónlistarmaðurinn Erpur Eyvindarsson skaut upp kollinum og rappaði nokkur lög fyrir mannskapinn.**

„Ég bara mætti þarna í spinningtíma um hádegi, rappaði nokkur vel valin lög fyrir mannskapinn og kvaddi,“ segir Erpur, sem kom fram að beiðni samstarfsmanns síns og félaga til margra ára Atla Rúnars Hermannssonar sem hefur verið að þeyta skífum í spinning tímum í World Class í Laugum í vetur.

„Maður hefur verið að taka klúbbavinkilinn á þetta, svona þétta keyrslu með góðu bíti og ég vinn náið með kennurunum, sem gefa merki eftir því hvort eigi að hraða eða hægja á tónlistinni,“ segir Atli og bætir við að heimsókn Erps hafi verið vel tekið. Rapparinn samsinnir því. „Þau voru alveg að fíla þetta, sérstaklega píurnar. Þetta var svolítið eins og að koma fram á hip hop giggi, þar sem allir hreyfðust auðvitað sjálkrafa taktfast.“

Þetta er í fyrsta sinn sem Erpur treður upp á líkamsræktarstöð. Hann segist þó vera öllu vanur til dæmis hafi hann í gegnum tíðina spilað á Litla-Hrauni, í barnaafmælum, á kvennakvöldum, í afmæli hjá presti, þar sem hann var beðinn um að fara með allar sínar klámfengnustu rímur, og auk þess komið fram með Sollu stirðu. „Í síðustu viku rappaði ég síðan í þrítugsafmælinu hjá honum Glysnigga, eins og ég kalla Gillzenegger. Það var mjög fyndið, þú veist, fullt af svona aflituðum körlum sem sofa í ljósabekkjum.“

Erpur útilokar því ekki að hann muni einhvern tímann taka aftur lagið í spinning-tíma hjá dj Atla félaga sínum. „Ekki málið, ég er alveg til í þetta allt saman. Það er enginn óhultur,“ segir hann og glottir og Atli segðist hafa gaman af því að fá félagann aftur í heimsókn við eitthvert gott tækifæri.

En eru drengirnir duglegir að taka á því í ræktinni. „Já, já, ég er að æfa á fullu, lyfta og þess háttar,“ segir Atli. Erpur hugsar sig um. „Það er nú eitthvað minna um það. Ég var á kafi í sundi og siglingum þegar ég var yngri, það var nú alveg helvíti gott en menn hreyfa sig núna bara þegar þeir nenna.“

*roald@frettabladid.is*





**2 frábærir fyrirlestrar**
**hjá Maður lifandi**



**Lykillinn að þinni leið – jákvætt hugarfar er þinn fjársjóður**
**Þriðjudaginn 18. maí kl. 17:30–20:30**
**Fyrirlesari:** Arnbjörg Finnbogadóttir
Coaching/Lífsþjálfi
Verð 4.900 kr.
Heilsusamleg máltíð innifalin.



**Matur-melting-upptaka**
**Fimmtudaginn 20. maí kl. 17:30–19:30**
**Fyrirlesari:** Kolbrún Björnsdóttir
grasalæknir
Verð 2.900 kr.

*Sjá nánar á heimasíðu okkar www.madurlifandi.is*

maður lifandi
Borgartún 24 – Hæðarsmára 6 – Hafnarborg s. 58 58 700 www.madurlifandi.is

;ALLT
**Á FERÐINNI**
**Miðvikudaga**

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473
**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427
**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447

# BÖRN

**AÐ ÞORA AÐ VERA FORELDRI** er yfirskrift morgunverðarfundar samstarfshópsins Náum áttum, sem haldinn verður á morgun á Grand Hóteli Reykjavík frá 8.15 til 10. Rætt verður um unglinga og áfengi, og fjölskylduna sem öryggisnet. www.landlaeknir.is










„Bestu myndirnar eru hæfar í sjónvarp. Það kemur iðulega fyrir að við hringjum í kennarana til að fullvissa okkur um að krakkarnir hafi örugglega gert þetta sjálfir," segir Marteinn Sigurgeirsson, umsjónarmaður Kvikmyndahátíðar grunnskólanna, Taka 2010, sem fram fer í Sambíóum Kringlunni á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kvikmyndahátíð með sögu

**Kvikmyndahátíð grunnskólanna, Taka 2010, verður haldin í Sambíóunum Kringlunni á morgun frá 15 til 17. Þar verða bestu myndirnar sýndar, en Marteinn Sigurgeirsson telur sumar þeirra vel hæfar í sjónvarp.**

Taka 2010, Kvikmyndahátíð grunnskóla í Reykjavík, er ein elsta kvikmyndahátíð hér á landi en hún verður haldin í 29. skipti á morgun.

Marteinn Sigurgeirsson, umsjónarmaður hátíðarinnar, er líka einn af upphafsmönnum hennar. Hann segir hátíðina heldur betur hafa breyst í gegnum árin. „Við byrjuðum í stofu með svörtum plastpokum fyrir gluggunum og sýndum myndir á 8 mm sýningarvél á tjald. Þá var bara einn flokkur stuttmynda og aðallega unglingar sem tóku þátt," segir Marteinn en í dag er keppt í flokki hreyfimynda, stuttmynda og heimildarmynda í tveimur aldursflokkum 10 til 12 ára og 13 til 16 ára.

Helstu breytingarnar á hátíðinni urðu með auknum tækniframförum. „Upp úr 1980 tók VHS-tæknin við og sýnt var á 28 tommu sjónvarpsskjá. Næsta þróun varð þegar skjávarparnir komu árið 1990 og gæðin urðu betri með Super VHS. Í kringum 1995 kom síðan stafræna tæknin og skjávarparnir voru orðnir betri og þá var loks sýnt á stóru tjaldi aftur." segir Marteinn. Fyrir tíu árum var ásóknin orðin það mikil að ákveðið var að fjölga flokkum og aldursskipta keppendum. „Fyrir fjórum árum urðu svo þáttaskil þegar hátíðin var fyrst haldin í kvikmyndahúsi, þá Tjarnarbíói en fyrir tveimur árum var hátíðin haldin í Sambíóunum Kringlunni," segir Marteinn sem telur gæði myndanna í keppninni oft vera það mikil að þær ættu vel heima í sjónvarpi.

Hann segir krakkana mjög næma á myndmálið og segi oft góða sögu. „Það kemur iðulega fyrir að við hringjum í kennarana til að fullvissa okkur um að krakkarnir hafi örugglega gert þetta sjálfir," segir hann glettinn. Sérstaklega dáist hann að framförum í hreyfimyndagerð enda margir ungir krakkar orðnir hálfgerðir sérfræðingar í vinnslu hreyfimynda í tölvum.

En hvaðan sækja krakkarnir innblástur? „Umfjöllunarefnið í myndunum kemur úr umhverfi krakkana og lífi en einnig er þar að finna spennu og ástir og allt þar á milli," upplýsir Marteinn.

Um fimmtíu til sextíu myndir bárust á hátíðina í ár en dómnefnd valdi úr þær bestu til að sýna á hátíðinni. Það kemur í ljós á hátíðinni sjálfri hvaða myndir urðu fyrir valinu og úrslitin eru kynnt í lok hátíðarinnar. Verðlaunin eru áritað klapptré og þrjár bestu myndirnar fá verðlaunapening. „Svo er einnig valinn besti karl- og kvenleikarinn þannig að það er Óskarsstemning yfir þessu," segir Marteinn glaðlega. Hátíðin fer fram í Sambíóunum Kringlunni milli 15 og 17 á morgun miðvikudag. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

*solveig@frettabladid.is*






# Í sporum Glanna og Sollu

**Gestir Reykjanesbæjar geta sett sig í spor Sollu stirðu, Íþróttaálfsins og Glanna glæps í haust en til stendur að opna ævintýragarð í bænum á Ljósanótt með leikmunum úr Latabæ.**



Guðmundur Magnason, framkvæmdastjóri Latabæjar, ásamt Baldri, bæjarstjóra Latabæjar og Árna Sigfússyni, bæjarstjóra Reykjanesbæjar.

„Við erum að setja upp opnar safnageymslur í 4000 fermetra húsnæði í Rammanum þar sem rekin verður menningartengd ferðaþjónusta. Munir úr Latabæ fá 1200 fermetra svo hægt verður að raða þeim upp á skemmtilegan hátt," segir Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi Reykjanesbæjar, og lofar góðri skemmtun.

„Þetta gæti orðið ævintýraleg upplifun fyrir börnin að fara þarna í gegn og góð skemmtun fyrir alla. Við sjáum líka tækifæri í að fá erlenda ferðamenn í heimsókn en Latibær er þekktur víða, til dæmis í Bretlandi. Ferðafólk gæti þá komið við á leiðinni frá flugvellinum."

Þegar er búið að opna handverksmarkað í öðrum enda hússins en eins verða safnageymslur Byggðasafns og Listasafns Reykjanesbæjar á staðnum. Valgerður segir því sunnudagsbíltúr í plássið vel þess virði fyrir alla fjölskylduna.

*- rat*





Barnafötin frá Ígló komu fyrst á markað síðasta sumar.


Jersey-efni eru í flestum fötum frá Ígló, eins og þessari skærbláu jakkapeysu.

# Ungbarnaföt og flís

**Íslenska barnafatalínan Ígló, sem Helga Ólafsdóttir hannar og á ásamt Lovísu Ólafsdóttur, hefur slegið í gegn síðustu mánuði. Ný sumarlína er væntanleg og bætast föt inn í línuna á þau allra minnstu.**

Ígló-fötin eru einföld og sniðin eftir þörfum barna fyrir hreyfingu. Stelpuflíkurnar eru skreyttar pífum og slaufum og strákafötin eru skreytt með ásaumuðum fígúrum.


Helga Ólafsdóttir fatahönnuður.

„Þetta er önnur lína frá Ígló en þá fyrri sýndum við síðastliðið sumar. Línan er hugsuð sem sumarlína og samanstendur meðal annars af bolum, kjólum, hettupeysum, buxum, blússum og leggings. Við höfum aukið vöruúrvalið og bætt til dæmis inn krúttlegum barnafötum,“ segir Helga.

Litapalettan er sótt til exótískra eyja þar sem húsin eru máluð í sterkum litum og flamingóar labba um á ströndinni. Þessum sterku litum er svo blandað saman við gráa og dempaðri tóna. Sumarlínan inniheldur einnig flísfatalínu þar sem flísið er þunnt og mjúkt og hentar því vel í íslensku sumarveðri. Má þar til að mynda nefna ungbarnagalla, húfu og vettlinga. „Við notum annars jersey-efni í flest fötin, hvort sem það er klassísk jakkapeysa með gamaldags olnbogabótum, fín blússa eða slaufukjóll.“


Pífur eru saumaðar á þunna flíspeysuna.

# Eldfjöll og kofar

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK STENDUR FYRIR SKEMMTILEGUM NÁMSKEIÐUM Í SUMAR. VIÐFANGSEFNIN ERU MARGVÍSLEG, FRÁ ELDFJÖLLUM TIL SÓLKERFA.

Sumarnámskeið fyrir börn og unglinga hefjast 7. júní hjá Myndlistaskólanum í Reykjavík. Skipt er í hópa eftir aldri, 6-9 ára, 10-12 ára og svo eru námskeið fyrir unglinga, 13-16 ára.

„Námskeiðin eru ýmist í viku eða tvær og standa í júní og svo eina viku í ágúst. Unnið er út frá ákveðnu þema á hverju námskeiði og á öllum námskeiðunum er bæði unnið úti og inni,“ segir Þorbjörg Þorvaldsdóttir, deildarstjóri barna- og unglingadeildar Myndlistaskólans í Reykjavík.


Spennandi þemu eru á sumarnámskeiðum fyrir börn og unglinga sem hefjast 7. júní. Þorbjörg Þorvaldsdóttir er deildarstjóri barna- og unglingadeildar Myndlistaskóla Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Af námskeiðunum má til dæmis nefna eitt sem kallast plánetur, eldfjöll og ormagöng. Þar fá krakkarnir að skapa sinn eigin heim þar sem þau byggja eldfjöll og heilu sólkerfin úr minnstu einingum umhverfisins. Annað námskeiðið ber yfirskriftina kofar, skýli, býli og skjól þar sem byggingar og arkitektúr mismunandi menningarheima eru til skoðunar og á námskeiðinu verður byggður kofi. „Sumarnámskeiðin hafa notið mikilla vinsælda um árin og við fáum oft sömu krakkana til okkar sumar eftir sumar,“ segir Þorbjörg.“ *-jma*


Krakkarnir vinna bæði úti og inni á námskeiðunum sem standa annað hvort í viku eða tvær vikur í senn. MYND/ÚR EINKASAFNI


Aðeins það besta fyrir börnin!



Nestlé
Fjölbreytt og gott veganesti fyrir lífið
www.barnamatur.is

Gerber
Því lengi býr að fyrstu gerð



REYKJAVIK EYES

LEITAR AÐ KRAFTMIKLUM 4-7 ÁRA KRÖKKUM

Krökkum sem eru til í að prófa fyrir okkur ný og byltingarkennd barnagleraugu næstu mánuði með öllu því príli, hoppi og látum sem því fylgir.

Að loknu reynslutímabili gefa börnin ásamt foreldrum smá skýrslu um þeirra reynslu og barnið fær gleraugun til eignar.





Þeir sem vilja leggja okkur lið geta sent okkur tölvupóst á test@reykjavikeyes.com þar sem fram kemur Nafn barns og umráðamanns, mynd af barninu og styrkleiki gleraugna.

Draumaland.is
Gentle Giraffe á 15% afslætti

Gentle Giraffe
• Gefur frá sér 4 róandi hljóð
• Tímastillir, slekkur á sér eftir 23/45 mínútur
• Hjálpar börnum að sofa betur
Draumaland.is



Klakabox geta komið þeim að góðum notum sem annast smábörn sem eru að byrja að borða. Maukaða matarafganga og afganga af grænmetis- og ávaxtamauki er upplagt að setja í boxin og afþýða í hæfilegum skömmtum. Magnið fer eftir magamáli barnsins. Gráupplagt sparnaðarráð!

**Heimild: matarkarfan.is**



Hrafn Ingimundarson er einn eigenda Barnasmiðjunnar sem Íslendingum er kunn fyrir slitsterk, falleg, skemmtileg og traust leiktæki. Hér er hann á Krumma Kots-sandkassa með renndu loki sem nýtist jafnt sem borð og sæti. Lokið er níðsterkt og þolir mikinn ágang veðurs og manna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hvetja til leiks og lífsfjörs

**Krumma Kot er ný leiktækjalína Barnasmiðjunnar, hönnuð með þarfir heimila og sumarhúsa í huga. Hún sameinar styrk og gæði Krumma Gull-leiktækja sem landsmönnum eru kunn af opinberum leiksvæðum.**

„Krumma Kot samanstendur af rólum, sandkassa og litlu húsi, en leiktækin eru níðsterk og engin hætta á að þeim sé ofgert þótt fullorðnir noti þau til leiks með börnum sínum. Við smíðina höfðum við Krumma Gulls-leiktækin til viðmiðunar en leggjum minna upp úr útliti meðan hvergi er slakað á öryggiskröfum,“ segir Hrafn Ingimundarson eigandi Barnasmiðjunnar sem hann stofnaði í félagi við eiginkonu sína Elínu Ágústsdóttur 1986. Nýlega tók við rekstrinum dóttirin Jenný Ruth Hrafnsdóttir vélaverkfræðingur.

„Elín er leikskólakennari og sá ákveðna þörf fyrir nýjungar í leiktækjum barna. Þar með gripum við tækifærið til að koma með eitthvað nýtt á leikvelli landsins og höfum haldið óslitið áfram íslenskri hönnun og framleiðslu í aldarfjórðung,“ segir Hrafn sem byrjaði á framleiðslu vegasalta. Hann segir Krumma Kots-leiktækin vera í sömu stærðum og fyrirfinnast á leikvöllum. „Rólurnar eru tveggja sæta og geta verið blanda af dekkjarólu og sætarólu, en einnig má setja í þær ungbarnasæti. Við mælum þó gegn því að blanda saman ungbarnarólu og öðrum tegundum sæta og í öryggisstöðlum er það bannað, þótt stundum sjáist slík blanda til einkanota við



Krumma Kots-leiktækin eru grófari útlits en Krumma Gull-leiktækin sem landsmenn þekkja af leikvöllum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

heimahús. Bannið kemur til af því að burðarsæti smábarna er þyngra og getur við leik sveiflast utan í eða fyrir þann sem rólar við hliðina. Þarna er við þroskamismun að etja þar sem blandast saman ungbarnaleikur og leikur þroskaðri barna sem orðinn er hraðari fyrir vikið,“ segir Hrafn og bendir á þá þumalputtareglu að blanda rólum aldrei saman við önnur leiktæki og gæta ávallt góðrar fjarlægðar á milli.

Hann segir dekkjarólur sér norrænt fyrirbæri og vinsælastar hérlendis, í Danmörku og Noregi.

„Róludekk þurfa að vera af ákveðinni stærð; óslitnir og nýir sumarhjólbarðar. Gömul dekk eru ónothæf vegna slits og þá skapast hætta á að börn slasi sig á vírum. Þá hafa dekk drukkið í sig tjöru og heilsuspillandi efni fyrir börn,“ segir Hrafn og bætir við að dekkjarólur gefi börnum færi á samhliða leik. „Sætarólur eru þó vinsælli og á margan hátt öruggari, ekki síst ef tvö dekk eru saman í rólu, en það leyfum við ekki nema í okkar stærstu rólum því börn eiga til að sveifla sér til hliðar með tilheyrandi slysahættu.“

Barnasmiðjan er ein á sínu sviði með EN1176-vottun á leiktækjum sem er samevrópskur öryggisstaðall.

„Þetta orðinn heilmikill iðnaður, þar sem leiktæki er hannað, forsmíðað og vottað, auk þess sem verkfræðingar reikna út hvers kyns krafta áður en það fer í framleiðslu. Við skerum okkur svo úr með litum og formum sem höfða til barna og eru í senn glaðleg og hvetjandi til leiks.“

*thordis@frettabladid.is*

Bókaklúbbur barnanna
ARGH! 0410


Sígild ævintýri ásamt geisladiski í hverjum mánuði.
Fyrsta bókin á aðeins 945 krónur!
Skráðu þig á: klubbhusid.is
eða í síma 528-2000

VINDHÓLL
Reiðskólinn Vindhóll Mosfellsdal
Reiðnámskeið fyrir börn og unglinga
Vikulöng námskeið sem hefjast 8. júní og standa yfir í 8 vikur
Kennt er allan daginn frá klukkan 9-16. Heitur matur í hádeginu
Dagsetningar sem í boði eru:
• 8. júní til 11. júní
• 14. júní til 18. júní
• 21. júní til 25. júní
• 28. júní til 2. júlí
• 5. júlí til 9. júlí
• 12. júlí til 16. júlí
• 19. júlí til 23. júlí
• 26. júlí til 30. júlí

Farið verður vandlega yfir umhirðu hestsins ásamt almennri reiðkennslu. Leiðbeinandi er Anna Bára Ólafsdóttir
Nánari upplýsingar og bókanir í síma 861-4186
www.vindholl.is

Meðgöngufatnaður
í stærðum xxs -xxl
Boob brjóstagjafafatnaður
Flottir gjafahaldarar
Tvö Líf er einnig orðin barnafataverslun
með frábæru NOPPIES barnafötin
í stærðum 50-104

tvö líf
Holtasmári 1 · © 517 8500
www.tvolif.is

# skólar og námskeið






FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HÓTEL OG MATVÆLA SKÓLINN

MATSVEINA- OG MATARTÆKNANÁM

Hvað er í matinn?

Matsveina- og matartæknanám fyrir þá sem starfa eða vilja starfa í mötuneytum vinnustaða og á fiski- og flutningaskipum, í eldhúsum heilbrigðisstofnana, leikskólum og skólum.

INNRITUN STENDUR YFIR!

www.mk.is

Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN






Framundan er litríkt og spennandi sumar hjá NAGLASKÓLA PROFESSIONAILS!

Tekið er við skráningum núna í símum 588-8300/ 553-7900 eða á www.snyrtiakademian.is

SNYRTI-AKADEMÍAN

SNYRTISKÓLI - NAGLASKÓLI - FÖRÐUNARSKÓLI - FÓTAAÐGERÐASKÓLI

www.snyrtiakademian.is • Hjallabrekka 1 • sími 553-7900


Hlutirnir sem stóðu eftir vinnuferlið frá vasa til könnu.


Brynhildur Pálsdóttir vöruhönnuður og Hildur Ýr Jónsdóttir skartgripahönnuður kenndu vel heppnað námskeið í mótun við Myndlistaskólann í Reykjavík í samvinnu við Ólöfu Erlu Bjarnadóttur deildarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Á námskeiðinu kynntust nemendur eiginleikum postulíns og unnu rannsókn á stútum og handföngum sem þeir bættu á vasann svo úr varð kanna.

# Munu hanna fyrir Kahla

**Myndlistaskólinn í Reykjavík hefur síðastliðna þrjá vetur boðið upp á námið Mótun, leir og tengd efni. Námskeiðinu Tilraunastofan postulín var að ljúka en það gat af sér samvinnu við postulínsverksmiðjuna Kahla.**

„Hluti annarinnar fer í að heimsækja postulínsverksmiðjur í Þýskalandi og í ár heimsóttum við meðal annars Nymphenburg, Rosenthal og Kahla,“ útskýrir Brynhildur. „Á lokaönn munu nemendur síðan hanna hluti fyrir Kahla og verða tveir nemendur valdir til að dvelja á módelverkstæði verksmiðjunnar og vinna prótótýpur.“

Brynhildur segir íslenskum nemendum hollt að kynnast breidd postulínsverksmiðja í Þýskalandi en hópurinn skoðaði allt frá verksmiðjum, sem knúðar eru af vatnsmyllum, til hátæknivæddra iðnverkstæða.

„Markmið annarinnar var að nemendur kynntust efninu postulíni gegnum tilraunir en postulínsiðnaður á sér enga sögu hér á landi. Við fengum þeim klassískan postulínshlut, vasann, sem viðfangsefni út önnina og prófuðum síðan ýmsar óhefðbundnar leiðir með efnið. Útkoman varð því bæði óvænt og spennandi. Í ferðinni keyptu nemendurnir einnig minjagrip sem þeir bættu við vasann og eftir að hafa unnið rannsókn á stútum og handföngum breyttu þau vasanum í könnu. Önnin var ein samfelld tilraun og niðurstöðurnar endurspegla vinnuferlið.“

Brynhildur og Hildur Ýr eru sammála um að verkefnið hafi tekist vel. Tilraunastofan postulín verður aftur á námsskrá skólans að ári og rennur umsóknarfrestur út 30. maí. Nánar á heimasíðu skólans, www.myndlistaskolinn.is *- rat*

# Úr stærðfræði í myndlist

Allt stefndi í að myndlistarneminn Halla Þórlaug Óskarsdóttir færi í strembið raungreinanám fyrir nokkrum árum en hún tók hins vegar nýja stefnu og nemur myndlist við Listaháskóla Íslands.

„Ég útskrifaðist af stærðfræðibraut frá MR og var búin að skrá mig í stærðfræði í Háskóla Íslands. Ég hef hins vegar alltaf haft gaman af því að teikna og ákvað að skella mér í myndlistarfornám til að vita hvernig mér líkaði. Mér líkaði stórvel og ákvað að elta draumana,“ segir Halla sem er að ljúka fyrsta ári af þremur og bætir við: „Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að ég gæti lært eitthvað sem mér þætti svona hrikalega skemmtilegt.“


Halla lét drauminn rætast og fór í myndlist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Halla er stödd á sex daga námskeiði í Tallin eins og er en það fjallar um samspil hljóðs og myndlistar. „Listaháskólinn er í samstarfi við skóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum og er nokkrum nemendum boðið að sækja námskeið á hverju ári,“ útskýrir Halla. Hún lenti reyndar í smávegis hremmingum á leiðinni vegna gossins í Eyjafjallajökli og um tíma var ekki víst að hún kæmist á leiðarenda. „Ég missti af fluginu og þurfti að kaupa nýjan miða en þetta hafðist þó allt saman fyrir rest,“ segir hún glöð í bragði.

Halla stefnir síðan á að fara í skiptinám eftir næstu jól enda segir hún litið vel til þess að myndlistanemar víkki sjóndeildarhringinn. Hana langar mest til Parísar og hefur augastað á École de Communication Visuel. *- ve*

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


Þorvaldi Ásgeirssyni opnaðist nýr heimur í Hringsjá, starfs-og endurhæfingu.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Hringsjá stökkpallur

Eftir að Þorvaldur Ásgeirsson slasaðist illa á sjó sumarið 2006 tók líf hans nýjan kúrs. Hann hafði starfað við sjómennsku frá 1989 en meiðslin sem hann hlaut útilokuðu hann frá líkamlegri vinnu og skólamenntun hans var til fárra fiska metin. Vonleysið helltist því yfir. Nú er hann kominn langleiðina með Háskólabrúna í Keili og er á leið í nám í orku-og umhverfis-tæknifræði í haust við sama skóla. Hvað gerðist?

„Ég væri ekki á þessari leið ef ég hefði ekki komist inn á Reykjalund í endurhæfingu því þar fór að rofa til. Ég fékk mikinn stuðning til að komast inn í Hringsjá, náms- og starfsendurhæfingu, og mér opnaðist nýr heimur. Í uppvextinum þvældist ég milli grunnskóla og á unglingsárunum sat námið algerlega á hakanum þannig að ég kolféll á samræmdu prófunum. En í Hringsjá fékk ég allan grunninn og kennslan þar hefur nýst mér rosalega vel. Ég tók bara tvær annir af þremur og fór beint á Háskólabrúna í Keili í fjarnámi. Þar er ég að raungreinasviði og hef fengið góða meðaleinkunn í því sem komið er. Brautin klárast í júlí og ég byrja í orku-og umhverfistæknifræðinni í ágúst. Þá fæ ég íbúð á gamla Varnarliðssvæðinu.“

Þorvaldur kveðst hafa lært að vinna á sjónum og sú reynsla hafi nýst honum í náminu því þar gerist ekkert fyrirhafnarlaust. „Hringsjá gerði kraftaverk á mér, hún var stökkpallur út í nýtt líf. Margir sem voru með mér þar hafa líka komist vel áfram. Einn er til dæmis farinn að kenna. Það er góður árangur.“ *- gun*

● **LEGO-NÁMSKEIÐ** Hönnuðurinn og hugmyndasmiðurinn Jóhann Breiðfjörð stendur fyrir fjögurra daga tækni-LEGO námskeiðum fyrir krakka á aldrinum 6 til 13 ára í sumar.

Krakkarnir læra að nota tannhjól, gírun, mótora, loftjakka og fleira og fá aðstoð við að skapa sín eigin módel. Ekki er ætlast til þess að börnin taki neitt LEGO með sér þar sem um 100 kíló af tækni-LEGO-kubbum verða á staðnum, en námskeiðin verða haldin í grunnskólum víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu í sumar. Námskeiðin eru öllum opin, hámarksfjöldi er tólf á hvert námskeið og verður reynt að raða niður á námskeið eftir aldri. Nánari upplýsingar um staðsetningar og tíma má finna á nyskopun.is.




MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

# Nám sem nýtist þér!

## Innritun er hafin á:

▶ **Skrifstofubraut I**

Er tveggja anna hagnýt braut þar sem **höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.**
**Kennslutími:** Kl. 8:20 – 13:00. Kennsla hefst 24. ágúst. Brautin er einnig kennd í fjarnámi – sjá mk.is

▶ **Skrifstofubraut II - rekstrarfulltrúi**

Sjálfstætt tveggja anna framhaldsnám á skrifstofubraut II. **Mikil áhersla er lögð á tölvunám, viðskipta- og samskiptagreinar.**
**Inntökuskilyrði:** Krafist er þekkingar í ensku, bókfærslu og tölvunotkun.
Þeir nemendur sem lokið hafa námi af skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi ganga fyrir um skólavist.
**Kennslutími:** Kl. 8:20 – 13:00. Kennsla hefst 24. ágúst.

▶ **Office Skills Programme for Foreign Students**

Office Skills Programme for students, over the age of 20, not having Icelandic as their mother tongue.
The courses are taught both in basic Icelandic and English.
**Time:** Mondays, Tuesdays and Wednesdays from 17:30 to 20:30. See mk.is

**Upplýsingar veitir Inga Karlsdóttir fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/8244114 eða í inga.karlsdottir@mk.is**

# ENSKA ÁN ERFIÐIS




**Frábær leið til þess að læra ensku þegar þér hentar, hvar sem þú ert Heima, í sumarbústaðnum eða í bílnum**

**Hlusta:** Nám á 18 geisladiskum með enskum og íslenskum kennurum. Nemandinn hlustar á geisladiskana og nýtir þannig heyrnaminni sitt.

**Lesa:** Vinnubók með ensku og íslensku textunum hlið við hlið. Nemandinn nýtir þannig sjónminni sitt og tengir jafnframt við eldri námsaðferðir.

**Tala:** Nemandinn les upphátt með kennurunum og leiðréttir þannig framburð sinn, jafnframt nýtir hann tilfinningaminni sitt og færni í að tala ensku.

**Aðstoð:** Nemandinn getur haft samskipti við kennara símleiðis eða með tölvupósti

* *Námskeiðið hefur reynst mjög vel fyrir nemendur eldri en 25 ára.*

**Nánari upplýsingar í síma 540-8400 eða 820-3799** ungumál.is

HÓTEL STJÓRNUN

NÁM Á HÁSKÓLASTIGI

# Viltu starfa á alþjóðavettvangi?

César Ritz

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



Spennandi námsmöguleiki fyrir nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi og/eða iðnnámi í matvælagreinum. Nemendur útskrifast með Diplóma í Hótel og veitingarekstri og geta í framhaldi lokið BS námi í Sviss.

INNRITUN STENDUR YFIR!

www.mk.is

Nánari upplýsingar á www.cesarritz.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000



Þórshamar kennir krökkum sjálfsvarnaríþróttina karate á leikjanámskeiðum félagsin í sumar.

## Karate-leikjanámskeið

Þórshamar býður upp á skemmtilega nýjung í sumar en félagið heldur leikjanámskeið þar sem krakkarnir læra karate í leiðinni. Hvert námskeið stendur yfir í tvær vikur og er fyrir börn fædd á árunum 1998-2004. Í lok námskeiðs taka krakkarnir próf til að fá nýtt belti í karate.

Farið verður í stuttar heimsóknir, svo sem í Húsadýragarðinn og á hverjum degi er að minnsta kosti ein karateæfing.

Leiðbeinendur eru þjálfarar úr röðum Þórshamars en námskeiðin eru bæði fyrir byrjendur í karate og krakka sem hafa æft eða æfa íþróttina. *- jma*



Tímarnir eru sérstaklega ljúfir og rólegir.

## Jóga fyrir eldri borgarara

Yogastöðin Heilsubót býður upp á jóganámskeið fyrir eldri borgara. Tímarnir eru að því er fram kemur á heimasíðu Yogastöðvarinnar einstaklega ljúfir og rólegir og eiga að auðvelda fólki sem er farið að eldast og stirðna að lifa betra og lengra lífi.

Stöðin er rekin af hjónunum Krsta Stanojev og Sigfríði Vilhjálmsdóttir að Síðumúla 15 og þar er auk þess hægt að stunda jóga fyrir byrjendur, hefðbundið jóga, kraftjóga og jóga fyrir barnshafandi. Byrjendatímarnir geta líka hentað eldra fólki og þeim sem eru óvanir en þar er farið hægt og rólega í öll undirstöðuatriði jógaiðkunar. Sjá nánar á www.yogaheilsa.is. *- ve*

**● SUND FYRIR FULLORÐNA** Upplýsingar um byrjendanámskeið fyrir fullorðna er að finna á vefsíðunni www.syndaselur.com. Námskeiðin fara fram í grunnri laug í Sundhöll Reykajvíkur við Barónsstíg á þriðjudögum og laugardögum. Boðið er upp á einstaklings-miðaða kennslu eftir því hvort viðkomandi vill læra skriðsund, bringusund eða eitthvað annað. Námskeiðin eru ætluð ósyndum eða lítt syndum einstaklingum og vatnshræddum. Á vefsíðunni er líka að finna upplýsingar um sund fyrir aldraða, vatnsleikfimi og margt fleira. Kennari er Brynjólfur Björnsson.






UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL 31. MAÍ

# NÁM
VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

Háskólinn í Reykjavík er framsækinn rannsóknarháskóli sem býður nemendum og starfsfólki kraftmikið alþjóðlegt starfsumhverfi. HR hefur skapað sér sérstöðu sem háskóli atvinnulífsins og er í dag stærsti tækni- og viðskiptaháskóli Íslands. Við skólann starfa margir af fremstu vísindamönnum landsins, auk þess sem fjölmargir kennarar skólans koma frá virtum erlendum háskólum. Mikil áhersla er lögð á persónuleg tengsl nemenda og kennara, en þau hafa frá upphafi verið grundvallarþáttur í starfi Háskólans í Reykjavík.

NÁMSLEIÐIR Á GRUNNNÁMS-, MEISTARA- OG DOKTORSSTIGI:

TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD
- MSc í verkfræði:
  - Byggingarverkfræði
  - Ákvarðanaverkfræði
  - Fjármálaverkfræði
  - Rekstrarverkfræði
  - Heilbrigðisverkfræði
  - Véla- og rafmagnsverkfræði
  - Orkuverkfræði
- MSc í skipulagsfræði og samgöngum
- MSc í framkvæmdastjórnun
- MSc í verkfræðilegum lífvísindum
- BSc í tæknifræði
  - Byggingartæknifræði
  - Iðnaðartæknifræði
  - Rafmagnstæknifræði
  - Vél- og orkutæknifræði
- BSc í verkfræði
  - Fjármálaverkfræði
  - Hátækniverkfræði
  - Heilbrigðisverkfræði
  - Rekstrarverkfræði
  - Vélaverkfræði
- BSc í byggingafræði
- Diplómanám í iðnfræði

TÖLVUNARFRÆÐIDEILD
- PhD í tölvunarfræði
- MSc í tölvunarfræði
- MSc í hugbúnaðarverkfræði
- BSc í hugbúnaðarverkfræði
- BSc í tölvunarfræði
- Diplómanám í kerfisfræði

KENNSLUFRÆÐI- OG LÝÐHEILSUDEILD
- MSc í íþróttafræði
- MEd í íþrótta- og uppeldisfræði
- MPH meistaranám í lýðheilsufræðum
- Diplómanám í kennslufræði
- BSc í íþróttafræði
- BSc í sálfræði

VIÐSKIPTADEILD
- PhD í viðskiptafræði
- MBA
- MSc í alþjóðaviðskiptum
- MSc í fjárfestingarstjórnun
- MSc í fjármálum fyrirtækja
- MSc í reikningshaldi og endurskoðun
- MSc í stjórnun rekstrarbókhalds
- BSc í viðskiptafræði
- Diplómanám í viðskiptafræði

LAGADEILD
- PhD í lögfræði
- ML í lögfræði
- BA í lögfræði

Við Opna háskólann í HR er boðið upp á frumgreinanám fyrir þá sem stefna að háskólanámi en hafa ekki tilskilinn undirbúning.

Kynntu þér grunn- og framhaldsnám á www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

Spái í spil, ræð drauma einnig í gegnum síma. Ekkert mínutugjald. S. 891 8727, Stella.

## Önnur þjónusta



**GreenHouse vor - sumarva.**
Verið velkomin að sækja frían bækling. Opið í dag, þriðjudag 13-19 GreenHouse Rauðagerði 26

**Sjóstöng, Sjóstöng.**
Bjóðum uppá sjóstangveiði frá Reykjavíkurhöfn. Sérferðir ehf S:892-0099.

**KEYPT & SELT**

## Til sölu

**Ri VERSLUN**



Hillukerfi á frábæru verði
Ri verslun | Hamarshöfða 1, 110 RVK | sími: 511 1122 | riverslun@riverslun.is
www.riverslun.is

**ÖRYGGISSKÁPAR**




OPTIMA
Vinlandsleið 6-8 - S: 588 9000
www.optima.is

Öryggis- og peningaskápar.

Svefnsófi með hirslum, nánast nýr eggjabakkadýna fylgir. 35.000. kostar nýr 70þ. 698 6009

**Skrifstofubúnaður til sölu. Selst ódýrt.**
Kraftvélar ehf Dalvegi 6-8 / 201 Kópavogi / Sími 535 3500.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
***Jón og Óskar - jonogoskar.is* s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**Eldvarnarhurð óskast**
Óska eftir B-30 eldvarnarhurð 80 cm breiða. Vinstri handar. Uppl. í s. 848 8707.

Þarf einhver að losa sig við candy floss vél eða poppkornsvél í góðu ásigkomulagi? S. 692 8290

## Til bygginga

**Hjóla og veggjapallar**




**KVARNIR**
Tunguháls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is

## Verslun

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is



NÝ SENDING!!! árfram lagersala 1-3 þús. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588 9925 emilia.is



**Aqua Sport SUNDVERSLUN**

Nýjar sendingar af sundbolum og tankini frá TYR og Triumph fyrir konur á öllum aldri. Einnig sundskýlur, boxers og hnésíðar skýlur. Kíkið við á vefsíðu okkar www.aquasport.is Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur, sími: 564 0035

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantratemple.com

**NUDD**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**NUDD - AFRICANA - NUDD JB HEILSULIND S. 445 5000**
Algjör nautn, 2ja klukkustunda meðferð 9900.- kr. Nuddari frá Senegal. Tilb. f. 2 skrúbb, heitur pottur, nudd kr. 9900.- kr. Detox úthreinsun f. 2 kr. 9900.- margar teg. nudd. slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf, snyrting. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 4455000 JB Heilsulind Skúlagötu 40.

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

## Námskeið

**SCHOOL OF ICELANDIC**

**NORSKA - NORWESKI - ICELANDIC ANGIELSKI dla POLAKÓW**
ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30 or19:45-21:15, start 25/5, 28/6, 3/8. Level II: 4 w: Md to Fr; st. 18:00-19:30, st: 25/5, 28/6. Level III: 4w:13-14:30 st:25/5, 28/6. Level V: 4w: Md-Fri 8-9:30 st.25/5 Level VIII Sat/Sun 17-18:30 st 29/5. NORSKA: stig I: 4 vikur, mán til fös 19:45-21:15, stig I: 25/5, stig II: 28/6 ANGIELSKI dla POLAKÓW: Level I, 5 weeks, Md to Thu: 10:00-11:30 or 19:15-20:45 st. 31/5. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Námskeið fyrir börn og fullorðna. Skráning á www.brokey.is & s: 895 1551 Siglingafélag Reykjavíkur

## Húsgögn

Brúnt leðursófasett, nýlegt þarfnast lagfæringa eftir flutning. v-85þ. kostaði nýtt 320þ. 698 6009

Til sölu hjónarúm 160 breidd með náttborðum. Sérpantað frá Öndvegi. Ný latex dýna. Kr. 110 þús. S 843 9950

Til sölu leðurhúsgögn, skápur, eldhúsborð og sjónvarp. Uppl. í síma 567 2827.

## Dýrahald



Rottweiler hvolpar til sölu! Hreinræktaðir rottweiler hvolpar til sölu. Afhendast 22. júní, heilsufarsskoðaðir, örmerktir og með ÆTTBÓK. Uppl s. 662 3860.

## Húsnæði í boði

**ALLT FASTEIGNIR**
Fasteignasala og leigumiðlun
www.alltfasteignir.is



Anton Karlsson S. 771-8601
Fasteignir óskast

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

Stúdíóíbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. V. 56 þ. Eldri en 25 ára, barnlaus. F. reglus. einstakl. S. 898 7868 milli kl. 13-16.

Herb til leigu í 105 laugardal, Uppl. s. 898 1900

Herbergi til leigu í Kópavogi. Aðgangur að eldhúsi og þvottahúsi. Tengi fyrir Stöð 2 og Sýn. Uppl. í s. 893 2385.

Dvergabakki. 2.h. 4 herb. 80fm. M/geymslu. V 115þ pr. m. Laus strax. S 863 8099.

Til leigu stúdíó íbúð í Þingholtunum. Leigist með interneti, hita, þvottav. þurrkara & íssk. Sér inng. garður. Langtímaleiga. v. 70þ. á mán. s. 692 6061

Til leigu 3ja herb. íbúð við Þórufell leiguverð kr 120.000 hússj. og hiti innifalinn. S. 699 0415 & snotra1950@gmail.com

Góð íb. á Manhattan, New York til leigu í sumar. Gisting fyrir 4, nálægt lestarstöð, 60$ nóttin. Uppl: Ólöf í ohgunnars@gmail.com

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Einstaklingsíbúð í Vesturbergi,111 RVK, laus til langtíma leigu. Stutt í bæði skóla, sund, strætó og aðra þjónustu. Gæludýr velkomin. Uppl í 824 1861 eftir 16:00.

ROOM f/RENT w/FURNITURE IN 108 NEAR KRINGLA AND IN 109 AND 111 BREIÐHOLT 8973611

## Húsnæði óskast

Skemmtileg stelpa óskast sem meðleigj. á Seljabraut.Þvottav+uppvottav+eldh+stofa 35þ á mán. 845 3379.

5 manna fjölsk. óskar eftir 4-5 herb. íbúð í Vesturbænum. Góðri umgengni og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 821 2743 & á drifa07@ru.is

Reyklaus reglumaður óskar eftir smekklegri einstaklingsíbúð hið fyrsta. Helst nærri Mjódd. Óákv. leigutími. Sími 899-2649

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Atvinna í boði

Stýrimann og vélstjóra vantar á 100 tonna línubát sem gerir út frá Hafnarfirði. Upp. í s. 848 9071 milli kl. 8-17

Veitingahús í HFJ ó.e þjónustufólki í sal. Íslenska skilyrði. Uppl. í S. 822 5229

Óskum eftir að ráða meiraprófsbílstjóra til starfa við vörudreifingu frá höfuðborgarsvæði. Reynsla, hreint sakavottorð, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð áskilin. Vaktavinna og einnig helgarvinna í boði. Vinsamlega sendið umsókn með upplýsingum og ferilskrá á: atvinna@flutt.is

The Purple Rabbit vill kaupa djörf myndbönd íslenzkra kvenna. Nánari upplýsingar á PurpleRabbit.is.

## Atvinna óskast

24 ára kk með vinnuvélaréttindi, vanur allri lagnavinnu. Uppl. í s. 771 7025.

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## Viðskiptatækifæri

**Til Sölu þekkt verktakafyrirtæki**
**Sem hefur sérhæft sig í hellulögnum fyrir einstaklinga og á útboðsmarkaði. Er góðum tækjum búið og hefur góð viðskipta sambönd. Ánægðir viðskiptavinir frá upphafi**
**Nánari uppl. audveldkaup@visir.is**

## Ýmislegt

Vantar Nekarmódel fyrir listrænamyndatöku, konu, hávaxna upplýsingar: einsipix@gmail.com

## Einkamál

**Glæný eldheit upptaka**
Hún er ljóshærð, grannvaxin og græneyg og í þessari afar innilegu upptöku fylgist þú með henni klífra hærra og hærra og ná síðan hreint ótrúlegum endaspretti. Ofboðslega innileg upptaka! Sími 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8144.

Heitur ungur karlmaður leitar kynna við karlmann. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl. nr. 8915.

46 ára smávaxinn kk, 100% btn, vill gjarna hitta eldri tp. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl.nr. 8784.

Ung kona (tvítug?) leitar að skemmtun með reyndum einstakling. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl.nr. 8975.

Spennandi kona leitar kynna við karlmann með ljúfa dekurstund í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl.nr. 8885.

## Tilkynningar

BÍLASTÆÐASJÓÐUR

# Auglýsing um gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Reykjavík

**1. gr.**
Aukastöðugjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. f-lið 1. mgr. 108. gr. sömu laga, skal vera 2.500 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er án fyrirvara og andmæla í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

**2. gr.**
Stöðvunarbrotagjald vegna annarra stöðvunarbrota sbr. a-e lið 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að undanskildum j-lið 1. mgr. 28. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 108. gr., skal vera 5.000 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er án fyrirvara og andmæla í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

**3. gr.**
Stöðvunarbrotagjald vegna j-liðar 1. mgr. 28. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, (bílastæði fatlaðra) skal vera 10.000 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er án fyrirvara og andmæla í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

**4. gr.**
Frestur til að andmæla stöðvunarbrotagjöldum er 28 dagar frá dagsetningu álagningar.

**5. gr.**
Séu gjöldin greidd innan 14 daga frá álagningu gilda ofangreindar fjárhæðir, en hækka eftir það um 50%, sbr. 5. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sé gjald enn ógreitt þegar 28 dagar eru liðnir frá álagningu, hækkar það um 100% frá upphaflegu gjaldi, án tillits til staðgreiðsluafsláttar og undangenginnar 50% hækkunar eftir 14 daga.

**6. gr.**
Gjaldskrá þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 5. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum, og reglum nr. 104/1988 með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um fjárhæð gjalda vegna stöðvunarbrota í Reykjavík nr. 381/2000 og auglýsing nr. 84/2004.

Bílastæðasjóður Reykjavíkur

## Fasteignir


101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

**NJÖRVASUND 10 – 104 REYKJAVÍK.**
**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL : 17:30-18:00**




Einstaklega vel skipulögð 151,8fm 7 herb. hæð og ris í fallegu húsi á þessum frábæra stað í botnlangagötu. Eigninni fylgir 32 fm bílskúr. Eignin skiptist í : forstofu, eldhús, wc, 3 stofur, 4 herbergi, baðherbergi, geymslu, þvottahús og bílskúr. Eignin er barn síns tíma en bíður upp á mikla möguleika. Endurnýjað: skólp, drenlagnir, þakrennur og rör. Járn á þaki nýlega málað. Ásett verð 35millj. Sölumenn verða á staðnum. **Leifur Aðalsteinsson löggildur fasteignasali.**


## Tilkynningar

# Aðalfundur

### Kópavogsdeildar Búmanna

Fundurinn verður haldinn á skrifstofu félagsins að Kletthálsi 1, 2 hæð. Fundurinn verður þriðjudaginn 25. maí 2010 og hefst kl. 18.00.
Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins.
Félagsmenn og aðrir áhugasamir Kópavogsbúar eru velkomnir á fundinn.

*Stjórnin.*

# Aðalfundur

### Reykjavíkurdeildar Búmanna

Fundurinn verður haldinn á skrifstofu félagsins að Kletthálsi 1, 2 hæð. Fundurinn verður fimmtudaginn 27. maí 2010 og hefst kl. 18.00.
Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins.
Félagsmenn og aðrir áhugasamir Reykvíkingar eru velkomnir á fundinn.

*Stjórnin.*

## EIGNIR ÞROTABÚS TIL SÖLU

Til sölu eru allar eignir þrotabús RÓV ehf., (áður verslunarinnar Ilse Jacobsen Hornbæk, Garðatorgi 3, Garðabæ) en það eru m.a. tískufatalager (sumarvörur, fatnaður, skór og fylgihlutir), kassakerfi, innréttingar, markísa, tæki og áhöld o.fl. sem fylgir rekstri tískufataverslunar. Eignirnar eru til sýnis eftir samkomulagi og seljast saman eða í stökum einingum.

Tilboðum skal skilað til undirritaðrar fyrir 21. maí n.k.

Nánari upplýsingar veitir Helga Leifsdóttir, skiptastjóri, hdl.,
Helga lögmenn, Langholtsvegi 89, 2. hæð, 104 Reykjavík, s. 550-3700,
tölvupóstfang, helga@helgalogmenn.is.

Helga lögmenn

# *Félagsfundur*

***Verður haldinn fimmtudaginn***
***20. maí kl. 17.00***
***í félagsheimili FBM Hverfisgötu 21***

***Dagskrá:***

- ***Stefnumótun ASÍ í lífeyrismálum***
  ***(drög að stefnumótun er hægt að nálgast á www.fbm.is, einnig verður hún lögð fram á fundinum)***
- ***Staða Sameinaða lífeyrissjóðsins og málefni fyrir aðalfund sjóðsins sem haldinn verður 27. maí n.k.***
- ***Önnur mál.***

***Félagsmenn eru hvattir til að mæta***

*Félag bókagerðarmanna*
*HVERFISGÖTU 21 SÍMI 552 8755*
*www.fbm.is fbm@fbm.is*

## Tilkynningar

# Borgarstjórnarkosningar 29. maí 2010

### Kjörstaðir

Kjörstaðir í Reykjavík við borgarstjórnarkosningarnar 29. maí nk. verða sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Ráðhús | Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi |
| Hagaskóli | Árbæjarskóli |
| Kjarvalsstaðir | Íþróttamiðstöðin Austurbergi |
| Hlíðaskóli | Ölduselsskóli |
| Laugardalshöll | Ingunnarskóli |
| Breiðagerðisskóli | Klébergsskóli |
| Borgaskóli | |

**Kjörfundur hefst laugardaginn 29. maí kl. 9.00 árdegis og lýkur kl. 22.00. Sérstök athygli er vakin á að kjósandi, sem ekki hefur meðferðis persónuskilríki, getur átt von á því að fá ekki að greiða atkvæði.**

Yfirkjörstjórn Reykjavíkur mun á kjördag hafa aðsetur í Ráðhúsi Reykjavíkur og þar verða atkvæði talin. Símanúmer yfirkjörstjórnar verður á kjördag 411 4910.

### Kjörskrá

Kjörskrá í Reykjavík vegna borgarstjórnarkosninganna mun liggja frammi í Ráðhúsi Reykjavíkur frá 19. maí nk. fram á kjördag. Frá sama tíma verður hægt að slá inn kennitölu á www.kosning.is og fá upplýsingar um hvar á að kjósa.

Kjósendur eru hvattir til þess að kynna sér hvort nöfn þeirra séu á kjörskrá. Athugasemdum vegna kjörskrár í Reykjavík skal beint til skrifstofu borgarstjórnar, Ráðhúsi Reykjavíkur, sími 411-4700, netfang kosningar@reykjavik.is. Þar eru jafnframt veittar nánari upplýsingar. Borgarráð úrskurðar um athugasemdir vegna skráningar í kjörskrá.

Borgarstjórinn í Reykjavík
Yfirkjörstjórn Reykjavíkur

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 17. maí 2010, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2010 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 17. maí 2010, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 18. maí 2010

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli


ATVINNUHÚS.IS

Fasteignasala og leiga - Verðmat og ráðgjöf

ATLI VAGNSSON
hdl og löggiltur fasteignasali

Hverfisgata 4 • 101 Reykjavík
Sími: 698 4611 / 561 4433 • atli@atvinnuhus.is

# Um ábyrgð

Efnahagshrunið

Kristján Lilliendahl
líffræðingur



Ýmsar skýringar hafa komið fram í umræðunni um ástæður hruns fjármálakerfisins á Íslandi. Nefndar hafa verið utanaðkomandi veikleikar í fjármálum heimsins sem og ábyrgð íslenskra bankamanna og viðskiptamanna. Um þetta sýnist sitt hverjum. Allir sem íhugað hafa ástæður hrunsins hér á landi, og mark er á takandi, eru þó sammála um að hér brást eftirlit með fjármálastofnunum hrapalega. Ábyrgð þeirra sem stýrðu eftirlitinu er því mikil.

Það er ekki svo að ekkert eftirlit hafi verið hér á landi með fjármálastofnunum. Fjórir menn báru á því mesta ábyrgð. Fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Jónas F. Jónsson, er einn þeirra. Hinir þrír eru fyrrverandi bankastjórar Seðlabankans, Davíð Oddsson, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson. Það var ekkert leyndarmál að ábyrgð þeirra var mikil, enda launin í samræmi við það. Seðlabankastjórarnir voru með um 1,6 milljón á mánuði og Jónas með um 1,9 milljón á mánuði. Nú er það fjármálakerfi hrunið sem þessir menn áttu að varðveita fyrir þjóðina og því sérkennileg viðbrögð þeirra við þeirri staðreynd. Þeim virðist hafa verið ljós ábyrgðin þegar þeir tóku við ofurlaunum sínum en sjá hana ekki þegar afleiðingar gerða þeirra kemur í ljós. Margir hafa bent á hve ólík sýn manna er þegar kemur að því að axla ábyrgð og hefur til dæmis verið horft til Japans í því sambandi. Ef til vill er rétt að þessir fjórir umræddu menn velti því fyrir sér hvað seðlabankastjóri Japans og forstjóri Fjármálaeftirlitsins þar myndu gera ef þeir hefðu komið seðlabankanum á hausinn og fjármálakerfi þjóðarinnar í þrot.

Lauslega hefur verið áætlað að gjaldþrot Seðlabanka Íslands kosti hvert mannsbarn í landinu um eina milljón, eða tjón upp á um 300 milljarða. Tjón vegna aðgerða og aðgerðaleysis forstjóra Fjármálaeftirlitsins liggur ekki fyrir, en líklega er það engu minna en vegna seðlabankastjóranna. Rétt er að halda því til haga að hér er eingöngu rætt um það tjón sem þegar hefur orðið, því tjónið verður umtalsvert meira þegar litið er til framtíðar. Þau lán sem íslenska þjóðin þarf að taka í útlöndum á næstu árum og áratugum verða til muna dýrari vegna þess ástands sem hér skapaðist. Þar má áætla milljarðatugi í tjón til viðbótar.

Spurningin sem hvílir á mörgum er hvernig dómskerfi og lagaumhverfi landsins sé í stakk búið til að taka á þessum fjórum mönnum. Er til dæmis hægt að krefja þá um endurgreiðslu á laununum sem þeir fengu, því þeir voru augljóslega ekki að sinna vinnunni sinni. Er lagalega séð hægt

> Lauslega hefur verið áætlað að gjaldþrot Seðlabanka Íslands kosti hvert mannsbarn í landinu um eina milljón, eða tjón upp á um 300 milljarða. Tjón vegna aðgerða og aðgerðaleysis forstjóra Fjármálaeftirlitsins liggur ekki fyrir, en líklega er það engu minna

að ganga að eignum þeirra vegna þess tjóns sem afglöp þeirra hafa valdið? Þegar litið er til dóma sem fallið hafa hér á landi vegna stuldar á brennivíni má búast við fangelsisdómum til lífstíðar yfir þessum fjórum mönnum. En hvað með dómskerfið? Margir telja Davíð Oddson mesta skaðvald þjóðarinnar frá því land byggðist. Eitt af þeim vandamálum sem tengjast honum er að tveir, af níu, hæstaréttardómurum landsins eiga honum störf sín að þakka. Annar dómarinn tengist Davíð fjölskylduböndum en hinn er kunningi og spilafélagi Davíðs. Þegar kemur að uppgjöri vegna hrunsins er óhugsandi að þessir tveir hæstaréttardómarar séu við störf. Því má telja brýnt að dómsmálaráðherra setjist nú við bréfaskriftir og krefjist þess að þeir víki þegar í stað.

# Háskóli Íslands í vanda

Háskólamál

Jón Ólafsson
prófessor í heimspeki við Háskólann á Bifröst



Forystumenn Háskóla Íslands hafa undanfarin ár reynt að gera tvennt á sama tíma: Keppa við aðra háskóla um nemendur og fjármagn eins og skólinn væri fyrirtæki á samkeppnismarkaði og færa rök fyrir því að besta og hagkvæmasta fyrirkomulag rannsókna og háskólamenntunar sé að fela Háskóla Íslands að sjá um þetta að mestu eða öllu leyti.

Deila Snjólfs Ólafssonar og Guðmundar Andra Thorssonar í Fréttablaðinu síðustu daga varpar hins vegar ljósi á hvers vegna það er lífsnauðsynlegt fyrir Ísland að fleiri öflugir háskólar séu í landinu en Háskóli Íslands. Guðmundur Andri bendir á að í viðskiptadeild Háskóla Íslands hafi aðferðir íslensku fjármálafyrirtækjanna verið kynntar næsta gagnrýnislaust og nemendum gert að taka próf í þeim. Nemendur sem tóku þátt í námskeiðum þar sem heimsóknir fjármálaleiðtoganna voru hluti af námsefni hafa staðfest þetta. En í stað þess að reyna að verja sig eða jafnvel bara viðurkenna að menn hafi skort gagnrýni á þessum árum, kýs Snjólfur að ráðast á Guðmund Andra með ásökunum um að hann segi ósatt.

Það má gefa sér eitt: Háskóli Íslands mun halda sig til hlés í þessari umræðu. Innan veggja hans mun enginn setja fram opinbera gagnrýni á viðskiptadeild eða Snjólf Ólafsson, hvorki fyrir kennslu hans eða kollega hans né rannsóknir þeirra. Snjólfur rannsakaði íslensku útrásina og þáði styrki fyrirtækja til þess. Í þeim „sýndi“ hann meðal annars að íslenska útrásin væri einstakt fyrirbæri sem líklega afsannaði fyrri kenningar um alþjóðavæðingu í viðskiptum! Staðreyndin er sú að Háskóli Íslands þyrfti að líta í eigin barm, gagnrýna sjálfan sig og gera breytingar í ljósi atburða síðustu ára. En það mun hann ekki gera. Það er vegna þess að hann er um þessar mundir rekinn eins og stórfyrirtæki sem eigi sameiginlegra hagsmuna að gæta og þar sem allir þurfi að standa saman. Þetta er vandi Háskóla Íslands.

> En það er ekki hægt að vera „þjóðarskóli“ og stórfyrirtæki á saman tíma.

En það er ekki hægt að vera „þjóðarskóli“ og stórfyrirtæki á saman tíma. Í stað þess að stefna að enn meiri stækkun og útþenslu Háskóla Íslands ættu stjórnvöld að rækta fjölbreytnina með því að leggja kapp á að í landinu séu fleiri háskólastofnanir. Dæmið af því hvernig Snjólfur Ólafsson og félagar hans geta haldið sínu striki án þess að nokkur alvarleg gagnrýnisrödd heyrist frá þeirra eigin stofnun ætti að færa okkur sanninn um það.

HÖFUM OPNAÐ NÝJA VERSLUN
með parket, flísar, hurðir og loftaþiljur




Vörur frá úrvals framleiðendum:
Kährs QUALITY IN WOOD SINCE 1857
Casa dolce casa
ringo
PERGO
Solidfloor™
FORM&RÝMI
Ármúla 23, 108 Reykjavík
Sími 595 0595
www.formogrymi.is



## 120 ára afmæli

Þessar dásamlegu tvíburasystur,

**Hafdís og Hulda Magnúsdætur,**

eiga 120 ára afmæli í dag og sendum við þeim innilegar hamingjuóskir með þennan merka áfanga. Leiki við ykkur lán og gengi, lifið báðar vel og lengi.

**Systkinin og makar.**

**JÓHANNES PÁLL PÁFI II. (1920-2005) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Félagslegt réttlæti fæst ekki með ofbeldi. Ofbeldi drepur það sem það ætlar sér að skapa.“*

***Jóhannes Páll II. var páfi frá árinu 1978 til dauðadags árið 2005, sem er næstlengsta samfellda seta páfa frá upphafi. Hann er eini Pólverjinn sem hingað til hefur gegnt stöðu páfa.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 18. MAÍ 1989**

## *Mótmælendur krefjast lýðræðis*

Þennan dag árið 1989 fóru af stað mikil mótmæli hátt í milljón manna í Peking, höfuðborg Kína. Mótmælendurnir kröfðust lýðræðis og bættra mannréttinda og fór spennan í kínversku þjóðfélagi vaxandi dag frá degi. Stúdentar fjölmenntu sérstaklega í þessi mótmæli og reyndu að koma skilaboðum sínum til yfirvalda áleiðis með friðsamlegum hætti.

Mótmæli höfðu verið að ágerast í Kína frá því um 1980 og virtist sem stjórnvöld væru endanlega búin að glata sambandinu við almenning í landinu. Nokkrum vikum síðar létu stjórnvöld til skarar skríða gegn gríðarlegum fjölda fólks sem



safnast hafði saman á ýmsum opnun svæðum, sérstaklega í Peking. Þann 3. júní sama ár réðust svo hermenn gegn fjölda fólks á Torgi hins himneska friðar. Fjöldi fólks lét lífið í árásinni og enn fleiri voru hnepptir í varðhald fyrir andbyltingarlegan áróður. Þessi viðbrögð stjórnvalda vöktu mikla reiði víða um heim og létu þjóðarleiðtogar í ljós vanþóknun sína og fordæmdu voðaverkin.



**MIKILL HEIÐUR** Kristín kynnir meistaraverkefni sitt um slysa- og ofbeldisdauða á Evrópuþingi um öruggt samfélag á Grand hóteli á morgun.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**KRISTÍN BERGSDÓTTIR:** VINNUR AÐ HEILDARRANNSÓKN Á SLYSA- OG OFBELDISDAUÐA

# Fleiri karlar deyja vegna slysa

Fyrsta heildstæða rannsóknin á dauðsföllum vegna slysa og ofbeldis á Íslandi verður bráðlega lokið. „Það er von mín að niðurstöðurnar muni veita mikilvægar upplýsingar um dauðsföll af völdum slysa og ofbeldis,“ segir Kristín Bergsdóttir hjúkrunarfræðingur sem vinnur nú að meistaraverkefni sínu um þetta efni í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands.

„Slys og ofbeldi er þriðja algengasta dánarorsök í Evrópu í dag,“ upplýsir Kristín, sem skoðaði dauðsföll af völdum slysa og ofbeldis á Íslandi á tólf ára tímabili, frá 1996 til 2007. „Ég skoða tíðni og áhrifaþætti dauðsfalla af völdum slysa og ofbeldis. Það er einn hluti rannsóknarinnar,“ segir Kristín. Annar hluti rannsóknarinnar felst í að skoða svokölluð töpuð lífár. „Þá er verið að skoða hversu mikið þjóðhagslegt tap er af völdum þessara dauðsfalla. Ég er að bera saman dauðsföll af völdum slysa og ofbeldis og dauðsföll af völdum hjarta- og æðasjúkdóma og krabbameins.“

Kristín segir að margt fróðlegt sé að koma í ljós. „Á þessu tólf ára tímabili létust 1.032 einstaklingar á Íslandi af völdum slysa og ofbeldis. Mér finnst það svolítið mikið. Dauðsföll af völdum slysa og ofbeldis skiptast svo næstum því til helminga. Það eru 597 dauðsföll af völdum slysa, 406 sjálfsvíg og 29 morð.“ upplýsir Kristín og bætir við að árlega deyi að meðaltali 86 einstaklingar af völdum slysa og ofbeldis. „Þetta eru sambærilegar tölur og í Noregi og Svíþjóð. Mér finnst þetta mjög mikið. Ég vil meina að þetta séu 1.032 einstaklingar sem hefðu ekki átt að deyja.“

Kristínu finnst sláandi hvernig kynjahlutfallið skiptist. „Það eru í rauninni helmingi fleiri karlar en konur í heildina. Flestir eru á bilinu tuttugu til sextíu ára. Meðalaldurinn er 53 ár,“ segir Kristín sem sagði það hafa komið sér á óvart að meðalaldurinn væri þetta hár.

„Ég vonast til þess, þegar allar niðurstöður eru komnar fram, að það verði hægt að koma með stefnumótanir og markvissar aðgerðir til að sporna við þessum dauðsföllum,“ segir Kristín. Hún mun á morgun kynna niðurstöður rannsóknarinnar á Evrópuþingi um öruggt samfélag sem haldið verður hér á landi næstu tvo daga. „Það er heiður fyrir mig að fá að kynna verkefnið mitt þar.“

**martaf@frettabladid.is**

---

†

*Innilegar þakkir fyrir hlýjar kveðjur vegna andláts eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Guðna Jóhannesar Stefánssonar,**
Hámundarstöðum II Vopnafirði

**Aðstandendur.**

---



†

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Huld Kristmannsdóttir,**
Aflagranda 40,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 10. maí. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju, miðvikudaginn 19. maí kl. 15:00. Blóm afþökkuð en þeir sem vildu minnast hennar, vinsamlegast látið minningasjóð Sóltúns eða líknarfélög njóta þess.

**Edda Árnadóttir** **Magnús Ólafsson**
**Brynja Hlíðar**
**Jóhann H. Harðarson** **Árni Harðarson**
**Hörður Harðarson** **Brynjar S. Harðarson**
**Huld Magnúsdóttir** **Ólafur M. Magnússon**
**og fjölskyldur.**

---



†

*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðríður Halldórsdóttir**
dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

andaðist þriðjudaginn 11. maí.Útförin fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 19. maí kl. 14. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á dvalarheimilið Höfða.

**Guðríður Halldóra Halldórsdóttir,**
**Haukur Halldórsson,** **Hrafnhildur Hannibalsdóttir,**
**Magnús Davíð Ingólfsson**
**og ömmubörn.**

---


# LOKAÐ

## VEGNA JARÐARFARAR

## Skúla Karlssonar

**stjórnarformanns og framkvæmdastjóra**

Lokað verður í verslunum
Bræðranna Ormsson ehf. í Lágmúla 8,
Síðumúla 9 og í Smáralind
allan daginn í dag, þriðjudaginn 18. maí.
Einnig verður lokað hjá Stormi ehf.
Klettháls 15 allan daginn.

ORMSSON STORMUR EHF


---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar Benedikt Magnússon,**
Ljósheimum 2, áður Blesugróf 12,

andaðist laugardaginn 15. maí á bráðamóttöku LSH í Fossvogi.

**Vilborg M. Jóhannesdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Haukur Eiríksson**
frá Ísafirði, Hraunvangi 3, Hafnarfirði,

lést þann 10. maí sl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 19. maí kl. 13.00.

**Guðrún Þorláksdóttir**
**Eiríkur Þ. Einarsson** **Anna Gísladóttir**
**Óskar S. Einarsson** **Kristrún Hjaltadóttir**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, amma, stjúpmóðir, dóttir, systir, mágkona og frænka,*

**Hulda Guðbjörnsdóttir**
hjúkrunarfræðingur,

lést á deild 11E, Landspítala við Hringbraut, 16. maí.

**Sigurður Guðmundsson**
**Hrafn Tryggvason og Steingrímur Brynleifsson**
**Hrafnhildur Lára Hrafnsdóttir**
**Málfríður, Þórdís og Birna Sigurðardætur, makar og börn**
**Hrafnhildur Helgadóttir**
**Björn Guðbjörnsson, Kolbrún Albertsdóttir**
**Hrafnhildur Soffía Guðbjörnsdóttir, Kristján Kárason**
**Jóhanna Guðbjörnsdóttir, Skúli Guðmundsson**
**Sveinbjörn Dagnýjarson, Þorgerður Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur.**



*Elskuleg móðir okkar, tendgdamóðir, amma og langamma,*

**Halldóra Guðbjörg Ottósdóttir**
Suðurgötu 17, Sandgerði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, laugardaginn 15. maí. Útförin verður auglýst síðar.

**Kolbrún Kristinsdóttir** **Einar Sigurður Sveinsson**
**Hörður Bergmann Kristinsson** **Vilborg Einarsdóttir**
**Birgir Kristinsson** **María Björnsdóttir**
**Gunnar Ingi Kristinsson** **Lísbet Hjálmarsdóttir**
**Hafdís Kristinsdóttir** **Sigtryggur Pálsson**
**Hjördís Kristinsdóttir**
**Erla Sólveig Kristinsdóttir** **Helgi Viðar Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hrafns Einarssonar,**
Vesturbrún 12, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Fríðuhúss við Austurbrún.

**Signý Halldórsdóttir**
**Katrín Hrafnsdóttir** **Einar Malmberg**
**Sigrún Hrafnsdóttir** **Sigtryggur Baldursson**
**Sólveig Hrafnsdóttir** **Halldór Sölvi Hrafnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður minnar, ömmu, langömmu, systur og mágkonu,*

**Sigríðar Kristínar Jakobsdóttur**
Hlíðarhúsum 3,

áður til heimilis að Hjallabraut 33, Hafnarfirði. Sérstakar þakkir færum við læknum og starfsfólki deildar 12G á Landspítalanum við Hringbraut fyrir einstaka alúð og umönnun.

**Ólafur Björnsson**
**Þorbergur Björn Ólafsson**
**Ólafur Friðrik Ólafsson**
**Jóhann Helgi Ólafsson**
**Vilhjálmur Snær Ólafsson**
**Sigríður Erla Ólafsdóttir**
**Diljá Ösp Þorbergsdóttir**
**Þóra Jakobsdóttir** **Bjarni Ellert Bjarnason**
**Sigrún Jakobsdóttir**
**Þórdís Jakobsdóttir, Stefán Gylfi Valdimarsson,**
**Gunnlaug Jakobsdóttir, Gunnlaugur Sigurðsson.**



*Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jóhann Ágúst Guðlaugsson**
frá Kolsstöðum í Dölum,

sem lést á heimili sínu laugardaginn 8. maí, verður jarðsunginn frá Neskirkju föstudaginn 21. maí kl. 15.00.

**Steinunn Erla Magnúsdóttir**
**Árni H. Jóhannsson** **Sigrún Elfa Ingvarsdóttir**
**Bjarni Jóhannsson** **Ingigerður Sæmundsdóttir**
**Gunnbjörn Óli Jóhannsson** **Freyja Ólafsdóttir**
**Jóhann G. Jóhannsson** **Þórdís Þórsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi ,*

**Garðar Óli Arnkelsson,**
Gullsmára 9, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir hinn 14. maí. Hann verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju 21. maí. kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeir sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Axelína María Garðarsdóttir** **Gunnar Böðvarsson**
**Kristrún Lilja Garðarsdóttir** **Viðar Sigurðsson**
**Erla Björk Garðarsdóttir** **Kristinn Steingrímsson**
**Arna Kristín Garðarsdóttir** **Gunnar Stefánsson**
**Garðar Már Garðarsson** **Linda Ingólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elsku drengurinn okkar,*

**Aðalsteinn Lorenzo Magnússon,**

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 12. maí. Útför hans fer fram frá Landakotskirkju föstudaginn 21. maí kl 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Magnús Jón Aðalsteinsson** **Merilyn Gontes**
**Árný Inga Magnúsdóttir**
**Árni Þór Arnórsson** **Arndís Berndsen**
**Aþena Ósk Árnadóttir**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigfríður Theódórsdóttir Bjarnar**
kennari, áður til heimilis að Fannborg 8, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð sunnudaginn 9. maí. Hún verður jarðsungin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 19. maí kl. 15.00.

**Theódór Skúli Halldórsson** **Ólöf Helga Pálmadóttir**
**Gunnlaugur Halldórsson** **Cécile Gaillot**
**Sigfríður Guðný Theódórsdóttir**
**Pálmi Ólafur Theódórsson** **Birgitta Strange**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elísabet Jónsdóttir**
Árskógum 8, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 11. maí. Útförin fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 19. maí kl. 13.

**Jón Guðmundsson** **Marta Kjartansdóttir**
**Björg Guðmundsdóttir**
**Gunnar Kr. Guðmundsson** **Ása Dóra Konráðsdóttir**
**Örn Guðmundsson** **Ragnhildur Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Engilbert Sigurðsson**
Langholtsvegi 132 Reykjavík,

sem lést 7. maí. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 19. maí kl. 15.00.

**Regína Erlingsdóttir**
**Þóra Engilbertsdóttir**
**Guðmundur Már Engilbertsson** **Rebecca Engilbertsson**
**Sigurður Haukur Engilbertsson** **Brynja Ósk Pétursdóttir**
**Gunnar Valur Engilbertsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hálfdán Ágúst Jónsson**
Klausturhólum, Kirkjubæjarklaustri,

sem varð bráðkvaddur 12. maí sl. verður jarðsunginn frá Prestbakkakirkju á Síðu föstudaginn 21. maí kl. 11.00. Minningarathöfn verður haldin í Fossvogskirkju fimmtudaginn 20. maí kl. 13.00.

**Arnþór H. Hálfdánarson** **Guðrún J. Jensdóttir**
**Ágústa B. Hálfdánardóttir** **Guðni Agnarsson**
**Gunnhildur Hálfdánardóttir** **Guðmundur K. Pálsson**
**Jón Víkingur Hálfdánarson** **Sigríður Erlendsdóttir**
**Anna M. Hálfdánarson** **Jón B. Skúlason**
**Þórkatla Hálfdánardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdasonur, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Geirsson**
tæknifræðingur, Sóltúni 9,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi föstudaginn 14. maí sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Jytte Hjaltested**
**Sigríður Gunnarsdóttir** **Stefán Hallgrímsson**
**Haraldur Gunnarsson** **Ingibjörg Gísladóttir**
**Hildur Gunnarsdóttir** **Ásgeir Valur Snorrason**
**Guðmundur Gunnarsson**
**Björn Hjaltested Gunnarsson** **Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir**

**Grethe Hjaltested**
**og barnabörn.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**






# Ísbjörn í Húsdýragarðinn?

**BAKÞANKAR** Önnu Margrétar Björnsson



Eftir nokkrar vikur ætla ég að hitta ísbjörninn Knút. Hver man ekki eftir þessum litla sæta hnoðra sem fæddist árið 2006 í dýragarðinum í Berlín og varð samstundis að poppstjörnu dýraríkisins? Knútur aflaði fimm milljón evra fyrir þýska dýragarðinn á því skemmtilega ári 2007. Ásókn í Zoo Berlin jókst um helming og auk þess var seldur ýmis konar varningur: stuttermabolir, derhúfur, lyklakippur og krúttlegir Knútsbangsar. Líkt og aðrar stjörnur þurfti Knútur að kljást við dökkar hliðar frægðarinnar. Þegar hann varð eins árs lýsti hirðirinn hans því yfir að hnoðri væri orðinn háður sviðsljósinu og færi að ýlfra þegar enginn veitti honum athygli. Knútur var orðinn geðveikur.

**ÍSBJÖRNUM** farnast nefnilega skelfilega illa í dýragörðum. Þessi risastóru rándýr eru vön því að rölta yfir endalausar hvítar breiður norðursins í leit að bráð. Það er til fullt af fínum dýragörðum í heiminum en sama er hversu vel að böngsunum er búið þá er náttúrulegt rými þeirra um það bil milljón sinnum stærra en dýragarðsbúr. Þegar þessi stórfenglegu hvítu dýr eru lokuð inni verða þau stressuð og gera lítið annað en að ganga fram og til baka eins og vitstola fangar.

**DÝRAVERNDUNARSAMTÖK** hafa harðlega gagnrýnt veru ísbjarna í dýragörðum og segja lífsskilyrði þeirra vægast sagt ömurleg þegar þeir eru teknir úr sínu eðlilega umhverfi. Dýr eins og ísbirnir sem ferðast um breitt svæði úti í náttúrunni fara verst af öllum þeim dýrum sem haldið er í dýragörðum samkvæmt rannsóknum. Á hinn bóginn eru svo aðrir umhverfissinnar sem telja að ísbirnir séu í svo bráðri útrýmingarhættu vegna hlýnunar jarðar að það sé hreint og beint skylda mannsins að varðveita nokkur eintök í dýragörðum. Dýragarðar eru í þeirra augum eins og nútímaútgáfan af örkinni hans Nóa.

**SÆDÝRASAFNIÐ** hýsti eitt sinn ísbirni og aðbúnaður þeirra var víst svo skelfilegur að þeim var á endanum lógað. Meðaumkun með ísbjörnum þykir reyndar ekki töff á Íslandi enda um stórhættuleg dýr að ræða sem ekki er ráðlegt að mæta á kvöldgöngu í Skagafirðinum. Svona í ljósi þess að norðurskautið er að bráðna og til að skaða ekki frekar alþjóðlega ímynd okkar ættum við þó að íhuga deyfibyssuráðstafanir á Norðurlandi áður en bangsarnir verða umsvifalaust plaffaðir niður. Þegar Jón Gnarr nær kjöri sem borgarstjóri og setur ísbjörn í Húsdýragarðinn skora ég á hann að ráða bangsageðlækni og byggja risavaxna glerhöll með innbyggðum jökli og djúpu hafi. Eins konar Disneyland fyrir hvítabirni í Laugardalnum.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Sarínó-sirkusinn frumsýndur

Fjölskyldusöngleikurinn Sarínó-sirkusinn verður frumsýndur á litla sviði Borgarleikhússins í kvöld klukkan 19. Önnur sýning verður á morgun og er uppselt á þær báðar. Söngleikurinn er hluti af listahátíðinni List án landamæra sem hefur verið í fullum gangi frá mánaðamótum víða um land.

Uppsetning Sarínó-sirkussins kemur til af samstarfi Listar án landamæra, Hins hússins, Leynileikhússins og Borgarleikhússins. Leikritið er eftir þá Agnar Jón Egilsson og Hall Ingólfsson en fjölmargir listamenn, leikir og lærðir, koma að verkinu.

Þátttakendur í listahátíðinni List án landamæra gefa góða mynd af því fjölbreytta listalífi sem hér þrífst. Hæfileikafólk er á hverju strái en stundum skortir það tækifæri til að koma sér á framfæri. List án landamæra stuðlar að því að breyta því og samstarf og opnun á milli hópa og ólíkra einstaklinga leikur þar stórt hlutverk. Sarínó-sirkusinn er frábært dæmi um slíkt samstarf.



**SARÍNÓ-SIRKUSINN** Söngleikurinn Sarínó-sirkusinn verður frumsýndur á Litla sviði Borgarleikhússins í kvöld.

# Tinna frumflytur

Píanóleikarinn Tinna Þorsteinsdóttir frumflytur verkið Sonorities II á raflistahátíðinni Raflost á miðvikudagskvöld. Verkið, sem er eftir Magnús Blöndal Jóhannsson, er frá árinu 1968 og er því um merkisflutning að ræða. Tinna leikur píanóverk Magnúsar, Sonorities I, II og III, á tónleikunum en þau eru samin á árunum 1963-1972. Magnús fæddist árið 1925 og hefði því orðið 85 ára á þessu ári en hann lést 2005. Í kjölfar tónleikanna verður heimildarmynd um Surtseyjargosið, Surtur fer sunnan, sýnd en Magnús samdi tónlistina við myndina.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 í Sölvhóli, sal Listaháskóla Íslands og er aðgangur ókeypis.



**TINNA ÞORSTEINSDÓTTIR** Frumflytur verkið Sonorities II á tónleikunum á morgun.



**NAOMI WATTS** Watts leikur þokkagyðjuna Marilyn Monroe í nýrri kvikmynd sem nefnist Blonde.

# Watts leikur Marilyn

Leikkonan Naomi Watts ætlar að leika þokkagyðjuna Marilyn Monroe í nýrri kvikmynd um leikkonuna. Myndin nefnist Blonde, eða Ljóska, og hefjast tökur í janúar. Þetta var tilkynnt á Cannes-kvikmyndahátíðinni sem er haldin þessa dagana í Frakklandi. Myndin verður byggð á samnefndri bók eftir bandaríska rithöfundinn Joyce Carol Oates. Hin 41 árs Watts þykir hafa rétta útlitið til að leika goðsögnina Marilyn enda báðar ljóshærðar og snoppufríðar.

# Kvenfólk í tónlistarsögu

**Dr. Annette Kreutziger-Herr, prófessor í tónlistarfræði við tónlistarháskólann í Köln, flytur erindið „Af hverju konur í (tónlistar-) sögunni skipta máli“. Fyrirlesturinn verður haldinn kl. 17.00 í dag í Sölvhóli, sal Listaháskóla Íslands við Sölvhólsgötu. Í fyrirlestri sínum fjallar Kreutziger-Herr um mikilvægi kvenna í vestrænni tónlistarsögu og skoðar dæmi um áhrif þeirra á strauma og stefnur í tónlistarmenningu allt frá tímum Hildegard von Bingen og fram á okkar daga. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og að honum loknum verður boðið upp á veitingar.**

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

PIPAR\TBWA • SÍA

Meistaradagur verkfræðinga og tölvunarfræðinga 2010
fimmtudaginn 20. maí kl. 12.00–18.00 í VR-II



VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

Dagskrá: Sameiginlegur fundur í stofu V-158
12.00 Setning: Ólafur Pétur Pálsson, prófessor og deildarforseti IV&T deildar HÍ
12.05–13.00 Öskugos og flugsamgöngur
*Stjórnun flugumferðar í öskugosi:* Reynir Sigurðsson, framkvæmdastjóri flugleiðsögu- og flugvallasviðs Flugmálastjórnar
*Áhrif gosösku á þotuhreyfla:* Jens Bjarnason, framkvæmdastjóri ITS
*Áhrif eldgosa á flugrekstur og flugumferð:* Matthías Sveinbjörnsson, deildarstjóri rekstrarstýringar Icelandair

13.00–16.45 Meistaravarnir og kynningar (V-158) | Meistaravarnir og kynningar (V-157)

13.15 Ólína Kristín Sigurgeirsdóttir
Stagbrú yfir Ölfusá (Meistarakynning)
Jón Guðni Guðmundsson
Jarðskjálftagreining á samverkandi stálbitabrú (Meistarakynning)
Hinrik Ingi Hinriksson
Bestun MIMO PID stýringa (Meistarakynning)

14.15 Mario Alejandro Rodas Talbott
Preliminary environmental impact assessment for the Chachimbiro geothermal field, Ecuador, a case comparison with Icelandic experience (Meistarakynning)
Lárus Rúnar Ástvaldsson
Blý í neysluvatni (Meistarakynning)
Erna Sigurgeirsdóttir
Analysis of claim frequency and claim size using the Bayesian approach (Meistaravörn)

15.15 Guðbjörg Esther G. Vollertsen
Removal of heavy metals in a wet detention pond in Reykjavik (Meistaravörn)
Einar Máni Friðriksson
Interactive exploration and analysis of Icelandic health care data using OLAP (Meistaravörn)

16.15 Óskar Gísli Sveinsson
Implementation of the earned value and earned schedule methods for project cost and schedule control in the Icelandic construction industry (Meistarakynning)
Marta Rós Karlsdóttir og Snjólaug Ólafsdóttir
World Geothermal Congress 2010 Bali
Samantekt

16.45–18.00 Léttar veitingar og spjall
Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

> NÝTT NAFN

Mexíkóska leikkonan Salma Hayek hefur tekið upp eftirnafn eiginmanns síns, franska milljarðamæringsins François-Henri Pinault. „Dóttir mín skildi ekki af hverju ég héti ekki sama nafni og hún og faðir hennar. Eftir smá umhugsun ákvað ég að taka upp hans eftirnafn,“ sagði leikkonan.



# Fólk

folk@frettabladid.is

## Fyrsta hjákona Tigers í Playboy

Rachel Uchitel, fyrsta hjákona Tigers Wood af fjölmörgum, ætlar að fækka fötum fyrir karlatímaritið Playboy. Óvíst er hvenær myndirnar birtast, en samkvæmt fréttamiðlinum TMZ hefur hún þegar gert samning við Playboy um myndatökuna.

Uchitel neitaði að tjá sig um málið þegar TMZ innti hana eftir svörum. Samkvæmt samningnum þá getur hún hætt við myndatökuna hvenær sem er áður en hún fer fram, þannig að aðdáendur hennar geta ekki fagnað strax.

Hjákonur Tigers hafa margar hagnast vel á því að hafa hitt kylfinginn, en fréttastofur og tímarit borga mörg háar upphæðir fyrir viðtöl. Uchitel hefur vafalaust hagnast langmest, en sagan segir að hún hafi fengið eingreiðslu upp á 10 milljónir dollara fyrir að láta ekkert hafa eftir sér um samband sitt við Tiger. Þá er talið að hún geti fengið um 500.000 til eina milljón dollara fyrir að sitja fyrir í Playboy.



**FÆKKAR FÖTUM** Rachel Uchitel, hjákona Tigers Wood, ætlar að sitja fyrir í Playboy á næstunni. Hún hefur hagnast vel eftir að upp komst um sambandið.


Pallmann®
Parketlakk






Ný vara á góðu verði
ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755


## Hljómsveitin spilar Bítlalög

**Liam Gallagher segir að nýja hljómsveitin hans muni sjá um alla tónlistina í nýju Bítlamyndinni sem hann er með í undirbúningi. Myndin verður byggð á bókinni The Longest Cocktail Party frá árinu 1972 sem fjallar um síðustu daga Bítlanna. Gallagher hefði getað notað upphaflegu Bítlalögin í myndinni en vill frekar taka þau sjálfur upp á nýjan leik. „Mér finnst meira spennandi að bjóða upp á hljóm sem minnir þig á þetta tímabil í staðinn fyrir að hafa bara þessi lög eins og Let It Be,“ sagði Gallagher og bætti við að þetta yrði eina kvikmyndin hans.**



# Goðsögnin Dio var ljúf og jarðbundin manneskja

**Rokkarinn Ronnie James Dio lést úr krabbameini á sunnudag, 67 ára gamall. Sigurður Sverrisson hitti Dio þegar hann söng með Black Sabbath á Akranesi í september 1992.**



**Á ÍSLANDI** Ronnie James Dio (til vinstri) á Íslandi árið 1992 ásamt trommaranum Vinny Appice. MYND/ÆGIR MÁR KÁRASON

„Með fullri virðingu fyrir öllum öðrum þá er Dio í mínum huga þungarokkssöngvarinn. Hann er goðsögn,“ segir Sigurður Sverrisson um Ronnie James Dio. Sigurður skipulagði tónleika í íþróttahúsinu við Vesturgötu á Akranesi árið 1992 með Black Sabbath, þáverandi hljómsveit Dio. „Ég var svo heppinn að hitta þennan ágæta mann og eiga við hann stutt spjall. Hann kom mér fyrir sjónir sem mjög ljúfur, jarðbundinn, einlægur og algjörlega laus við alla stæla,“ segir Sigurður. „Mér fannst aðdáunarvert við hann og þá hvað þeir nálguðust þessa tónleika af mikilli fagmennsku. Þó svo að útlitið væri ekki gæfulegt með áhorfendafjölda þá breytti það engu. Þeir sögðu: „Hvort sem við spilum fyrir 60 eða 60 þúsund manns þá spilum við alltaf eins“.“

Sigurður bætir við að þrátt fyrir að hafa verið ofboðslega smávaxinn hafi Dio verið með rosalega rödd. „Sem betur fer skilur hann eftir sig fullt af tónlist og maður yljar sér við það. Ég held að skarð hans verði ekki auðfyllt.“



**SIGURÐUR SVERRISSON** Sigurður segir að Dio hafi verið ljúfur og jarðbundinn.

Þegar Dio tók við af Ozzy Osbourne sem söngvari Black Sabbath gerði hann þungarokkskveðjuna vinsæla með því að benda með fingrunum út í loftið. „Pöpullinn hélt að hann væri að hampa kölska en það var akkúrat öfugt. Amma hans notaði þetta þegar hún var að svæfa guttann til að hrekja illa vætti og anda í burtu,“ segir Sigurður.

Hann verður fararstjóri í hópferð ÍT-ferða á High Voltage-þungarokkshátíðina í London í júlí. Þar átti hljómsveit Dio, Heaven and Hell, að spila en þurfti að afboða sig vegna veikinda hans. Nákvæmlega sömu meðlimir spiluð undir merkjum Black Sabbath á Akranesi. Enn eru til miðar í ferðina þar sem fram koma gamlir jaxlar á borð við ZZ Top, Uriah Heep, Foreigner, Quireboys, Marillion og Gary Moore.

freyr@frettabladid.is


Málþing í Reykjanesbæ:
Þjónandi forysta
Rannsóknir og reynsla
Miðvikudaginn 19. maí kl. 17 – 20 í Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, fundarsal 3. hæð
Dagskrá:
Nýjar rannsóknir á sviði þjónandi forystu, starfsánægju og gæði þjónustu.
Reynsla af þjónandi forystu í daglegum störfum hér á landi.
Allir velkomnir
Skráning hjá thjonandiforysta@thjonandiforysta.is
Sjá nánar á thjonandiforysta.is



Finanzas Forex, Fjárfestar!
Eins og þér er kunnugt um að þá hafa peningar okkar og FFX verið frystir hjá dómstólum USA síðan í nóv 2008. Það er staðreynd samkvæmt dómsgögnum frá USA. Við erum stækkandi hópur hérna á Íslandi sem erum að vinna í því að leita réttar okkar í samvinnu við lögfræðing. Lögfræðingur okkar er með víðtæk réttindi erlendis og heima. Hann telur rétt okkar vera þess virði að reyna gera tilkall til fjárfestingar okkar.
*Þá er okkar spurning til þín! Viltu vera með?*
**Ef svarið er já þá viljum við fá það svar fyrir 21 maí á þetta e-mail: fjarfestarffx@gmail.com Nafnið þitt, símanúmer og ID-númerið þitt. Og þú færð þá frekari upplýsingar um næsta skref!**
Markmið okkar er að reyna tryggja að sem flestum gefist kostur að vera með okkur í þessu. Þekkir þú einhvern? Ef svo er segðu frá þessari tilkynningu.


# Diktu-menn brosa hringinn

„Menn bara brosa hringinn og hafa gaman,“ segir Nonni kjuði, eða Jón Þór Sigurðsson, trommari Diktu. Hljómsveitin hefur fengið gullplötu afhenta fyrir að hafa selt plötu sína Get It Together í yfir fimm þúsund eintökum. Alls hafa sjö þúsund eintök verið framleidd og búast má við því að þau rjúki út eins og heitar lummur á næstunni.

Dikta hefur átt miklum vinsældum að fagna síðan platan kom út í nóvember og hafa lögin From Now On og Thank You slegið rækilega í gegn. Til að þakka fyrir sig heldur Dikta ókeypis klukkutíma tónleika á Nasa í kvöld klukkan 18 og vegna fjölda áskorana verða tónleikarnir opnir öllum aldurshópum. Nonni viðurkennir að sveitin hafi ekki spilað nóg fyrir yngri aldurshópana. „Við viljum gefa aðeins til baka og þarna getum við slegið tvær flugur í einu höggi,“ segir trommarinn, sem skartar forláta klippingu í anda Idol-dómarans Simons Cowell. „Strákunum fannst þetta eitthvað Simon Cowell-legt. En ég bað um Tom Cruise. Cruise-arinn er flottur. Hann hefur aðeins dalað í seinni tíð en hann á helling inni.“

Haukur Heiðar Hauksson, söngvari Diktu, er rétt eins og Nonni himinlifandi yfir gullplötunni. Hann segist ekki hafa átt von á þessum árangri þegar upptökur á Get It Together hófust. „Ég get alveg sagt það með góðri samvisku að ég átti engan veginn von á því að ég fengi gullplötu upp á vegg. Ég er búinn að finna góðan stað fyrir hana og núna er bara að negla einn nagla og skella henni upp á vegg.“

- fb



**MEÐ GULLPLÖTUR** Meðlimir Diktu með gullplöturnar sem þeir fengu úr höndum útgáfufyrirtækisins Kölska fyrir Get It Together.

# THE BODY SHOP™

## Vinsælar vörutegundir með 25-35% afslætti



### Vörutegundir fyrir herramanninn

Þrjár vörutegundir saman: "Of a man"-hár og -sturtusápa (200ml), "Of a man"-svitalyktareyðir (75ml) og "Maca root"-rakakrem (50ml)

**Verð nú: 2830 kr.**
**með 35% afslætti**
Verð áður: 4360 kr.



### Lífrænar "Nutriganics"-andlitsvörur

Þrjár "Nutriganics"-vörutegundir saman: Dagkrem (50ml), freyðandi andlitssápa (150ml) og andlitsvatn (200ml)

**Verð nú: 3795 kr.**
**með 35% afslætti**
Verð áður: 5840 kr.



### Dekurvörur með smjörtrésmauki

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með smjörtrésmauki (þ.e. "shea"), sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

**Verð nú: 2750 kr.**
**með 25% afslætti**
Verð áður: 3670 kr.



### Dekurvörur með kókosolíu

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með kókosolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

**Verð nú: 2750 kr.**
**með 25% afslætti**
Verð áður: 3670 kr.



### Augun eru spegill sálarinnar...

...og eiga því skilið fallega umgjörð.
Þrjár vörutegundir saman: Svartur "Super volume"-augnháralitur, svartur augnblýantur og augnhárabrettarinn sívinsæli

**Verð nú: 2880 kr.**
**með 25% afslætti**
Verð áður: 3840 kr.



### E-vítamín fyrir andlitið

Þrjár vörutegundir saman: "Intense"-dagkrem með E-vítamíni (50ml), hreinsimjólk með E-vítamíni (200ml) og andlitsvatn með E-vítamíni (200ml)

**Verð nú: 3795 kr.**
**með 25% afslætti**
Verð áður: 5060 kr.



### Rómantískt ilmandi "Love Etc..."-vörutegundir

Þrjár vörutegundir saman: "Love Etc..."-sturtusápa (200ml), sams konar "body butter"-húðnæring (200ml) og skrúbbhanskar í lit að eigin vali

**Verð nú: 3050 kr.**
**með 25% afslætti**
Verð áður: 4360 kr.

THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

MERKJA OUTLET

KORPUTORGI

TAX-FREE DAGAR

ALLAR VÖRUR VERSLUNARINNAR ÁN VSK.
FRÁ ÞRIÐJUDEGI TIL LAUGARDAGS!

NÝ SENDING AF MYNDA-BOLUM OG LITTLE MISS BOLUM



Afslátturinn er alfarið á kostnað MerkjaOutlet.
Opið: Mán.-lau. 11 til 18
Sun. 12 til 18 • Sími 578 9400



# Hjónabandið eins og líkamsrækt

Óskarsverðlaunahafinn Jeff Bridges hefur verið giftur eiginkonu sinni, Susan Geston, í ein þrjátíu og þrjú ár og líkir hjónalífinu við líkamsrækt. „Við erum ástfangin og við ræktum ástina. Við höfum verið gift í 33 ár og þá koma dagar þar sem maður hugsar: „Ég er búinn að fá nóg, þetta er of erfitt.“ En ef þú reynir að vinna úr þessum tilfinningum, skilja sjónarmið hins aðilans og styðja við bakið á honum, þá dafnar ástin. Ætli þetta sé ekki eins og að stunda líkamsrækt. Þegar maður stundar hana reglulega þá verður það sífellt auðveldara og þú ferð að njóta hennar,“ sagði hinn viðkunnanlegi leikari.



**ÁSTFANGINN** Jeff Bridges segir hjónaband vera mikla vinnu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kyntákn orðuð við hlutverk Mikaels Blomkvist

**Hlutverk Lisbeth Salander í bandarísku útgáfunni af Millenium-þríleik Stiegs Larsson er eitt það heitasta í Hollywood um þessar mundir og fjöldi ungra leikkvenna rennir hýru auga til hlutverksins. En hún er engu minni baráttan um hver eigi að leika Mikael Blomkvist.**

Það er bandaríski leikstjórinn David Fincher sem hyggst gera bandarísku útgáfuna af Millenium-þríleiknum eftir Stieg Larsson. Bækurnar þrjár hafa slegið eftirminnilega í gegn og myndirnar sænsku náðu einstökum árangri í evrópskum kvikmyndahúsum. En Kaninn ætlar auðvitað að gera sína eigin útgáfu.

Hlutverk Mikaels Blomkvist og Lisbeth Salander eru meðal þeirra safaríkustu sem um getur í kvikmyndaheiminum og það lítur út fyrir að Fincher standi frammi fyrir lúxusvandamáli þegar kemur að því að ráða leikara fyrir myndina. Eins og Vísir.is greindi frá um helgina sitja leikkonurnar Natalie Portman, Carey Mulligan, Scarlett Johanson og Keira Knightley nánast um Fincher en Noomi Rapace, sem lék tölvuþrjótinn í sænsku myndunum, sagðist vona að Hollywood-menn myndu fremur ráða óþekkta leikkonu í hlutverkið í samtali við Hollywood Reporter. Hún sagðist hins vegar ekki ætla að taka þátt í amerísku útgáfunni.

Fyrstu fréttir af myndunum bentu til þess að Brad Pitt myndi taka að sér hlutverk rannsóknarblaðamannsins Mikaels Blomkvist. Sumum þótti sænski leikarinn Michael Nyqvist, sem lék Blomkvist í sænsku útgáfunni, ekki vera nægjanlega heillandi og kynþokkafullur eins og persónan er í bókinni og því binda margir vonir við að Hollywood takist betur upp á því sviðinu. Fæstir vilja þó sjá blaðamanninn súkkulaðihjúpaðan. Fincher og Pitt hafa áður unnið saman við góðan orðstír en eftir þá liggja kvikmyndir á borð við The Curious Case of Benjamin Button, Seven og Fight Club. En stórstjarnan er auðvitað upptekinn maður og það gæti reynst erfitt fyrir þá tvo að samræma dagskrána. Hollywood vill auðvitað hamra járnið á meðan það er heitt og þetta mikla Stieg-æði mun einhvern tíma renna af heimsbyggðinni. Á vefsíðunni imdb.com hafa því George Clooney og Johnny Depp verið settir til vara fyrir Brad Pitt ef hann skyldi ekki finna tíma til að leika Mikael Blomkvist.

freyrgigja@frettabladid.is



**BARIST UM BLOMKVIST**

George Clooney, Johnny Depp og Brad Pitt eru sagðir koma til greina sem Mikael Blomkvist í amerísku útgáfunni af Millenium-þríleik Stiegs Larsson. Ungar leikkonur eru ekki síður spenntar fyrir Lisbeth Salander en Noomi Rapace, sem lék tölvuþrjótinn í sænsku myndunum, ætlar ekki að endurtaka hlutverkið í Hollywood.

# Vill leggina frá Gisele

Leikkonan Jessica Alba hefði ekkert á móti því að vera með leggi eins og brasilíska ofurfyrirsætan Gisele Bundchen. Hún sagðist engu að síður vera ánægð með líkamann sinn. „Þegar ég var yngri lagði móðir mín áherslu á að ég kynni að meta líkama minn. Hún sagði mér að gera gott úr því sem ég hefði og að ég ætti ekki að kvarta,“ sagði Alba. „Stelpur þurfa að kunna að meta líkama sína og átta sig á því að þær eiga aldrei eftir að líta alveg eins út og einhver annar.“



**JESSICA ALBA** Alba væri til í að vera með leggi eins og Gisele Bundchen.



**595,-**
**BLÁHNOÐRI** sumarblóm



**OSTLIG** garðkanna 5L
Svart **1.990,-**



**HENGILÓBELÍA** sumarblóm
Ýmsir litir **495,-**



**BARFOTA** blómapottur
Innanmál Ø14cm
Röndótt/grænt **795,-**

# Blóm í beðin þín



**FJÓLUR** sumarblóm
Ýmsir litir **1.790,-/20 í pk.**



**SILFURKAMBAR** sumarblóm
**1.790,-/20 í pk.**



**ÖSTLIG** blómapottar Innanmál Ø30cm
Ljósgrátt/dökkgrátt **4.990,-/stk.**



**795,-**
**SÓLBOÐI** sumarblóm. Ýmsir litir



**NELLIKA** sumarblóm
Ýmsir litir **595,-**



**995,-**
**SÓLBLÓM** sumarblóm



**MARGARÍTA** sumarblóm
Ýmsir litir **795,-/stk.**

**Ókeypis máltíð fyrir börnin!**



Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.



**1.790,-/20 í pk.**
**ALYSSUR** sumarblóm. Hvítt



**STJÚPUR** sumarblóm
Ýmsir litir **1.790,-/20 í pk.**

IKEA®

**Verslun opin 11-19 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

**www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

# NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | 4, 7 og 10 (POWER) | L |
| BACK-UP PLAN | 8 og 10.10 | 12 |
| IRON MAN 2 | 5, 7.30 og 10 | 12 |
| NANNY MCPHEE & THE BIG BANG | 5.40 | L |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 5D - 8D - 10:50D (Power kl.10:50D) | 12 |
| ROBIN HOOD | kl. 5 - 8 - 10:50 (Power kl.10:50D) | VIP |
| IRON MAN 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| COPS OUT | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 10:20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 600*
*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| COPS OUT | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | 14 |
| IRON MAN 2 | kl. 5:40D - 8:10D - 10:45D | 12 |
| KICK ASS | kl. 8:10 - 10:40 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| KICK ASS | kl 8 - 10:10 | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 5 - 8 - 10:50 | 12 |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 8 | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 10:10 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| ROBIN HOOD LÚXUS | kl. 5 - 11 | 12 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 6 - 7.30 - 9 - 10.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| IMAGINARIUM OF DR. P.... | kl. 8 - 10.15 íslenskur texti | 12 |
| UN PROPHÉTE | kl. 6 - 9 enskur texti | 16 |
| FANTASTIC MR. FOX | kl. 6 íslenskur texti | L |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 6 - 9 | 12 |
| CRAZY HEART | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |




# Ein stór fjölskylda

Tónleikar ★★★★★

**Bedroom Community - The Whale Watching Tour**

Þjóðleikhúsið 16. maí

**Listahátíð í Reykjavík**

Valgeir Sigurðsson stofnaði Bedroom Community fyrir fjórum árum. Síðan hefur útgáfan sent frá sér níu plötur, sem eru hver annarri betri, haldið fjölmarga tónleika og m.a. staðið fyrir eftirminnilegum kvöldum á Iceland Airwaves-hátíðinni. Það mátti því búast við góðu þegar Hvalskoðunarferð þeirra Valgeirs, Nicos Muhly, Bens Frost og Sams Amidon lagði leið sína í Þjóðleikhúsið á sunnudagskvöldið.

Á undan hinni eiginlegu Hval-skoðunardagskrá flutti Daníel Bjarnason ásamt hljómsveit tónlist af sinni verðlaunuðu plötu Processions, sem Bedroom Community gaf út í fyrra. Platan er frábær og það var gaman að heyra kafla bæði úr titilverkinu og hinu magnaða Bow To String.

Hvalskoðunardagskráin sjálf hófst á titillagi Draumalandsplötu Valgeirs, en að því loknu komu tvö af verkum Nicos Muhly. Uppbygging tónleikanna var þannig að átta manna hljómsveit skipuð fyrrnefndum fjórmenningum og Unu Sveinbjarnardóttur á fiðlu, Nadiu Sirota á víólu, Borgari Magnússyni á kontrabassa og Helga Hrafni Jónssyni á básúnu og söng, flutti lög af plötum Valgeirs, Nicos, Bens og Sams, auk nýrra laga. Í stað þess að skipta dagskránni upp eftir höfundum var verkunum blandað, sem bjó til skemmtilegt yfirbragð. Kynningar Nicos Muhly á milli laga lífguðu líka upp á stemninguna, salurinn lá stundum í hláturskasti. Í grunninn eru tónlistarmennirnir hjá Bedroom Community ólíkir. Valgeir Sigurðsson fæst aðallega við raftónlist, Nico Muhly er nútímatónskáld, Ben Frost býr til ævintýralegan hávaðahljóðheim og Sam Amidon er þjóðlagasöngvari. Samt er ákveðið heildaryfirbragð yfir plötum útgáfunnar og það varð sterkara á tónleikunum þar sem öll lögin voru flutt af sömu hljómsveit og ákveðið flæði skapaðist á milli verka listamannanna.

Þetta voru stórkostlegir tónleikar. Allir höfundarnir fengu að njóta sín og hljóðfæraleikararnir skiptust á að sýna snilld sína. Það var aldrei dauður punktur í þessari sextán laga dagskrá, en á meðal hápunkta fyrir mig má nefna nýja lagið hans Nicos (brjálaðir píanókaflar), Leo Needs A New Pair Of Shoes eftir Ben (sándið í kontrabassanum var ótrúlegt!), Focal Point Valgeirs, Keep in Touch eftir Nico og Hibakúsja eftir Ben, en það er gott dæmi um hávaðatöfrana sem hann skapar. Þá var lokalagið fyrir uppklapp, The Only Tune eftir Nico, sem Sam söng líka almagnað. Bedroom Community brýtur niður múra milli tónlistarheima og það var gaman að skoða hljóðfæraskipanina á sviðinu. Annars vegar voru hefðbundin hljómsveitarhljóðfæri (básúna, strengjahljóðfæri, flygill), hins vegar fartölvur og raftól.

Á heildina litið voru þetta frábærir tónleikar. Hin hægláta, en örugga framrás sem hefur einkennt Bedroom Community heldur áfram.

**Trausti Júlíusson**



**VALGEIR SIGURÐSSON** Tónleikar Bedroom Community í Þjóðleikhúsinu voru frábærir að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins. Hvalskoðunin er vísun í plötur Bedroom Community, en þær hafa útgáfunúmerin Hvalur 1 – Hvalur 9.

**Niðurstaða:** Valgeir Sigurðsson, Ben Frost, Nico Muhly og Sam Amidon rugluðu saman reitum sínum á áhrifamikinn og eftirminnilegan hátt í Þjóðleikhúsinu á sunnudagskvöldið.







# AUKIN FÆRNI
## STERKARI STAÐA

**Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík býður til kynningar á viðskiptafræðinámi með vinnu, diplómanámi og BSc-námi.**

Fundurinn verður haldinn **þriðjudaginn 18. maí** kl.17:15 – 18:00 í Háskólanum í Reykjavík við Nauthólsvík, Sírius 3 (3. hæð).

Háskólinn í Reykjavík er framsækinn rannsóknarháskóli sem býður nemendum persónulegt, kraftmikið og alþjóðlegt starfsumhverfi. HR hefur skapað sér sérstöðu sem háskóli atvinnulífsins og er jafnframt stærsti tækni- og viðskiptaháskóli Íslands.

**Allir velkomnir!**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

VIÐSKIPTADEILD
SCHOOL OF BUSINESS

www.hr.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL

**598** KR. KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

**1598** KR. KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

**195** KR. STK
BÓNUS KORNBRAUÐ 1.KG
DUGAR Í *13 SAMLOKUR*
U.Þ.B. *15 KR.* SAMLOKAN

**998** KR. KG
BÓNUS FERSKT LASAGNE 1 KG
*MATUR FYRIR FJÓRA*

**998** KR. KG
Lamba-Sirloin eru sneiðar úr mjaðma hluta lambalærisins
K.S FROSNAR LAMBA-SIRLOIN SNEIÐAR

**25%** AFSLÁTTUR
GOUDA 26% OSTUR MILDUR
**972 kr.kg.** *MERKT VERÐ 1296 KR.KG*

**598** KR. PK
FROSNIR MANGÓBITAR 1 KG

**398** KR. PK
WHEAT BISKS 36 STK

**459** KR. 960g
HOLTA ELDAÐIR KJÚKLINGAVÆNGIR
*BBQ OG BUFFALÓVÆNGIR - ÞARF AÐEINS AÐ HITA*

**295** KR. PK
FROSIN BLÁBER 250G

**259** KR. PK
KELLOGGS COCO ROCKS 350G

**398** KR. PK
RENÉ KAFFIPÚÐAR
*36 PÚÐAR Í PAKKANUM - 11 KR. KAFFIBOLLINN*

**398** KR. KG
K.F NÝTT KJÖTFARS

**59** KR. FERNAN
MS G-MJÓLK 250ml

**78** KR. 1/2 LTR.

**179** KR. 2 LTR.

BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

## 24 DAGAR Í HM

**> 24 dagar í HM**

**Joachim Löw** verður fyrsti landsliðsþjálfari Þjóðverja í úrslitakeppni HM frá 1982 sem hefur ekki orðið heimsmeistari með Þýskalandi. Fyrirrennarar hans, Franz Beckenbauer (1986 og 1990), Berti Vogts (1994 og 1998), Rudi Völler (2002) og Jürgen Klinsmann (2006) urðu allir heimsmeistarar á sínum tíma með þýska landsliðinu.



# sport

sport@frettabladid.is

**KEFLVÍKINGURINN HARALDUR FREYR GUÐMUNDSSON:** SAGÐI SIGUR KEFLAVÍKUR Í GRINDAVÍK SANNGJARNAN

# *Willum Þór sagði okkur að vera þolinmóðir*



„Það er alltaf gaman að vinna Grindavík. Þetta var svipaður sigur og síðast, við vorum þolinmóðir og höfðum trú á þessu allan tímann," sagði Haraldur Freyr Guðmundsson, fyrirliði Keflvíkinga, sem heimsóttu granna sína í Grindavík í gær og náðu í öll stigin þrjú. Eina mark leiksins skoraði varamaðurinn Jóhann Birnir Guðmundsson á 81. mínútu. Tveir bestu leikmenn Grindavíkur tóku út leikbann og munaði um minna. Auðun Helgason og Gilles Mbang Ondo fengu báðir rautt í tapleiknum gegn Stjörnunni í fyrstu umferð.

Heimamenn voru með varnarleikinn að leiðarljósi í gær, spiluðu með fimm manna vörn og gestunum gekk erfiðlega að brjóta hana á bak aftur framan af. „Eftir því sem á leið þá opnaðist hjá okkur líka og þeir áttu eitt og eitt færi en mér fannst við eiga sigurinn skilinn," sagði Haraldur. „Willum þjálfari sagði okkur að vera þolinmóðir og það gekk upp. Ég er virkilega ánægður með þetta. Nú höfum við átt tvo útileiki og tekið sex stig, ég hlakka bara til að mæta Fylki í næsta leik."

Grindvíkingar fengu nokkur mjög góð færi í gær eftir skyndisóknir, það besta fékk Jósef Kristinn Jósefsson eftir frábæra sendingu Grétars Hjartarssonar.

Annars fengu Keflvíkingar fleiri færi í leiknum og voru í lokin nær því að bæta við marki en heimamenn að jafna metin. Skemmtanagildi leiksins var þó alls ekki hátt.

Grindavík er án stiga eftir fyrstu tvær umferðirnar en staðan er öllu betri hjá grönnum þeirra í Keflavík sem hafa unnið báða leiki sína til þessa.

Leikur Keflavíkur og Fylkis í næstu umferð fer fram í Njarðvík þar sem verið er að leggja nýtt gras á Keflavíkurvöll. „Við spiluðum æfingaleik þarna fyrir mótið gegn Njarðvík og þetta er alveg fínasti völlur. Þannig að mér líst bara vel á að spila þar," sagði Haraldur.

- egm

### GRINDAVÍK 0-1 KEFLAVÍK

*0-1 Jóhann Birnir Guðmundsson (81.)*

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 1.568
Kristinn Jakobsson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8–12 (3–6) |
| Varin skot | Óskar 4 – Ómar 3 |
| Horn | 4–8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–18 |
| Rangstöður | 4–4 |

**Grindavík 5–4–1** Óskar Pétursson 7 - Alexander Magnússon 5, Marko Valdimar Stefánsson 6, ***Orri Freyr Hjaltalín 7 ML**, Loic Mbang Ondo 6, Jósef Kristinn Jósefsson 6 - Ray Anthony Jónsson 6, Jóhann Helgason 4, Matthías Örn Friðriksson 5, Óli Baldur Bjarnason 5 (61., Grétar Ólafur Hjartarson 6) - Scott McKenna Ramsay 6 (77., Sveinbjörn Jónasson -).

**Keflavík 4–4–2** Ómar Jóhannsson 6 - Guðjón Árni Antoníusson 7, Haraldur Freyr Guðmundsson 6, Bjarni Hólm Aðalsteinsson 6, Alen Sutej 5 - Magnús Sverrir Þorsteinsson 3 (74., Jóhann Birnir Guðmundsson -), Hólmar Örn Rúnarsson 7, Paul McShane 6, Magnús Þórir Matthíasson 5 - Guðmundur Steinarsson 5, Hörður Sveinsson 4.

### VALUR 1-1 ÍBV

*1-0 Atli Sveinn Þórarinsson (24.)*
*1-1 Denis Sytnik (42.)*

Vodafonevöllur, áhorf.: 1.038
Magnús Þórisson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–8 (6–5) |
| Varin skot | Kjartan 4 – Albert 3 |
| Horn | 10–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 15–15 |
| Rangstöður | 3–1 |

**Valur 4–5–1** Kjartan Sturluson 7 - Stefán Jóhann Eggertsson 6, Reynir Leósson 6 (74., Greg Ross -), Atli Sveinn Þórarinsson 7, Martin Pedersen 5 - Arnar Sveinn Geirsson 6, Haukur Páll Sigurðsson 6, Ian David Jeffs 6 (72., Jón Vilhelm Ákason -), Baldur Ingimar Aðalsteinsson 6 (84., Hafþór Ægir Vilhjálmsson -), Rúnar Már Sigurjónsson 6 - Danni König 6.

**ÍBV 4–5–1 *Albert Sævarsson 7 ML** - Eiður Aron Sigurbjörnsson 6, Yngvi Magnús Borgþórsson 5, Andri Ólafsson 6, Matt Garner 6 - Tony Mawejje 5, Finnur Ólafsson 6 (70, Ásgeir Aron Ásgeirsson 6), James Hurst 7, Þórarinn Ingi Valdimarsson 6 (76., Eyþór Helgi Birgisson -), Tryggvi Guðmundsson 7 - Denis Sytnik 7 (43., Rasmus Christiansen 6)

# Ekkert drápseðli hjá Val

**Eyjamenn börðust eins og grenjandi ljón fyrir stigi á Vodafone-vellinum gegn Val í gær og uppskáru eins og þeir sáðu. Eftir að hafa lent marki og manni undir komu Eyjamenn til baka og jöfnuðu leikinn. Valsmenn að vonum svekktir.**

**FÓTBOLTI** „Við erum mjög ánægðir með stigið úr því sem komið var. Þetta var víti en ég er ekki viss með rauða spjaldið. Ef þetta var viljandi þá er Yngvi Magnús afbragðsgóður markvörður," sagði Tryggvi Guðmundsson, leikmaður ÍBV, í leikslok eftir 1-1 jafntefli við Val að Hlíðarenda í gærkvöldi.

Valsmenn fengu sannkallaða óskabyrjun þegar dæmt var víti á Yngva Magnús Borgþórsson á 21. mínútu fyrir að verja boltann með hendinni á marklínu. Magnús Þórisson dómari sendi Yngva í sturtu með rauðu spjaldi. Albert Sævarsson varði hins vegar glæsilega frá Hauki Pál Sigurðssyni úr vítaspyrnunni.

Strax í næstu sókn komust Valsmenn hins vegar yfir þegar Atli Sveinn Þórarinsson þrumaði boltanum í netið af stuttu færi eftir einbeitingarleysi í vörn Eyjamanna. Valsmenn voru líklegri til að bæta við marki og fáliðaðir Eyjamenn beittu skyndisóknum.

Jöfnunarmark Eyjamanna kom eftir slæm varnarmistök Valsmanna. Martin Pedersen átti slaka sendingu tilbaka sem Denis Sytnik komst inn í, lék á Kjartan Sturluson í markinu og afgreiddi boltann í netið. Úkraínumaðurinn þurfti hins vegar að fara af velli í kjölfarið vegna meiðsla.



**BARÁTTA** Valsarinn Atli Sveinn Þórarinsson og Eyjamaðurinn Tryggvi Guðmundsson berjast hér um boltann í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég er mjög svekktur með að hafa ekki náð þremur stigum. Við náðum ekki að nýta okkur liðsmuninn og bera upp boltann. Við stjórnuðum leiknum frá a til ö en náðum ekki að fylgja eftir góðri byrjun," sagði Gunnlaugur Jónsson, þjálfari Valsmanna.

Í síðari hálfleik lágu Eyjamenn tilbaka og freistuðu þess að ná skyndisóknum. Valsmenn fengu mörg góð færi en Albert Sævarsson stóð vaktina vel í marki ÍBV. Það skorti kraft og dug í leik Valsmanna. Á tíðum voru Eyjamenn líka heppnir og fullsvalir í sínum varnaraðgerðum.

Í raun fengu Eyjamenn besta færi síðari hálfleiks þegar Kjartan í marki Vals, varði vel frá James Hurst úr hættulegri aukaspyrnu. Jafntefli voru því sanngjörn úrslit að Hlíðarenda og var gaman að sjá karakterinn í Eyjaliðinu. Valsmenn geta hins vegar verið ósáttir með að nýta liðsmuninn ekki betur.

„Við byrjuðum mjög vel og vorum ógnandi," segir Gunnlaugur. „Eyjamenn tvíeflast við markið okkar og fengu blóðið í tennurnar. Við áttum að fylgja mun betur og drepa þennan leik. Það vantar drápseðlið í Valsmenn en það mun koma. Eyjamenn berjast alltaf og við þurftum að mæta þeim. Ég er búinn að spila við Eyjamenn síðan í fimmta flokki og þeir eru alltaf eins."

- jjk


Hágæða ofnar á áður óþekktu verði

VOTTUÐ GÆÐAVARA

EURO handklæðaofn beinn hvítur 50x80 cm

8.490

EURO Panelofn 50x120 cm

15.490

MARGAR STÆRÐIR

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

KRANAR OG HITASTILLAR FRÁ Danfoss

EURO handklæðaofn kúptur króm 50x80 cm

15.490

MARGAR STÆRÐIR

Kletthálsi Rvk
Akureyri
Suðurnesjum
Húsavík
Flúðir

Meiri gæði / Lægra verð

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


Fimm leikir á aðeins átta dögum á Vodafone-velli Valsmanna:

# Höfum eðlilega stórar áhyggjur

**FÓTBOLTI** Það hefur verið mikið álag á Vodafone-vellinum undanfarna daga og verður áfram næstu vikuna. Nú hafa tveir leikir farið þar fram á jafn mörgum dögum og eru þrír leikir til viðbótar á dagskrá á næstu viku. Alls fara fram fimm leikir á vellinum á aðeins átta dögum.

„Við höfum eðlilega stórar áhyggjur af þessu," sagði Ótthar Edvardsson, framkvæmdastjóri Vals, við Fréttablaðið. „Völlurinn hefur litið mjög vel út en það myndi sjá á hvaða velli sem er eftir svona törn. Ég held þó að hann muni þola þetta," bætti hann við.

Theódór Hjalti Valsson er vallarstjóri Vals og bindur helst vonir við að það rigni ekki mikið á næstu dögum.

„Það væri betra að geta stýrt því sjálfir hvenær völlurinn er vökvaður enda er álagið of mikið miðað við hvað það er stutt liðið af sumrinu," sagði Theódór. „En við erum með mannskap til að vinna í vellinum á milli leikja og þurfum sjálfsagt að grípa til einhverra ráðstafana eftir þessa törn."

Völlurinn kemur annars vel undan vetri og segir Theódór að það sé ekki síst undirhitakerfi hans að þakka.

„Þetta er í raun í fyrsta sinn sem við notum undirhitann að einhverju ráði. Hann var ekki tengdur fyrr en um mitt síðasta sumar og svo lítið notaður fyrr en um haustið þegar það snjóaði skömmu fyrir Evrópuleik hjá meistaraflokki kvenna. En hitinn hefur hjálpað til og við munum áfram nota hann eitthvað út þennan mánuð."

- esá

**Fimm leikir á átta dögum**

**Leikir á Vodafone-vellinum:**

| | |
|---|---|
| 16. maí: | Haukar - FH |
| 17. maí: | Valur - ÍBV |
| 20. maí: | Valur - Breiðablik |
| 22. maí: | Valur - Fylkir* |
| 24. maí: | Haukar - ÍBV |

**Í Pepsi-deild kvenna. Aðrir leikir í Pepsi-deild karla.*



**VODAFONE-VÖLLURINN** Er undir miklu álagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HLEÐSLA** ÍÞRÓTTADRYKKUR | 100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN




# MEST SELDI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI

**HLEÐSLA ER NÚ MEST SELDI OG VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI.***
**VIÐTÖKURNAR HAFA FARIÐ FRAM ÚR OKKAR BJÖRTUSTU VONUM. VIÐ VINNUM NÚ HÖRÐUM HÖNDUM AÐ ÞVÍ AÐ FRAMLEIÐA NÆGA HLEÐSLU FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA Á HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU EÐA MILLI MÁLA. VIÐ ÞÖKKUM KRAFTMIKLAR VIÐTÖKUR.**

**MJÓLKURSAMSALAN**

*SAMKVÆMT SÖLUTÖLUM ACNIELSEN OG CAPACENT 1. FEBRÚAR - 28. MARS 2010.

ÍSLENSKA SIA.IS MSA 50254 05/10

> **Larry David**

„Mér finnst bæði niðurlægjandi og vandræðalegt að máta buxur. Það fylgir sama vonda tilfinningin og þegar maður lendir í vandræðum með konu.“

***Larry David er mættur með sjöundu þáttaröðina af Curb Your Enthusiasm. Þátturinn er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld kl. 21.45***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR TÁRAST, HNEYKSLAST OG HRISTIR HAUSINN

# *Mannvonskan í sinni skýrustu mynd*

Mannfólkið virðist oft á tíðum orðið dofið og ónæmt fyrir mannlegri eymd. Við horfum á sprengjur falla í Írak og Afganistan, heyrum tölur af gríðarlegu mannfalli, hlustum á fréttir af mannskæðu námuslysi í Kína og hristum það af okkur eins og pirrandi flugu. Setjum kannski upp áhyggjusvip í örfáar sekúndur þegar spjallið berst að málunum í kaffitímanum en hættum svo iðulega að hugsa um það og lesum heldur slúðrið um Britney Spears.




Svo koma myndir sem dvelja með manni og fá mann til að velta hlutunum svolítið fyrir sér. Ein slík var sýnd í sjónvarpinu á sunnudagskvöldið og heitir Nanking. Þar segir af innrás Japana í Nanking í Kína í upphafi seinni heimstyrjaldarinnar. Japönsku hermennirnir gengu um og myrtu fjölda Kínverja og nauðguðu stúlkum og konum á öllum aldri. Myndin er leikin heimildarmynd þar sem blandað er saman leik frægra leikara og frásögnum þeirra sem voru á staðnum, bæði kínverskra fórnarlamba og japanskra hermanna. Átakanlegar lýsingar fórnarlambanna fengju hvern mann til að gráta en verst þótti mér þó glaðhlakkaleg lýsing gamals japansks manns um það hvernig hann og aðrir japanskir hermenn hefðu nauðgað stúlkum sér til dægrastyttingar.

Eftir sat ég með óbragð í munni og þá von að slíkir atburðir yrðu öðrum víti til varnaðar. Hið sorglega er þó að óhæfuverk eru unnin í öllum stríðum og þau eru örugglega enn framin í dag.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **20.00** Wayne's world 2 STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Accidentally on purpose SKJÁREINN



▶ **21.00** Bones STÖÐ 2



▶ **21.50** That Mitchell and Webb Look STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.15** Langrækni SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.00 Íslenski boltinn**
**15.45 Alla leið** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jimmy Tvískór** (5:13)
**17.52 Sammi** (7:52)
**18.00 Múmínálfarnir**
**18.25 Chris á skólabekk** (1:3)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Að duga eða drepast** (4:10)
**20.55 HM 2010** (1:4) Á fjögurra ára fresti keppa bestu landslið heims á HM í fótbolta. HM 2010 er upphitun fyrir mótið sem hefst 11.júní í sumar. Þetta eru fjórir þættir, þar sem Þorsteinn J. fer vandlega yfir Heimsmeistaramótið í fótbolta í Suður-Afríku í júní.
**21.25 Leiðin á HM** (13:16) Upphitunarþættir fyrir HM í fótbolta sem hefst í Suður-Afríku 11. júní. Að þessu sinni eru kynnt lið Japans og Gana.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
▶**22.15 Langrækni** (Unforgiven) (1:3) Nýr breskur myndaflokkur í þremur þáttum. Ruth Slater er látin laus eftir 15 ára fangelsisvist vegna morða á tveimur lögregluþjónum og þá rifnar ofan af löngu grónum sárum.
**23.05 Lögregluforinginn - Brottnámið** (The Commander: Abduction) (3:3) (e)
**23.55 Kastljós (e)**
**00.25 Fréttir (e)**
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Are We Done Yet?**
**10.00 Flubber**
**12.00 Iron Giant**
**14.00 Are We Done Yet?**
**16.00 Flubber**
**18.00 Iron Giant**
▶**20.00 Waynes' World 2** Sjálfstætt framhald gamanmyndarinnar vinsælu Wayne's World með Mike Myers í aðalhlutverki.
**22.00 Lemming**
**00.10 Irresistible**
**02.00 Yes**
**04.00 Lemming**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Einu sinni var** (12.22)
**10.55 Tískulöggurnar**
**11.45 Numbers** (14.23)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Good Night, and Good Luck**
**14.30 Notes From the Underbelly** (9.10)
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Risaeðlugarðurinn**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (15.22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (2.24)
**19.45 How I Met Your Mother** (18.20)
**20.10 How I Met Your Mother** (13.24)
**20.35 Modern Family** (16.24) Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerða nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.
▶**21.00 Bones** (15.22)
**21.45 Curb Your Enthusiasm** (4.10)
**22.15 Daily Show. Global Edition**
**22.45 Grey's Anatomy** (21.24)
**23.30 Ghost Whisperer** (14.23)
**00.15 Good Night, and Good Luck**
**01.45 Xanda**
**03.20 How I Met Your Mother** (18.20)
**03.45 How I Met Your Mother** (13.24)
**04.10 Modern Family** (16.24)
**04.35 Curb Your Enthusiasm** (4.10)
**05.05 The Simpsons** (15.22)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.**

## SPORT besta sætið

**07.00 Grindavík - Keflavík**
**17.40 Ensku bikarmörkin 2010** Farið yfir allar viðureignir umferðarinnar í ensku bikarkeppninni í knattspyrnu.
**18.10 Grindavík - Keflavík**
**20.00 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða

á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.
**21.00 Fréttaþáttur** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem skyggnst er á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**21.30 Bestu leikirnir. Breiðablik - Grindavík 26.05.08**
**22.00 Valero Texas Open** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**22.55 NBA körfuboltinn. NBA 2009/2010 - Playoff Games** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA körfuboltans.

## SPORT 2 enski boltinn

**17.50 Arsenal - Man. Utd.**
**19.35 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**20.30 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**21.00 Pep Guardiola** Þættir um fremstu knattspyrnumenn sögunnar en að þessu sinni verður fjallað um núverandi þjálfara Barcelona, Pep Guardiola
**21.30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.
**22.00 Man. City - Sunderland**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.00 Girlfriends** (18.22) (e)
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Spjallið með Sölva** (13.14) (e)
**18.55 H2O** (1.26)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (42.50) (e)
**19.45 King of Queens** (13.24)
**20.10 Accidentally on Purpose** (17.18) Bandarísk gamanþáttaröð um konu á besta aldri sem verður ólétt eftir einnar nætur kynni með ungum fola.
▶**20.35 Accidentally on Purpose** (18.18)
**21.00 Eureka** (1.18) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ þar sem helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst.
**21.50 The Good Wife** (19.23) Bandarísk þáttaröð um konu sem snýr aftur til starfa sem lögfræðingur eftir að eiginmaður hennar lendir í kynlífshneyksli og er dæmdur í fangelsi fyrir spillingu í opinberu starfi.
**22.40 Heroes** (15.19) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrulegum hæfileikum. Noah og Matt finna leið til að fella Samuel en hann er sjálfur með ýmislegt á prjónunum.
**23.25 Jay Leno**
**00.10 CSI** (12.23) (e)
**01.00 The Good Wife** (19.23) (e)
**01.50 King of Queens** (13.24) (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Gestir Ingva Hrafns eru Magnús Hreggviðsson um kaup og sölu fyrirtækja og Ragnar Önundarson um skaðabótaskyldu erlendra kröfuhafa.

**21.00** Græðlingur Guðríður Helgadóttir sýnir réttu handbrögðin við garðyrkjustörfin.

**21.30** Mannamál Sigmundur Ernir Rúnarsson alþingismaður brýtur málin til mergjar.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



BASLER

20% afsláttur
af öllum BASLER-vörum út maí!

Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770 Tízkuhús, stofnsett 1963

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20:35**

**MODERN FAMILY**



Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerða nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum allt of vel. Í þætti kvöldsins þurfa fjölskyldumeðlimir að horfast í augun við eigin ótta.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**HM 2010**

**Sjónvarpið kl. 20.55.**



Á fjögurra ára fresti keppa bestu landslið heims á HM í fótbolta. HM 2010 er upphitun fyrir mótið sem hefst 11. júní í sumar. Þetta eru fjórir þættir, þar sem Þorsteinn J. fer vandlega yfir Heimsmeistaramótið í fótbolta í Suður-Afríku í júní. Gestir hans eru Auðunn Helgason, Hjörvar Hafliðason, Hjörtur Júlíus Hjartarsson og Pétur Hafliðason.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Söngfuglar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Flakk
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Norðan við stríð
**15.32** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.15** Auglýsingar
**18.16** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Ekkert eins og var
**21.20** Tríó
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Fimm fjórðu
**23.10** Sumar raddir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors**

**20.15 Ally McBeal** (7/22) Ally tekur að sér mál prests sem missti vinnuna þegar hann tapaði trúnni á Guð og John reynir allt hvað hann getur að bjarga jólunum í litlum smábæ þar sem borgarstjórinn bannar jólaskrúðgöngur.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.50 That Mitchell and Webb Look** (4/6) Skemmtilegur grínþáttur uppfullur af frábærum sketsum með þeim félögum David Mitchell og Robert Webb. Þeir slógu í gegn í Peep Show og í þessum þætti fara þeir á kostum og bregða sér í allra kvikinda líki.

**22.20 American Idol** (38/43) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins fjórir bestu söngvararnir eru eftir. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings.

**23.05 American Idol** (39/43) Nú kemur í ljós hvaða þrír keppendur halda áfram í American Idol og eiga áfram von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.

**23.50 Supernatural** (11/16)

**00.30 The Doctors**

**01.15 Ally McBeal** (7/22)

**02.00 Sjáðu**

**02.30 Fréttir Stöðvar 2**

**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.10** The Inspector Lynley Mysteries **10.55** The Inspector Lynley Mysteries **11.40** The Vicar Of Dibley **12.10** The Vicar Of Dibley **12.40** My Hero **13.10** My Hero **13.40** The Green Green Grass **14.10** The Green Green Grass **14.40** Hustle **15.30** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** The Green Green Grass **18.00** After You've Gone **18.30** Waterloo Road **19.20** Dalziel and Pascoe **20.10** After You've Gone **20.40** Strictly Come Dancing **22.30** Robin Hood **23.15** After You've Gone **23.45** Waterloo Road

## DR 1

**12.10** The Vicar Of Dibley **12.40** My Hero **13.10** My Hero **13.40** The Green Green Grass **14.10** The Green Green Grass **14.40** Hustle **15.30** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** The Green Green Grass **18.00** After You've Gone **18.30** Waterloo Road **19.20** Dalziel and Pascoe **20.10** After You've Gone **20.40** Strictly Come Dancing **22.30** Robin Hood **23.15** After You've Gone **23.45** Waterloo Road

## NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bygdeliv **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Ut i naturen **18.15** Pakket og klart **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.30** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.15** Guess Who **22.55** Norskere enn norsk **23.30** Svisj gull

## SVT 1

**12.15** Vi på Väddö **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Landgång **15.25** Mitt i naturen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Inför Eurovision Song Contest 2010 **19.00** Godnatt älskade **20.00** Dox. Guerilla - kidnappningen av Patty Hearst **21.30** Kommissarie Winter **22.30** Bubblan **23.00** Det kungliga bröllopet **00.00** Attentatet mot Richard Nixon




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég er reyndar í fæðingarorlofi en ég hef verið að spila disk sem heitir Bíum bíum eftir Halldór B. Warén. Þetta eru barnalög á spiladós og það fylgja textar þannig að maður getur sungið með. Þetta er rosalega sniðugt. Ég mæli með þessu.“*

Guðrún Heimisdóttir dagskrárgerðarkona.

# Hera Björk baðst afsökunar á öskunni

Fyrsta æfing íslenska Eurovision-hópsins fór fram í Telenor-höllinni í Osló í gær. Hera klæddist Eurovision-kjólnum sem er rauður að lit og góður rómur var gerður að flutningi hópsins. Hera var sjálf ákaflega ánægð með flutninginn þegar Fréttablaðið náði tali af henni skömmu eftir að hún var laus úr klóm eldheitra Eurovision-blaðamanna. „Þetta gekk rosalega vel, núna vinnum við bara með Norðmönnunum til að fá það fram sem við viljum á sviðinu og þeir eru allir af vilja gerðir,“ segir Hera.

Miðað við myndband sem hægt var að finna á Eurovision-vefsíðunni esctoday.com þá virðist sviðið vera eilítið lágstemmt en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst stendur til að „tóna“ aðeins niður Eurovision-glamúrinn sem náði að margra mati hámarki í Rússlandi í fyrra.

Hera hefur vakið mikla athygli í Noregi, heitir Eurovision-aðdáendur þekkja hana vel frá síðustu þremur keppnum þar sem Hera hefur sungið bakraddir og söngkonan varð að gefa sér smá tíma til að sinna aðdáendum sínum í strætó í Osló í gær. Söngkonan sló síðan á létta strengi á blaðamannafundi strax eftir æfingu. Þar baðst hún meðal annars afsökunar á öskunni frá Eyjafjallajökli en askan hefur hindrað komu bresku og írsku þátttakendanna til Oslóar með þeim afleiðingum að þeir misstu af fyrstu æfingu. Þá söng Hera með bakröddunum sínum laglínur bakradda úr þekktum íslenskum Eurovision-slögurum undir gítarspili Péturs Arnar. -fgg



**MÆTT TIL LEIKS** Eurovision-kjóll Heru Bjarkar eftir Birtu Björnsdóttur er rauður. Fyrsta æfing hópsins í Telenor-höllinni gekk vel. MYND/GIEL DOMEN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** vafra, **6.** kraðak, **8.** meðal, **9.** eldsneyti, **11.** tveir eins, **12.** afspurn, **14.** gistihús, **16.** mun, **17.** viður, **18.** skörp brún, **20.** klaki, **21.** réttur.

**LÓÐRÉTT 1.** frásögn, **3.** fisk, **4.** sumbl, **5.** kraftur, **7.** sammála, **10.** arinn, **13.** sigað, **15.** dó, **16.** ílát, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ráfa, **6.** ös, **8.** lyf, **9.** gas, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** hótel, **16.** ku, **17.** tré, **18.** egg, **20.** ís, **21.** ragú.

**LÓÐRÉTT: 1.** sögu, **3.** ál, **4.** fyllerí, **5.** afl, **7.** samhuga, **10.** stó, **13.** att, **15.** lést, **16.** ker, **19.** gg.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á blaðsíðu 8.

1. Starfsfólk í byggingariðnaði og veitingarekstri.
2. Talsmaður lyfjarisans Roche.
3. Sveinn Arason.






THE SIMPSONS: HÓMER BRENNDUR FYRIR FRAMAN LANDSBANKANN

# Íslensk mótmæli í Simpsons

Landsbankanum og bálreiðum íslenskum mótmælendum bregður fyrir í nýjasta þættinum um Simpsons-fjölskylduna sem sýndur var í Bandaríkjunum á sunnudagskvöld. Í þættinum sést hvar hópur Íslendinga með mótmælaspjöld brýtur sér leið inn í „National Bank of Iceland“ en það hét Landsbankinn á ensku. Á mótmælaspjöldunum má meðal annars sjá strikað yfir IMF eða Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og svo illskiljanlegar setningar á borð við „neitun Hómer“, „við vilja okkar peninga!“ og „segra upp nú“ en telja verður líklegt að handritshöfundar Simpsons hafi leitað til Google/translate-forritsins og treyst á að það myndi reynast öruggt.

Söguþráðurinn í þættinum er á þá leið að Springfield, heimabær Simpsons, á í miklum fjárhagserfiðleikum. Borgarstjórinn tilkynnir miklar sparnaðaraðgerðir sem felast meðal annars í því að hætt verður að hirða upp dauð dýr, kennsla í skólum er skorin niður og hættuminnstu föngunum er sleppt. Í kjölfarið hrynur fasteignamarkaðurinn og flestir af nágrönnum Simpson-fjölskyldunnar neyðast til að selja hús sín. Hómer verður stórhrifinn af nágrannahúsinu eftir að hann rennur á gómsæta smákökulykt og tekur lán fyrir kaupunum. Hann er hins vegar aðeins of seinn því fasteignasalinn hefur þegar fundið kaupanda að eigninni. Hómer bregst illa við og útskýrir fyrir fasteignasalanum að hann hafi tekið lán sem þegar hafi verið selt til banka, vogunarsjóða og annarra lánastofnana um allan heim. Og í þeim töluðu orðum er kastljósinu beint að mótmælunum við Landsbankann þar sem æstir Íslendingar vilja drepa Hómer og brenna eftirmynd af honum. Í bakgrunni má sjá íslenska fánann og loks taka tveir menn tal saman. „Við eigum að minnsta kosti Bjólf,“ segir einn en hinn svarar að bragði. „Við eigum hann ekki.“ - fgg, afb




### SKRUMSKÆLD ÍSLENSKA

Mótmælin fyrir framan Landsbankann í The Simpsons eru nokkuð sérstök. Í bakgrunni má sjá ekta íslenskt landslag með hefðbundinni íslenskri kirkju og fagurri fjallasýn. Áletranir mótmælaspjaldanna eru hins vegar augljóslega fengnar frá þýðingarforritinu google/translate því kröfurnar eru flestar óskiljanlegar. Íslendingarnir ákveða að henda múrsteini í íslenska skjaldamerkið, brenna eftirmynd af Hómer Simpson og bölsótast yfir þeirri staðreynd að Bjólfur sé ekki íslenskur.






### ÍSLAND Í THE SIMPSONS

Ísland hefur áður komið fyrir í teiknimyndunum frægu um gulu fjölskylduna frá Springfield. Carl Carlson, sem vinnur með Hómer í kjarnorkuverinu, er þannig sagður vera frá Íslandi. Hann eyddi í það minnsta æskuárunum sínum á Íslandi eins og kom fram í fjórtándu seríunni. Þá var bjart allan sólarhringinn í Springfield og Carl minntist þess að svona hafi þetta verið í bernsku hans á Íslandi. Í einum þætti tólftu seríunna ganga Marge og Hómer framhjá matsölu sem bar heitið: What They Eat in Iceland eða „Það sem Íslendingar borða.“

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Grínistinn **Steindi Jr.** sló rækilega í gegn með bráðfyndnu tónlistaratriði í þættinum Steindinn okkar á föstudag. Í atriðinu sjást meðal annars Páll Óskar og Jói Fel í hnífaslag og Jón Ársæll grilla á sér hendina. Steindi setti atriðið inn á vefsíðuna Youtube um helgina og það hafði verið skoðað um 16.000 sinnum þegar þetta er skrifað. Ekki nóg með það, þá var atriðið í 18. sæti yfir mest skoðuðu grínmyndböndin í gær á þessari vinsælustu myndbandasíðu heims.



Hinn sérstaki saksóknari **Ólafur Þór Hauksson** hefur vaxið í áliti víða eftir vasklega framgöngu gegn lykilmönnum hjá hinum fallna banka Kaupþingi. Ekki virðast þó allir tilbúnir til að viðurkenna ágæti Ólafs eða sætta sig við aðferðir hans. Þannig heyrast sögur innan úr Arion-banka, sem reistur var á rústum Kaupþings, að Ólafur hafi fengið viðurnefnið „Heavey Special“. Virðist biturðin í bankakerfinu brjótast fram á ýmsa vegu.

Tónleikar **Sindra Sigfússonar** og hljómsveitarinnar Seabear eru taldir upp með tónleikum gítargoðsagnarinnar Erics Clapton og hljómsveitarinnar Dinosaur Jr. meðal þeirra viðburða sem hæst ber þessa vikuna í Bretlandi. Það var blaðið Sunday Times sem útbjó listann, þar sem Seabear er líkt við bandaríska tónlistarmanninn Sufjan Stevens og kanadísku hljómsveitina Arcade Fire. Seabear er þessa dagana á tónleikaferð um Evrópu til að fylgja eftir nýjustu plötu sinni, We Built A Fire, sem hefur fengið góðar viðtökur. - afb, hdm, fb




Stúdentastjarnan og -rósin 2010

fallegar stúdentsgjafir sem fást hjá okkur

Stjarna 14 kt. gull kr. 10.900,-
Stjarna úr silfri, næla kr. 4.900,-
Rós 14 kt. gull kr. 12.900,-




PIPAR\TBWA · SÍA · 100954

JÓN & ÓSKAR

www.jonogoskar.is Laugavegur 61 / Smáralind / Kringlan


# Ellefan flytur á Hverfisgötu

Össur Hafþórsson, eigandi Reykjavík Ink og skemmtistaðanna Sódómu og Ellefunnar, keypti nýverið húsnæðið sem áður hýsti Kaffi Cultura á Hverfisgötu og stendur til að færa hinn goðsagnakennda Bar 11 þangað yfir.

„Við keyptum húsið fyrir nokkrum dögum og er ætlunin að færa Bar 11 yfir í nýtt og betra húsnæði innan skamms. Til stendur að hafa djasstónleikastað í kjallara hússins. Á miðhæðinni verður svo kaffihús og veitingastaður og á efri hæðinni verður barinn,“ segir Össur sem rekur staðinn ásamt eiginkonu sinni Lindu Mjöll Þorsteinsdóttur, Eyvindi Eggertssyni og Einari Braga Jónssyni.

Hinn nýi Bar 11 verður opnaður formlega þann 28. maí næstkomandi og verður gamla húsnæðið kvatt með virktum um næstu helgi. „Ellefan hefur hingað til í raun bara verið virk um helgar en með þessu verður hægt að færa meira líf í staðinn. Þar að auki erum við með fínan pall á bak við húsið þar sem fólk getur notið sólarinnar á góðviðrisdögum. Veitingastaðurinn verður einnig góð viðbót, en við hyggjumst bjóða upp á dvergborgara, sem er uppskrift frá mér sjálfum, hestaborgara auk annarra rétta,“ útskýrir Össur.

Inntur eftir því hvað gert verði við gamla húsnæði Ellefunnar segir Össur að þar verði opnaður nýr bar sem fær hið skemmtilega nafn Eyjafjallajökull. „Í gamla húsnæðinu opnum við barinn Eyjafjallajökul þar sem trúbadorstemningin verður ríkjandi. Í haust ætlum við svo að breyta þessu í sædýrasafn með utanáliggjandi vatnsrennibraut. Ég hef heyrt að Hanna Birna borgarstjóri sé mikill dýravinur og geri því ráð fyrir að hún taki vel í þessi áform okkar,“ segir Össur kampakátur. - sm



**ELLEFAN FLYTUR** Össur Hafþórsson, lengst til vinstri, undirbýr flutning Bars 11 á Hverfisgötu. Með honum á myndinni eru Linda Mjöll, Eyvindur og Einar Bragi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# -5kr.

## DÆLULYKILL

# Atlantsolíudagur

Í dag veitir dælulykill Atlantsolíu **5 króna afslátt** fram til miðnættis. Lykillinn er ókeypis. Aukaafsláttur dagsins bætist ekki ofan á önnur afsláttarkjör.



**Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is**

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Lónsbraut 2, 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

ÍSLENSKA SIA.IS AOL 49320 02/10

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI



### Tvöfalt leðurafmæli

Plötusnúðurinn **Sóley Kristjánsdóttir** og eiginmaður hennar, Freyr Frostason arkitekt, héldu sameiginlega afmælisveislu á skemmtistaðnum Austur um helgina. Sóley fagnaði þrítugsafmæli sínu og Freyr fertugsafmæli sínu. Að auki fögnuðu þau þriggja ára brúðkaupsafmæli. Þema kvöldsins var tengt brúðkaupsafmælinu; gestir skyldu klæðast leðri. Sumir tóku þær hugmyndir lengra en aðrir. Jón Atli Helgason, tónlistar- og hárgreiðslumaður, var leðurklæddur frá toppi til táar og skartaði til að mynda glæsilegum leðurhatti og GusGus-maðurinn **Stebbi Steph** mætti í sérsaumuðum þýskum lederhosen.



### Úr ýmsum áttum

Starfsreynsla sex efstu manna Besta flokksins er æði fjölbreytileg en svo margir fulltrúar flokksins verða í borgarstjórn ef marka má nýjustu skoðanakönnun. Leiðtoginn Jón Gnarr er grínisti, **Einar Örn Benediktsson** er framkvæmdastjóri, Óttarr Proppé er bóksali, tveir þeir síðarnefndu eru reyndar þekktari fyrir feril sinn í tónlist. Elsa Yeoman sem er í fjórða sætinu er smiður og sjálfstætt starfandi kona, Karl Sigurðsson sem skipar fimmta sætið er tölvunarfræðingur og tónlistarmaður og tómstundafræðingurinn Eva Einarsdóttir er í sjötta sætinu. **- hdm / sbt**



## Mest lesið vísir.is

1. Bjarki Már: Ég er ekki skrímsli
2. Íhuga að sniðganga Ísland
3. Sveik út milljarða til að njóta virðingar
4. Eldur í barnavagni í Breiðholti
5. Börnin rata ekki lengur heim
6. Spáir truflunum á flugsamgöngum í áratugi vegna íslenskra eldgosa











